

Sendandi: Björn Róbertsson, Vesturbergi 70
Dags: 14/2/2012
Mál.nr.: 268, lagafrumvarp 140. löggjafarþingi
Málsheiti: Landslénið .is og önnur höfuðlén

Sem starfsmaður ISNIC finnst ég mér knúinn til að leggja fram minn skilning á þessum drögum, rýni og gagnrýni.

Álit mitt er ekki endilega álit fyrirtækisins og ég sendi þetta í mínu nafni.

Auðvitað ræður fyrst ákveðin ótti við að með þessum reglum séu íslensk stjórnvöld að setja fyrirtækinu svo miklar hömlur að starfsemi og starfsmönnum sé bráð hætta búin, enda markmiðið eingöngu að leyfa hverju fyrirtæki að reka hlutverkið í 5 ár. Hver sá starfsmaður sem áður hefur sinnt starfi sínu af kostgæfni, vitandi það að starfstíminn hefur nú verið takmarkaður, kostir og gæði skorin niður, getur varla haldið áfram á sömu braut, vitandi af mögulegum breytingum. Nokkrar erlendar skráningastofur ganga undir starfsleyfi, t.a.m. AFNIC (Frakkland), en þar er skýrt tekið fram í lögum að: endurskoðun starfsleyfi sé gerð áður en síðasta ár leyfistímabils hefst og að auki má e-r aðili innan evrópusambands hafa hlutverkið (þ.e. ekki binding að Skráningarstofa sé innlend).

Ég hef á tilfinningunni að höfundar hafi sennilega ekki kynnt sér á fullnægjandi máta starfsemi IANA, ICANN, CENTR eða RIPE (t.d. með þáttöku á fundum og námskeiðum sem eru í boði á hverju ári). Ef svo væri þá myndi bæði tæknileg atriði og formleg atriði vera betur sett fram. Ef markmið Póst- og Fjarskiptastofnunar er að læra betur á þessi atriði með fjárframlögum (skatti) frá ISNIC vil ég spyrja - er það eðlilegt form eða nauðsynlegt?

Einnig er til vefur, sem er samansafn af fréttum úr DNS heiminum, www.domainnews.com - þar er hægt að lesa um breytingar og þróun mismunandi höfuðléna, þar á meðal var .fr opnað fyrir alla Evrópubúa í desember.

Internetið hefur oft verið nefnt opið og frjálst - hugmyndir um það byggja flestar á því. Ákvæði frumvarps eru alfarið að taka einn þátt sem er mjög mikilvægur í rekstri netkerfa og færa fullkomlega undir ritskoðunarvald ríkisvalds og ákvarðanir skyndilega færðar í hendur ríkisstofnunar.

Landslén eru oft rekin af óháðum aðilum sem lúta lögum og ákvörðunum t.d. ICANN, en frumvarpið gefur beint vald til ríkisstofnunar.

M.v. að núverandi rekstrarform hafi haldið í yfir 15 ár - og hefur tryggt öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að lénum, hvernig býr ríkið til nauðsyn þess að setja um þau lög sem gjörbreyta annars rekstraröryggi núverandi rekstraraðila?

4. gr. segir "sem lýtur einni stjórn", svo er ekki. Varpanir á milli IP talna og nafna lýtur ekki sömu stjórn, er ekki endilega uppsett á sömu nafnaþjónum og mismunandi aðilar geta haft stjórn á vörpun þar á milli og er algengara form.

Lén og undirlén hafa vissar skilgreiningar og skráningar í lénaskrá geta innihaldið vörpun í IP tölur eða önnur nöfn.

Vörpun IP talna (hið svokallaða in.addr-arpa lén) vísar í öfuga uppfléttingu IP talna og er skráð sérstaklega af þeim sem úthlutar IP netum.

Að segja að Íslensk Höfuðlén séu með sérstaka skírskotun til Íslands eða vísa til Íslands er auðvitað ekki hægt að sannreyna á nokkurn máta, t.d.

fyrirtæki sem hefur starfstöð á landinu hefur eðlilega "rétt" til léns, einnig fyrirtæki sem skráð hefur einkaleyfi þótt það hafi enga starfstöð, en er komið með "tengsl" við landið, einnig innflytjandi matvöru - þessi regla hefur alltaf gert .is lénið opið fyrir ýmsum aðilum sem hafa lausleg tengsl við landið. Með þessu skráningarformi hefur því viðkomandi lén enga skírskotun til Íslands eða tilvísun, en samt eðlilega hæft til skráningar.

Setninging væri því eingöngu til að hamlu mögulegum skráningum.

Að sama skapi, væri skráning óháð efni eða útgefnum/birtum vefum - enda dæmi t.d. um bílaframleiðendur og söluaðila, sem fylgja reglum um einkaleyfi - þar sem engar íslenskrar upplýsingar eru birtar á vefum. Er til dæmis ætlunin að hindra slík lén eða vefi?

Aðili gæti einnig hafa haft tengsl við landið, á að kanna það reglulega og taka af viðkomandi lénið ef hann sínir þau ekki reglulega?

Ég skil ekki kröfu um Starfsleyfi og síðan frekari kröfur (lesist takmarkanir) um starfstofu. Sennilega finnst mér hart vegið að fyrirtæki og að kröfurnar passi ekki í lýsinguna á endanum. Sé nauðsynlegt að Skráningarstofa reki sitt hlutverk án þess að verkefnið blandist saman við annan rekstur, getur enginn, án þess að stofna sérstaklega um það rekstur, tekið við hlutverkinu. M.v. minn skilning, gæti það því orðið skúffurekstur hjá stærri aðila - sem gæfi verkefninu takmarkaðan mannafla - og myndi þar með sjálfkrafa draga úr þjónustu, gæðum og öðrum þáttum.

Í 6. grein liggur fyrir að P&F getur, útfrá kröfum laganna, hreinlega skilgreint gjaldskrá sem gerir Skráningarstofu ókleyft að standast kröfurnar?

Má eingöngu bæta við kvöðum en ekki fjarlægja?

Um 7. grein:

a) óskilgreindar kröfur um að aðili sem ekkert hefur að gera með fjarskiptanet að öðru leyti en RIX, sem fyrst og fremst þjónar tengdum aðilum sem nýta þjónustuna fyrir sína notendur, og varla hægt að fylgja eftir.

b) Réttthafaskrá (whois) er í sjálfu sér ekki "nauðsynleg"

c) Seinni hlutinn, um að tryggja að nafnaþjónustua fyrir lén réttthafa er ekki rétt skilgreining á starfi skráningarstofu. Skráningarstofa skal tryggja það að upplýsingar sem Réttthafi leggur fram um nafnaþjóna síns léns séu birtar á fullnægjandi máta og geri lén Réttthafa virkt í höfuðnafnaþjónum lénsins. Orðalagið annars gerir það að ábyrgð Skráningarstofu að nafnaþjónar þjónustuaðila séu ætíð virkir og uppsettir rétt? Það er líka í ósamræmi við það sem seinna er lagt fram sem verkefni Skráningarstofu.

d) Skráningarstofa getur ekki "tryggt" aðkeypta þjónustu, t.d. Anycast ský eða DNS þjónustu ytri/erlends aðila umfram prófanir og eftirlit.

f) Ef um er að ræða ISO staðla, er þegar búið að takmarka aðila sem geta sótt um hlutverkið. Einnig ef krafa um aðskilinn fjárhag - sér kennitölu, þá þarf nýjar úttektir.

g) Skráningaraðilar hafa nú þegar aðgang að upplýsingum um lénaskráningar sínar, án endurgjalds. Væntanlega er vísað í API aðgang sem vísar í "beinan" aðgang að gagnagrunni Skráningarstofu.

i) sjá athugasemdir um c)

Ef Skráningarstofa veitir ytri aðila fullan aðgang að Rétthafaskrá, gildir þar með réttur til breytinga á skránni? Eru ekki brotalamir á því, eða spurningar um persónuvernd sem geta komið í veg fyrir það?

9. grein. S í skráningarstofu skástrikað, en hvernig á Skráningarstofa að bera ábyrgð á vistun rótarnafnaþjóns á Íslandi, rekstraraðilar rótarnafnaþjóna gætu neitað að hýsa nafnaþjón hjá Skráningarstofu - RIPE hýsir rótarnafnaþjón hjá núverandi aðila (ath. búnaður er í eigu Skráningarstofu) þar sem hann getur verið beintengdur RIX búnaði - og er það krafa RIPE.

Þessi grein setur einnig lög um RIX og afrit rótarnafnaþjóns í hendur P&F.

10. grein, tekur úr höndum skráningarstofu og samfélagsins rétt til að gera athugasemdir eða jafnvel að hafna breyttum reglum, sem er núverandi háttur.

11. grein:

Framþróun er hindrað með kröfu um tengsl við Ísland, endi hafi verið unnið að því að auka aðgengi að .IS lénaskráningum sbr. mörg önnur erlend lén, "liberation". Skráningarstofa getur ekki staðfest að Rétthafi sé fjár síns ráðandi, nema að takmörkuðu leyti varðandi kennitölur íslenskra barna. Sé um erlendann rétthafa að ræða, hvort sem það sé með eða án umboðsmanns, er ekki hægt að staðfesta þetta atriði.

13. grein, skv. RFC stöðlum er mælt til að endingartími léns fari allt upp í 10 ár.

14. grein, ferill umskráningar hefur ekki verið þannig í langan tíma og er á fáum stöðum. Einnig hafa mörg lönd, t.d. Holland nú síðast, unnið að því að einfalda rétthafabreytingar. Holland fagnaði því í síðustu viku að 75% rétthafabreytinga geti nú gengið eftir án afskipta Skráningarstofu (SIDN).

15. grein. Hingað til hefur skráningarstofa eingöngu fylgt tilmælum dómsstóla um lénaskráningar. Neytendastofa hefur tekið við verkefni um réttmæti lögaðila. Með þessari breytingu opnast fyrir ákvarðanir "eftir atvikum" og "önnur stjórnvöld" til að hafa áhrif á rétt Rétthafa. Þar með er fullkomin ritskoðun í gangi, varðandi lén. Hugmynd um "frjálst og opið internet" því horfin.

"Gjaldskrá skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna", og ræður þá P&F framlegð með ákvörðunarvaldi um gjaldskrá?

"tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu", það er engin sambærileg þjónusta sem hægt er að taka mið af, lagt hefur verið fram yfirlit yfir gjaldskrár nokkurra Evrópuþjóða um gjaldskrá - þar kemur fram að núverandi gjaldskrá er hófleg.

Samskipti um internetið eiga sér stað með IP samskiptastöðlum. TCP er hluti af IP samskiptastöðlum, sem ber ýmsar þjónustur, t.d. vefþjónustu. Nafnaþjónusta styðst aðallega við UDP samskiptastaðla.

"samanstendur af 27.000 netum"? Sennilega mikið fleiri, er þetta tilvísun í tengipunkta?

TCP/IP ætti aldrei að nota - eingöngu IP nema þegar vísað er í sérstaka umferð sem nýtir sér TCP, UDP eða annað form (t.d. ICMP).

Þótt að markmið lagasetningar sé t.d. að auka gæði, má benda á að .IS er í 13 sæti þegar kemur að öryggi og gæðum léna, og í raun 8 sæti fyrir "virk" Evrópulén. Það sé því skýr merki að núverandi reglur og umsýsla hafi hindrað notkun lénsins í misnotkun og "spam". Þar með er erfitt að skilja verndun lénsins, umfram að styrkja núverandi rekstur.

Engar tryggingar eru fyrir því að vafasöm starfsemi sé ekki þegar rekin yfir lénið eða verði í framtíðinni. Líkurnar á að finna út úr því eru mjög takmarkaðar, enda ekki öll umferð birt eða læsileg. Sbr. ef settar væru reglur um fjarskiptavirki símafyrirtækja að "enga vafasama starfsemi má reka í gegnum síma". Hvernig?

"Auðveldur og ódýr aðgangur á lénum ætti jafnframt að auka fjölda skráninga og stuðla að framþróun" - þessi setning lýsir framsetningu sem er gölluð. Lénaskráningar fylgja ákveðinni vaxtaformúlu, hún er almennt um 11-20%. Vöxtur .IS léna er um 16% á ári, jafnvel eftir kreppu og er því mjög góð, m.t.t. annarra landa og almennra léna. Kostnaður .IS léna í samanburði við Evrópulönd og önnur landalén sýnir að .IS passar við miðgildi frekar en hæsta gildi. Landalénið .IS er einnig eitt minnsta landalén og er dreifing .IS léna miðað við höfðatölu mjög góð, t.d. í samanburði við .FI (Finnland) er dreifingin tvöfalt hærri. Þ.e. 8 manns á lén, á móti 16 manns á lén fyrir .fi.

Þó er rétt að lækkun á gjaldi getur aukið skráningar, en reynsla ISNIC sýnir að hún er tímabundin kippur í skamman tíma og síðan tekur fasta vaxtarkúrfan við.

Kína er besta dæmið um skaðsemi þess að fjölga lénum - enda voru 30% af kínverskum lénum fjarlægð á síðasta ári (þar sem Ríkisstjórnin setti ákvæði um skráningar) og af þeim var mikið notað í óvænum tilgangi, til að auglýsa og misnota netið. Því er kostnaður við lén einn öflugasti varnarþáttur fyrir óværu - og McAfee skýrslan sýnir að "ódýrasta" lénið er "versta" lénið, og .COM lén eru minnst áreiðanleg af öllum.

Ekkert annað landslén tilheyrir Íslandi, lögin ætla sér einnig að ná yfir tengd lén - sem er undarlegt, en kannski skiljanlegt - en nokkur lönd hafa t.d. bannað viss heiti (landfræðileg, kóngafjölskyldunöfn...), á að láta lögin ná yfir allt sem mögulega tengist landinu og ef erlendur aðili skráir höfuðlén - sem með einum eða öðrum hætti er hægt að tengja við Ísland, hvað á að gera?

Ekki á að blanda saman lénaheitakerfi og innihaldi vefs, enda er þar ekki neitt skýrt sambengi. Ekki er nauðsynlegt að nýta sér lénaheiti, íslenskt eða erlent til að birta efni á netinu - ekki eru skýrar aðferðir til sem hindra slíka birtingu eða auðvelda að uppræta slíkt efni. Samstarf á milli aðila er nauðsynlegt og löggjöf um það ætti að vera fullkomlega aðskilin frá þessum drögum.

Landslénið .is er álíka auðlind og símanúmer - þú veist t.d. aldrei hvar hvor aðilinn er staðsettur. A talar við B. Löggjöfin gerir skýrari reglurnar og krefst þess að hver sem notar .IS lén fari eftir íslenskum lögum (ekki nóg að hann fari eftir settum reglum um úthlutun, sem er gott). Hinsvegar er ég ósammála nokkrum atriðum framsetningar, enda getur löggjöfin ekki hindrað framfæri notenda (hvort sem það er A eða B) um síðsemi eða löglega framkomu. En lög ættu að vera skýr og til staðar teymi sem getur elt uppi báða aðila þegar þeir gera sig

sannarlega seka um slíka framkomu (t.d. CERT teymi). Það teymi ætti að hafa rétt til þess að hafa aðgang að þeim upplýsingum hjá hvaða fjarskiptaveitu sem gæti innihaldið upplýsingar um notkun þessara aðila og aðgengi - innan þeirra takmarkanna sem landslög setja, og vera í sambandi við aðila í öðrum löndum.

Ef auðlindin er í almannaeygu, eru þá einnig hagsmunir almennings að endurheimtur af auðlindinni séu hámarkaðar - auðlindin er ekki takmörkuð eins og lýst er, enda alltaf möguleikar á samsetningum sem fólki dettur í hug. Augljóslega eru vissar takmarkanir, t.d. fjöldi "eins" og "tveggja stafa" léna takmarkaðar - en fjöldi léna er síðan hægt að uppreikna "fjöldi leyfilegra stafa" ^ "lengd léns", augljóst er að samsetningar léna er ótakmarkaðar. T.d. eru lénaskráningar undir .com léninu 90 milljónir - og mætti því bera þær tilgátur að .IS lénaskráningar _gætu_ jafnvel orðið það margar t.d. ef allir sem eiga .com lén vildu eiga sama .is lénið.

Samanburður t.d. við Finland, og FICORA er auðvitað réttmætur, þar sem um landalén er að ræða - hinsvegar er ákveðin forsaga að því hvernig .FI var rekið áður, á ófullnægjandi máta og hvernig hlutverkinu var endurúthlutað.

Einnig var .au endurúthlutað til stofnunnar fyrir um 10 árum, eftir að hafa verið rekið af einstakling. Dæmi um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi hafa yfirleitt tengst umfangi og aðstæðum, rekstraraðilar .au voru of fáir og of smátt rekstrarformið að geta viðhaldið skráningum fyrir lénið.

Breytingar á núverandi fyrirkomulagi fylgja því ekki - heldur virðist vera "af því að nágrennar okkar gera það", þá skulum við líka.

Starfsemi höfuðléna hvers lands er einhliða hlutverk - sem yfirleitt er rekið af sjálfstæðu fyrirtæki eða stofnun sem hlýtur lögum og að einhverju leyti stjórn ríkisvalds. Til að hindra mismunun gildir reglan um eitt verð til allra og opið aðgengi allra að lénaskráningum. Er þar með hindrað að mismunum geti orðið í markaðsemi .IS léna.

Afturhvarf er til hugmynda um að rétthafa skuli sýna fram á tengsl við Ísland - eina mögulega leiðin til þess er að nota kennitölur Íslendinga sem "Tengilið Rétthafa" eða skráð fyrirtæki. Erfitt er fyrir slíka aðila að staðfesta og rýna í plögg frá erlendum aðilum og sannreyna uppruna þeirra og eðli. Því skyldi ætla að ekki sé um rökréttan mun - að leyfa eða hafna erlendum aðilum beinum aðgangi að Skráningarstofu með eða án þess að krefja þá um sannanleg skilríki, eða skjöl sem staðfesti að þeir hafi lögleg, sterk eða rík tengsl við Ísland á nokkurn máta.

ISNIC viðheldur reglum um að Rétthafaskrá skuli innihalda sannanlegar og réttar upplýsingar, ásamt kvöðum um að viðhalda þeim. Einnig skal vera hægt að hafa samband við og staðfesta viðkomandi aðila/Rétthafa annars verði lénaskráningu lokað og á endanum eytt. Ekki reyndist möguleiki á að staðfesta erlenda einstaklinga umfram þessa kröfu, þ.e. að krefjast skilríkja þegar efi er um réttmæti skráningar.

Aðrar leiðir, t.d. "Umboðsmenn" flytur þessa ábyrgð á staðfestingu á þriðja aðila - sem felur í sér umtalsvert traust - þá bæði til Umboðsmanns og væntanlegs Rétthafa sem sannfærir umræddan Umboðsmann um rétt sinn til skráningar léns og um hans persónu og/eða fyrirtækis.

Endurupptaka Umboðsmanna er vís til að fjölda röngum skráningum í Rétthafaskrá (Umboðsmenn voru vísir til að skrá lén rangt og illa). Sama gildi um "Skráningaraðila", eins og skráð þjónustufyrirtæki.

Nokkur dæmi um rangar og slæmar skráningar voru rangfærslur með Rétthafa, umboðsmenn/þjónustuaðilar skráðu sig sem rétthafa, upplýsingar um tengiliði voru misgóðar, allt frá því að vera tæknilega réttar (þ.a.

greiðandi fékk reikninga) og út í að vera fullkomlega rangar - þannig að enginn viðeigandi aðili fékk tilkynningar.

Ég ítreka því - að endurupptaka á kröfum um tengsl við Ísland (og þá sérstaklega í gegnum Umboðsmenn) er slæm hugmynd og hindrar þar með aðgengi allra að lénaskráningum og gæti skilað afleiðu sem segir að aðili

(lögaðili) sem hefur neikvæð tengsl við landið hafi þar með ekki rétt til .IS lénsins, eða ritskoðun.

9. grein skýrir að Skráningarstofa beri ábyrgð á að _höfuð_nafnaþjónar séu aðgengilegir fyrir íslensk lén - en fyrri greinar frumvarps aðgreina ekki þá staðreynd.

Undirritaður telur ekki orðalag um að ekki megi nýta lén eða skrá í ólögnum tilgangi - er það svipað og að segja við einstakling sem kaupir síma eða fær símanúmer "þú mátt ekki kaupa þennan síma eða nota í ólöglegum tilgangi". Eins er ekki rætt um hvort sá tilgangur gæti verið ólöglegur skv. íslenskum eða erlendum reglum, en höfundaréttur er alþjóðlegur og brot á honum augljóslega víðtæk - en birting af spámanni múslima er bara ólögleg á takmarkaðan máta, svo og aðför að vissum þjóðarleiðtogum. Verður regluverkið sem leyfir "stjórnvöldum" að ákveða hvað er og er ekki löglegt, þannig gert að "stjórnvald" geti valið að láta fjarlægja lén eftir geðþóttaákvörðun?

umfjöllun um 12. grein, "umsækjandi" er ekki alltaf rétthafi

umfjöllun um 13. grein er kannski óljós m.t.t. 60 daga reglunnar eins og hún er í dag, t.d.: Falli skráning Rétthafa niður, t.d. vegna greiðslu, hefur Skráningarstofa heimild til að telja að viðkomandi óski ekki eftir áframhaldandi skráningu lénsins og má því loka léninu (eða gera óvirkt í höfuðnafnaþjóni).

Fylgjandi hóflegum tíma - sem gerir Rétthafa kleyft að endurvekja lénið - má Skráningarstofa fjarlægja lénið og upplýsingar um það úr Rétthafaskrá og bjóða það laust til skráningar fyrir nýjann aðila. Dæmi um hóflegan tíma (grace period) eru t.d. 15 dagar fyrir .com, 45 dagar fyrir mörg landalén og 60 dagar fyrir .is lén.

umfjöllun um 14. grein. Framsal OG breyting á léni er núna ein aðgerð, framkvæmd af tengilið léns og staðfest af Tengilið Rétthafa. Ekki þarf frekari aðkomu Skráningarstofu nema Rétthafi verði erlendur aðili (án kennitölu).

Ekkert "eðlilegt" verð er til fyrir landalén. .COM lén kosta 15 - 35 USD á ári hjá "ódýrum" skráningaraðilum, .COM lén eru 90 milljón og skráningarstofa (Verisign) fær rúmlega USD 7 fyrir hvert lén og ICANN 18cent.

Ef markmiðið er að bera saman .IS og .COM lén út frá verði þarf að huga að stærð .COM markaðarins. Nærtækt dæmi væri frekar .IE (Írland) sem hefur tvöfalt fleiri lén en .IS en verðskráin eru eins fyrir lén skráð beint hjá Skráningarstofu, en hægt er að skrá lén í gegnum skráningaraðila fyrir lægra stofngjald - gildir þá að skráningaraðili selur þér þá

viðbótarþjónustu sem bindur þig í 6-12 mánuði. Sama gildir um mörg önnur landalén, þar sem rétthafa er bent á að skrá lénið í gegnum þriðja aðila.

Aðrir hlutir sem undirritaður gæti gert athugasemdir um eru t.d. hæfi aðila til að reka DNS kerfi. Þrátt fyrir að margir þjónustuaðilar á Íslandi eru hæfir um rekstur á tölvukerfum og hafi til þess jafnvel vottun og gæðastimpla, er það ekki jafngildi þess að rekstur landaléns falli undir reynslu eða þekkingu þeirra aðila.

Núverandi rekstraraðili hefur sýnt og sannað ágæti sitt til þessa hlutverks í yfir 15 ár og hefur til þess aðstoð tæknimanna sem bera með sér mikla kunnáttu og margra ára reynslu í sviðinu. Sé krafa um skráningarstofu útfærð sem Útboð - hlýtur sá sem best býður að vinna verkið, enda dugir aldrei annað. Með því má einnig draga þá ályktun að sá sem býður að reka .IS lénið með sem minnstum tilkostnaði og skila mestu í ríkiskassan muni gera það með sem minnstum útgjöldum. Þar með hlýtur að koma upp sú staða að Skráningarstofa myndi ekki sinna fullkomlega hlutum eins og kennslu og áhersla á framþróun væri minni.

Það er mín staðfasta trú að núverandi rekstrarform og rekstraraðili sé fullkomlega fær um að sinna þessu hlutverki um ókomna framtíð og að það sé ekki hægt að finna, á Íslandi, fyrirtæki sem getur vill eða mun gera það af sömu natni eða gæðum.

Það er jafnframt mín trú og skilningur að verðið, sem er rætt um hér, sé ekki rétt að lækka til að bæta aðgengi, en lækkun á gjaldi gæti t.a.m. átt sér stað með sér skattaprósentu fyrir lén, o.fl. aðferðum sem ekki rýra gildi lénsins eða skráningarstofu.

Ég er jafnframt viss um að yfirtaka ríkis á skráningarstofu .IS geti rýrt álit samfélagsins á hlutverkinu og rýrt þekkingu og gæði .IS lénsins í heild sinni. Samkomulag um yfirtöku væri hollráð með samvinnu samfélagsins, innanlands og utan að mínu mati og myndi þjóna hagsmunum allra og myndi gera alla áhættu laganna og reksturs einkahlutafélags mun áreiðanlegri.

Ég tel rétt og eðlilegt að lögín séu búin til að það verði til regluverk um íslenska landalénið, viðbrögð við misnotkun og ef tengsl við fjarskiptamál eru svo rík sem talið er, að það hljóti að vera eðlilegt að binda reksturinn við opinberar stofnanir.

Kv,
Björn Róbertsson
kt. 040573-4029
Kerfisstjóri ISNIC

Alþingi
Erindi nr. P 140/1337
komudagur 1.3.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd

**skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Efni: Umsögn Jens Péturs Jensen og Maríusar Ólafssonar stjórnenda höfuðlénsins .is um frumvarp til laga um landslénið .is

Formáli. Umsögn þessi er lögð fram af stjórnendum Internets á Íslandi hf. (ISNIC) til viðbótar við umsögn félagsins sem unnin er af lögfræðistofunni LOGOS. Þessi umsögn inniheldur tillögur ISNIC um þær greinar frumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við. Henni fylgir líka hugmynd að lagafrumvarpi, sem m.a. byggir á sænsku lögunum um landslénið .se og fyrirbyggjandi frumvarpi. Það er einlæg von okkar að Alþingi taki tillögur þessar til greina landsléninu .is til góðs.

„Sé spurt hver á internetið, er svarið: Spurningin sem slík er óviðeigandi, internetið er fyrir alla, alls staðar og á öllum tímum.“ Þannig kaus Jon Postel, einn af helstu upphafsmönnum netsins, að svara spurningunni á sínum tíma. Síðan þá er talað um hlutverk og skyldur þeirra sem reka netið, fremur en hver eigi það. Enginn einn aðili hvorki má né getur tekið sér ákvörðunarrétt yfir netinu eða ákveðnum hluta þess. Þetta hefur þó verið reynt af ríkisstjórnnum víða í heiminum, nú síðast með fyrirbyggjandi frumvarpi. Slíkt má ekki verða. Þótt núverandi stjórnvöld kunni að fara vel með það vald sem frumvarpinu er ætlað að færa þeim, er óvíst að svo yrði um alla framtíð. Þess vegna má það ekki verða að lögum óbreytt.

Internet á Íslandi hf. (ISNIC) var stofnað 1995 til þess að taka við hlutverkinu um að koma netinu á koppinn á Íslandi af forrennara sínum, Samtökum um rannsóknar- og háskólanet á Íslandi (SURÍS) sem stofnað var 1986 og lagt niður eftir stofnun ISNIC. Síðan þá hefur félagið sinnt hlutverkinu og rekið landslénið .is af samvisskusemi og heiðarleika gagnvart öllum - eins og mælt er fyrir um í RFC 1591 - staðlinum sem segja má að sé hvítbók netsins um allan heim. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að „óformlegar kvartanir frá árinu 2005“ séu meðal tilefna lagasetningarinnar. Þetta er fyrirláttur stjórnvalda sem vilja ná yfirráðum yfir landsléninu eftir að hafa selt meirihlutann í félaginu frá sér.

Fyrir árið 2007 var helst bent á að árgjald .is-lénsins væri hátt og mun hærra en í stóru löndunum í kring. Eðli málsins samkvæmt var árgjald landslénsins lengi vel nokkuð hátt í samanburði við margfalt stærri lén stóru nágrannalandanna, en í fullu samræmi við lén Færeyja og Grænlands og reyndar líka Luxemborgar, Eistlands og Írlands, svo dæmi séu tekin. Árgjöld landsléna fara í mörgum tilfellum (ekki öllum) eftir fjölda skráðra léna undir viðkomandi höfuðléni. Stofngjald .is-lénsins (sem var kr. 4.486) var fellt niður í nóvember 2008 og við það lækkaði fyrsta árs gjaldið um heil 36%, fór úr kr. 12.450 í 7.918. Árgjald lénsins lækkaði síðan aftur í nóvember 2011, þá um 12,5%, (kr. 1.000) og er nú kr. 6.982 m. vsk. Verðið er í fullu samræmi við smásöluverð margra landsléna í Evrópu og sérstaklega þeirra sem eru með svipaðan fjölda skráðra léna á bak við sig. Dæmi: .lu (Luxemborg), kostar \$45 og .ee (Eistland)

kostar \$85 með 17% vsk. hjá Euro DNS, sem er mjög stór skráningaraðili. Landslénið .is kostar um \$56 m. 25,5% vsk. Árgjaldið er nú aðeins tæplega 1/3 hluti þess sem það var að raungildi árið 2000. Fá ef nokkur önnur innlend fyrirtæki geta státað af slíkri verðlækkun á vöru eða þjónustu og alls engar opinberar stofnanir eða fyrirtæki. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir áframhaldandi lækkun árgjaldsins samfara auknum fjölda léna eins og lesa má í frétt frá 11. desember 2011 um síðustu verðlækkun á vef félagsins, www.isnic.is. ISNIC þætti vænt um ef þeir sem um félagið fjalla geri það af sanngirni og nákvæmni.

Ríkissjóður og Háskóli Íslands seldu eins og kunnugt er meirihluta sinn í félaginu gegn háu verði árið 2000 til Íslandssíma hf. sem þá var nýstofnað símafélag. Netsamfélaginu þótti miður að starfsemin skyldi lenda hjá símafélagi, en þekkt er að þau töldu á þessum tíma netið ógna tilveru sinni. Íslandssími, sem síðar varð Vodafone og hluti Teymis hf. (sem hvarf í hruninu) átti rúmlega 92% hlut í ISNIC til ársins 2007 þegar núverandi stjórnarmenn, ásamt Íslandspósti hf. (sem er 100% í eigu ríkisins) keyptu hlutinn.

Á tímabilinu 2000-2006 var fjárfesting félagsins og þróunarstarf í algjöru lágmarki. Við kaupin á hlutum Teymis fjölgaði hluthöfum ISNIC úr 13 í 26 og ríkissjóður eignaðist á ný myndarlegan hlut, eða 18,65% í gegnum Íslandspóst. Samtals eiga opinberu aðilarnir í hópi hluthafa; Alþingi, Norræna eldfjallamiðstöðin og Pósturinn, nú rúmlega 20% hlut í Interneti á Íslandi hf.

Á árinu 2008 sagði Tæknigarður hf. félaginu upp skrifstofu- og hýsingaraðstöðu þess að Dunhaga 7 í Reykjavík, sem það hafði haft á leigu allt frá upphafi starfseminnar 1986. Forsvarsmenn félagsins áttu fund með rektor Háskóla Íslands í því augnamiði að fá ákvörðuninni hnekkt. Bent var á mikilvægi sterkra tengsla félagsins og landslénsins við háskólasamfélagið og ýmsum möguleikum í þeim efnum varpað fram. Á þessum tíma stóðu jafnframt vonir til þess að Háskólinn gæti orðið hluthafi í félaginu á ný. Ekkert heyrðist frá Háskólanum í um eitt ár, en uppsögnin var síðan ítrekuð af hálfu Tæknigarðs hf. vorið 2009. Það var við þessar aðstæður sem ákvörðunin um að flytja starfsemina úr Tæknigarði í Höfðatorg var tekin. Samfara flutningnum, sem var mjög flókin og dýr framkvæmd og stóð yfir frá haustinu 2009 fram í apríl 2010, þótti nauðsynlegt að endurnýja nánast allan búnað félagsins (tvöfalda hann) til þess að tryggja órofa þjónustu við landslénið og aðra starfsemi eins og internettengipunkturinn (RIX.is) sem einnig hefur verið endurnýjaður og uppfærður. Vegna eðlis starfseminnar og öryggissjónarmiða var jafnframt ákveðið að leigusamningur skyldi gerður til 20 ára með einhliða uppsagnarákvæði fyrir ISNIC eftir 10 ár.

Eins og sjá má í ársreikningum félagsins, sérstaklega árin 2008, 2009 og 2010, hljóp kostnaður og fjárfesting vegna flutningsins á tugum milljóna króna á sama tíma og félagið velti innan við 200 mkr. á ári. Frá árinu 2007 til 2011 hefur félagið fjárfest meira en nokkru sinni áður í hugbúnaðarþróun, vélbúnaði og aðstöðu, með þeim árangri að fjölgun léna hefur aldrei verið meiri en á undanförunum fimm árum. Hagnaður félagsins árið 2011 nam 55,2 mkr. af 230 mkr. veltu, en til samanburðar nam hann 52,4 mkr. 2006 af aðeins 111 mkr. veltu. Skýringin fólst í miklum fjármunatekjum vegna lántöku fyrri eigenda hjá félaginu og lítills þróunarkostnaðar.

Nú stendur ISNIC frammi fyrir því að innanríkisráðuneytið og Póst- og fjarskiptastofnun vilja með lögum gera starfsemina háða leyfisveitingu, starfsemi sem ríkið seldi meirihluta sinn í árið 2000, en veita aðilanum sem hefur séð um reksturinn á landsléninu í 25 ár á þessu ári svokallað rekstrarleyfi til fimm ára án nokkurrar vissu um framlengingu. Aukinheldur skal skattleggja félagið með 4,9% lénaskatti og leggja á það önnur mjög íþyngjandi ákvæði sem

varða innri starfsemi þess. Allir sjá að þetta er bæði ósanngjarnt og gengur þvert gegn markmiði frumvarpsins um að tryggja hátt öryggi og hagkvæmni við rekstur landslénsins.

Frumvarpið er í veigamiklum atriðum samið án samráðs við starfsmenn og stjórn ISNIC, eða netsamfélagið, ólíkt því sem haldið er fram í athugasemdum þess. Hins vegar hefur Póst- og fjarskiptastofnun haft mikið um frumvarpið að segja, sem skýrir ákvæðið um 4,9% veltuskatt á lén sem renna á til stofnunarinnar, ásamt mjög víðtækum valdheimildum fyrir hana sem m.a. veita stofnuninni heimild til að hafa eftir atvikum *eftirlit með starfsemi réttihafa* [léna] eins og segir í 15. gr. ISNIC fullyrðir að hvergi í Evrópu sé að finna meiri valdheimildir fyrir eftirlitsstofnun yfir landsléni en hér er lagt til (sjá fylgiskjal með könnun frá CENTR.org). Vinnan við frumvarpið var að mestu unnin árin 2008 og fram á mitt ár 2009, en síðan það var fyrst lagt fram hefur það engum breytingum tekið þrátt fyrir ábendingar. Hins vegar hafa orðið mikilvægar breytingar á sviðinu á undanförunum árum og sérstaklega 2011 með nýjum áherslum ICANN um höfuðlén. Má t.d. nefna nýlegar mikilvægar breytingar á lénaþögum Noregs og Frakklands þessu til stuðnings. Er frumvarpið m.a. sökum þessa þegar orðið úrelt að ýmsu leyti. Þetta sýnir mikilvægi þess að vanda vel til verka við setningu laga og ritun lagatexta um jafnvægi svið og netið vissulega er. Einmitt þess vegna var sænski lagatextinn hafður mun almennari en sá sem hér er til umfjöllunar.

Starfsmaður innanríkisráðuneytisins spurði undirritaða vorið 2011 hvernig ISNIC sæi fyrir sér að lögin ættu að vera. Því var svarað með því að benda á sænsku lögin um sama efni, eins og áður hafði verið gert, en þau eru yngst og best lénaþaga Norðurlandanna. Punktur SE er jafnframt stærsta landslénið á Norðurlöndum með 1.200.183 skráð lén þegar þetta er ritað. Það er á engan hallað þó fullyrt sé að Stiftelsen för Internetinfrastruktur (skráningarstofa .se) standi fremst á meðal jafningja í þessum efnum á Norðurlöndunum. Nefndin sem skóp sænsku lögin var skipuð fremstu sérfræðingum á þessu sviði, en meginniðurstaða hennar var að setja starfseminni almenn lög fremur en sértæk til þess að hefta ekki þróun starfseminnar. Í ljósi áhuga innanríkisráðuneytisins kostaði ISNIC þýðingu á sænsku lögunum og réði meistaranema í lögfræði við H.Í., sem m.a. hefur setið námskeið í lagasetningu, til að vinna að hugmynd að lagafrumvarpi sem byggir á sænsku lögunum annars vegar og hins vegar á því besta úr fyrirbyggjandi frumvapi, en þar má vissulega margt gott finna. Vinna þessi skal nú færð stjórnvöldum og Alþingi að gjöf (skjal 2) með ósk um að bæta megi fyrirbyggjandi frumvarp landsléninu til góðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1.-2. gr.:

1. gr. frumvarpsins hljóðar nú svo: „Íslenska ríkið fer með ákvörðunarrétt yfir landsléninu .is. Hið sama gildir um önnur íslensk höfuðlén.“

ISNIC bendir á að bandaríska fyrirtækið ICANN Inc. fer með yfirstjórn internetsins í umboði bandarískra stjórnvalda og þar með ákvörðunarréttinn yfir öllum höfuðlénunum þess, þ.m.t. landsléninu „.is“. Bandaríkin ráða þannig „de facto“ yfir Internetinu, án þess að hafa nokkru sinni notað það mikla vald. Ákvörðunin um að úthluta Íslandi „.is“, en ekki einhverju öðru landi (t.d. Israel) byggir einfaldlega á alþjóðastaðlinum ISO 3166 um skammstöfun á ríkjanoðnum.

Til skýringar má nefna að sama gildir um „IS“ merkingu bílnúmera á íslenskum ökutækjum og landsnúmerið 354 byggir líka á alþj. staðli, svo dæmi sé tekið.

Internet á Íslandi hf. (áður SURÍS) var úthlutað hlutverkinu um rekstur og stjórnun landslénisins „.is“ með vitund og vilja íslenskra stjórnvalda 1987 eins og fram kemur réttilega í III. kafla greinargerðar frumvarpsins. ISNIC hafnar því algerlega að löggjafanum sé stætt á að setja inn ákvæði sem nemur í raun brott starfsgrundvöll félagsins án þess að bætur komi fyrir.

Í 1. og 2. gr. er talað um landslénið .is og „önnur íslensk höfuðlén“. Í dag er ekki til að dreifa fleiri íslenskum höfuðlénom en .is, en nýlega var ákveðið að opna fyrir stofnun nýrra höfuðléna, þ.e. beint undir rót lénakerfisins, og því má búast við að á næstu árum verði stofnuð fjölmörg ný höfuðlén. Þess vegna er nauðsynlegt að löggjafinn kveði skýrlega á um hvaða höfuðlén teljast íslensk í skilningi laganna. Af athugasemdum við frumvarpið má ráða að merking orðanna „íslensk höfuðlén“ sé afar rúm og er því t.a.m. slegið föstu að .reykjavík sé íslenskt höfuðlén. Þetta hlýtur að þýða að ef Reykjavíkurborg sækir um það höfuðlén til ICANN og yrði rétt hafi þess, þyrftu borgaryfirvöld að sækja um starfsleyfi, tímabundið til fimm ára, til Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 1. mgr. 5. gr. og taka þátt í opnu og gagnsæju ferli á fimm ára fresti, auk þess að greiða 4,9% af bókfærðri veltu til stofnunarinnar skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. Er þetta raunverulegur vilji löggjafans? Hversu langt verður seilst? Er .össur íslenskt höfuðlén, sem stoðtækjafyrirtækið mun þurfa að sækja um tímabundið starfsleyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar til að fá að nota? Hvað með eiganda Kyrrahafseyju sem sækir um til ICANN og fær úthlutað höfuðléninu .island?

Svo virðist sem hvorki inntak né áhrif ákvæðanna hvað þetta snertir hafi verið hugsuð til enda. Farsælla væri að viðurkenna sem er, að lögin taka aðeins til landslénisins .is. Til að gera ráð fyrir þeim möguleika að Ísland fái, af þar til bærum alþjóðlegum aðila, úthlutað fleiri höfuðlénom í framtíðinni mætti taka fram að lögin tækju einnig til slíkra höfuðléna. Þyrfti í athugasemdum við frumvarpið að mæla fyrir um þrönga túlkun þess hvort höfuðlén heyri undir lögin, enda ljóst að sú rúma túlkun sem þar er nú boðuð fælir hugsanlega stofnendur nýrra höfuðléna frá því að láta þau skírskota til Íslands, þar sem ófýsilegt hlýtur að teljast að reka höfuðlén í svo íþyngjandi lagaumhverfi, ef hjá því verður komist. Fær það illa samrýmst því sem kemur fram í athugasemdum að sé meginmarkmið frumvarpsins, „að tryggja bæði gæði og framþróun á sviði lénaumsýslu [...]“ (skál. höf.).

Lagt er til að 1. gr. falli brott og að 2. gr. verði breytt til samræmis við ofanritað og hljóði á þessa leið: „Lög þessi eiga við um tæknilegan rekstur landshöfuðléna sem úthlutað er Íslandi til notkunar á Internetinu, ásamt nafnaþjónustu fyrir lén og skráningu léna undir þeim landshöfuðlénom.“

Markmið laganna er í þágu almannahagsmuna að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum landshöfuðlénom, að tryggja tengsl þeirra við Ísland og að tryggja gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með slík höfuðlén.“

Um 3. gr.:

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir:

„Póst- og fjarskiptastofnun veitir skráningarstofu íslenskra höfuðléna starfsleyfi [...]“

ISNIC hafnar þessu ákvæði, allavega hvað hvað landslénið .is varðar, og sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir tímabundnu leyfi til skamms tíma. Þróunarstarf ISNIC verður strax sett í uppnám verði ákvæðið að veruleika óbreytt. Sem dæmi um verkefni sem sett yrði í uppnám má nefna að ISNIC hóf nýverið innleiðingu á nýju öryggiskerfi fyrir DNS-þjónustur sem kallast „DNSSEC“

(DNS Security). Um er að ræða einu mestu breytingu sem átt hefur sé stað í DNS umhverfinu og áætlað er að minnst tvö ár taki að koma breytingunni á koppinn.

Lagt er til að í stað ákvæðisins í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi ákvæði: „Eftirlitsaðili skal viðhafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í lögnum.“

ISNIC varar sterklega við að starfsleyfi um rekstur á höfuléni verði veitt til skamms tíma í senn. Slíkt fyrirkomulag samrýmist engan veginn þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til rekstursins, heldur myndi augljóslega ýta undir skammtímasjónarmið hjá rekstraraðila. Ákvæðið um tímabundið starfsleyfi gengur þannig þvert gegn markmiðum frumvarpsins um öryggi og stöðugleika eins og þau eru sett fram í 2. mgr. 2. gr. þess.

Um 5. gr.:

Lagt er til að 5. gr. falli brott, en til vara að starfsleyfi verði ótímabundið og það aðeins afturkallað, uppfylli leyfishafi ekki skyldur sínar skv. lögum.

Fallist nefndin ekki á að fella 5. grein brott leggur ISNIC fram eftirfarandi hugleiðingu:

Setja mætti á fót nefnd skipaða sérfræðingum á sviði internetmáia og iögiærðum einstakiingum, sem sæi um úthiutun og afturköiun starfsieyfis til skráningarstofa. Myndi hún meta hvort skráningarstofa uppfylli í upphafi þær tæknilegu kröfur sem nauðsynlegt er til reksturs landshöfuðléns og yrði leyfið ekki afturkallað á meðan viðkomandi skráningarstofa uppfyllir skilyrði laganna. Fela mætti ráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um þessa nefnd, þ. á m. skipan hennar, starfstíma nefndarmanna o.s.frv., og hugsanlega áfrýjunarnefnd, innan marka sem ákveðin væru í lögnum.

Um 6. gr.:

6. gr. frumvarpsins fjallar um skilyrði starfsleyfis.

B-liður 1. mgr. hjóðar svo: „að greitt sé árlegt rekstrargjald sem nemur 4,9% af bókfærðri veltu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Skal álagning og innheimta fara skv. 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun,“.

ISNIC áréttar tillögu sína um að 5. gr. falli brott, en það hefði í för með sér að breyta yrði fyrirsögn og orðalagi 6. gr.

Lagt er til að í stað ákvæðisins í b-lið 1. mgr. 6. gr. komi ákvæði sem hljóði svo: „að greitt sé gjald samkvæmt reikningi, tvisvar til fjórum sinnum á ári, sem nemur þeim tilkostnaði sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur haft af eftirliti með viðkomandi skráningarstofu samkvæmt lögum þessum“. Þetta er í fullu samræmi við samskonar ákvæði í norsku lögnum um sama efni en Norid er eina skráningarstofan sem greiðir slíkt gjald. Engin þeirra 29 skráningarstofa í Evrópu sem svöruðu könnuninni (sjá bls. 4 í skjali nr. 3) þarf að greiða sérstakan lénaskatt eða veltutengt gjald eins og hér er lagt til. Þá fullyrðir ISNIC að áætlaður kostnaður PFS vegna eftirlitsins með ISNIC sé grófllega ofmetinn og vísar í því sambandi t.d. í töflu á öftustu blaðsíðunni í gögnum um áætlaða fjárpörf PFS (sjá skjal nr. 4) en þar kemur m.a. fram að PFS áætla að það taki einn mann þrjá mánuði á ári að „framkvæma útboð“ sem samkvæmt 5. gr. frumvarpsins á að gerast á fimm ára fresti! Vinnubrögð þessi eru óásættanleg.

Verði farið að þessum tillögum yrði ISNIC gert ómögulegt að setja veltuskattinn inn á reikninga

fyrir árgjöldum léna eins og annars liggur beinast við að gert yrði verði ákvæðið að lögum. Fáí ákvæðið að standa óbreytt gengur það bersýnilega gegn markmiðum frumvarpsins, en í athugasemdunum segir meðal annars að „mikilvægt [sé] að tryggja með hlutlægum hætti öruggan og ódýran aðgang að lénunum undir íslenskum höfuðlénunum [...]“ (skál. höf.). Í þessu sambandi er jafnframt bent á að ekki fer saman að bjóða ódýr lén og örugg lén. Um það vitna ársskýrslur McAfee (öryggis- og rannsóknarfyrirtæki), sem m.a. er vitnað til í athugasemdum með frumvarpinu.

C-liður 1. mgr. hljóðar svo: „að ársreikningar leyfishafa séu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir Póst- og fjarskiptastofnun í heild,“

Lagt er til að c-liður falli brott, enda ekki þörf á lagatexta sem býður mönnum einungis að fara að lögum.

E-liður 1. mgr. hljóðar svo: „að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skráningarstofu séu lögráða, fjár síns ráðandi og hafi ekki á síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi,“

ISNIC spyr hvort ákvæðið samrýmist reglum um Evrópska efnahagssvæðið, og bendir á að í frönsku lögunum um .fr (sem eru nýleg) kemur fram að skráningarstofan skuli vera innan Evrópusambandsins.

F-liður 1. mgr. hljóðar svo: „að gjaldskrá skráningarstofu fyrir leyfisskylda þjónustu sé háð eftirliti og samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar,“

ISNIC finnur að því að sjálfræði félagsins um jafnmikilvægt atriði og gjaldskrá þess sé skert með þessum hætti. ISNIC telur ekki þörf á lagaákvæði um gjaldskrá félagsins, en bendir á að eðlilegra væri að ákvæðið hljóðaði til dæmis svo: „að gjaldskrá skráningarstofu sé sambærileg gjaldskrá skráningarstofa með svipaðan fjölda léna,“.

Póst- og fjarskiptastofnun er með frumvarpinu gefið allt of víðtækt vald til að setja skráningarstofu rekstrarskilyrði, og miklu víðtækara vald en þekkist í nágrennalöndunum. Engin skýring er gefin á þörfinni fyrir setningu „sérstakra kvaða“, sbr. 3. mgr., né heldur útlistað skýrlega í hverju þær gætu verið fólgnar.

Lagt er til að 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins falli brott.

Um 11. gr.:

2. mgr. 11. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Rétthafi léns skal vera lögráða einstaklingur eða lögaðili sem hefur skráða kennitölu eða sambærilega staðfestingu frá stjórnvöldum og hafa tengsl við Ísland.“

Ákvæðið er afar óljóst hvað varðar „tengsl við Ísland“ og ómögulegt að uppfylla skilyrðið um „kennitölu eða sambærilega staðfestingu frá stjórnvöldum“ tæknilega í rafrænni skráningu léna. Það gengur einnig gegn kröfu 1. mgr. 10. gr. um að skráning léns skuli vera rafræn í þar til gerðu skráningarkerfi á vegum skráningarstofu. Þá er örökstutt (og raunar óeðlilegt) hvers vegna ólögráða einstaklingur megi ekki vera rétthafi léns.

Lagt er til að ákvæðið falli brott eða taki verulegum breytingum.

ISNIC bendir í þessu sambandi á að skráningarskilyrði landsléna í Evrópu hafa tekið miklum breytingum á undanförunum fjórum árum frá því frumvarpið var samið. T.d. voru skilyrði um búsetu réttihafa eða tengilögs hans nýlega felld niður hjá .no og .fr (sem voru á meðal síðustu evrópskra landsléna til fella slík skilyrði niður) og langflest landslén þróaðra ríkja hafa felld niður sérstakar kvaðir sem þessar, enda ekki ástæða til að viðhafa þær lengur. Skilyrði sem þessi voru sett inn á fyrstu árum netvæðingarinnar til þess að tryggja ákveðna flokkun lénaheita eftir tungumálum. Flokkunin náðist fram á fyrstu árum lénaskráninga og nú er almennt viðurkennt að landslénin séu bæði í samkeppni hvort við annað og ekki síður við .com lénið. Þá er þekkt að landslén eru vel til þess fallin að kynna landið og vöruframboð þess á alþjóðlegum markaði. ISNIC felldi niður kröfuna um innlendan tengilið í nóvember 2008, en skilyrði á b.v. það sem frumvarpið kveður á um hefur aldrei verið í skráningarreglum .is lénsins.

Um 15% allra nýskráninga .is-léna koma frá útlöndum og á öðru tungumáli en íslensku. Hindrun slíkra skráninga myndi ekki aðeins lækka tekjur ISNIC, og stuðla þannig óhjákvæmilega að minni hagkvæmni, heldur einnig torvelda erlendum aðilum að skrá og nota .is lén. Slíkt væri stórt skref aftur á bak, myndi verka hamlandi á framþróun íslenska hluta internetsins og ganga þannig gegn fleiri en einu markmiði frumvarpsins í heild. Jafnvel Norid (.no) sem lengi vel hefur verið sér á báti í þessum efnum, opnaði nýlega fyrir erlendar skráningar.

5. mgr. 11. gr. hljóðar svo: „Við skráningu skal réttihafi lýsa því yfir að skráningin sé í góðri trú og ekki vísvitandi gegn betri rétti annars.“

Hér er nauðsynlegt að fá leiðréttingu á textanum því tæknilega ómögulegt er að krefjast *yfirlýsingar* í rafrænni skráningu.

Lagt er til að ákvæðið hljóði svo: „Sá sem skráir lén skal gera það í góðri trú og ekki vísvitandi gegn betri rétti annars“.

1. másl. 7. mgr. 11. gr. hljóðar svo: „Skráningarstofa skal tryggja að réttihafar lénaskráninga séu upplýstir um skilyrði skráningar léns samkvæmt þessum kafla.“

Hér er einnig nauðsynlegt að fá inn leiðréttingu. ISNIC þekkir engar leiðir til þess að „tryggja að réttihafar lénaskráninga séu upplýstir um skilyrði skráningar léns“. Bent er á, sem dæmi, að í mjög mörgum tilfellum skráir umboðsmaður lén f.h. réttihafans og að skráningin er rafræn.

Lagt er til að 1. másl. 7. mgr. 11. gr. hljóði svo: „Skráningarstofa skal birta upplýsingar um skilyrði skráningar á vef sínum og vitna til þeirra á upphafssíðu lénaskráningarinnar“.

2. másl. 7. mgr. hljóðar svo: „Séu skilyrði um lén ekki uppfyllt skal skráningarstofa beina ábendingu um úrbætur til réttihafa.“

Lagt er til að í stað orðsins „lén“ komi „skráningu léns“.

Um 12. gr.:

2. másl. 4. mgr. 12. gr. hljóðar svo: „Hann ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem hann skráir séu ávallt réttar.“

Hér þarf að kveða skýrar að orði þannig að tilgangurinn um að réttihafinn viðhaldi réttum og nákvæmum réttihafaupplýsingum náist.

Lagt er til að þessi málsliður hljóði svo: „Réttihafi léns ber ábyrgð á að viðhalda skráningarupplýsingum lénsins í réttihafaskrá á gildistíma lénsins“.

Um 14. gr.:

ISNIC bendir á að umskráning á .is-lénum er rafræn og að eingöngu réttthafinn sjálfur, eða tengiliður hans framkvæmir hana. Mörg ár eru síðan hætt var að umskrá lén með útfyllingu og undirritun pappíra. ISNIC sér ekki að nokkur þörf sé fyrir greinina. Lagt er til að 14. gr. verði felld brott.

Um 15. gr.:

1. mgr. 15. gr. hljóðar svo: „Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. starfsemi skráningarstofu og gjaldskrá skráningarstofu fyrir þjónustu samkvæmt lögum þessum og eftir atvikum starfsemi skráningaraðila og réttthafa.“

ISNIC bendir hér sérstaklega á orðin „eftir atvikum starfsemi réttthafa“ og óskar eftir skýringum frumvarpshöfunda. Er hér lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun fái heimild til þess að hafa eftirlit með starfsemi réttthafa léna? Er það raunverulegur vilji löggjafans að útvíkka eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar þannig að undir hana falli eftirlit með starfsemi réttthafa léna?

3. mgr. 15. gr. kveður á um víðtækar heimildir til handa Póst- og fjarskiptastofnunar til að grípa til úrræða á b.v. afskráningu og umskráningu léna.

ISNIC bendir í þessu sambandi annars vegar á gott og skilvirkt starf Neytendastofu varðandi lénamál og fjölmargar ákvarðanir stofnunarinnar um lén, og hins vegar á áður framkomnar athugasemdir Neytendastofu. Hér er verið að leggja til að fjölga úrskurðaraðilum um lénamál, án þess að séð verði að nokkur þörf sé til staðar og án þess að á hana hafi verið bent.

ISNIC hvetur eindregið til þess að ákvæðið um heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun um afskráningu og umskráningu léns sé sett í samhengi við ákvæði 2. mgr. 15. gr. um eftirlit með starfsemi réttthafa léna. ISNIC hefur áhyggjur af því að hér sé löggjafinn að feta sig inn á brautir sem leitt gætu til skerðingar á tjáningarfrelsinu og bendir á svipað ákvæði SOPA frumvarpsins, sem tekið var fyrir á Bandaríkjaþingi í vetur og er mjög umdeilt.

Lagt er til að 3. mgr. 15. gr. verði felld brott.

5. mgr. 15. gr. hljóðar svo: „Póst- og fjarskiptastofnun getur á grundvelli kvörtunar þess efnis ákveðið hvort aðgangur aðila sem starfa við lénaskráningar skuli veittur að skráningum sem þeir sinna og hvert endurgjald aðgangsins skuli vera.“

ISNIC óskar eftir skýringum á þessu ákvæði. ISNIC spyr hvort það sé vilji löggjafans að hér á landi verði tekið upp tvöfalt kerfi við lénaskráningar, eins og tíðkast í margfallt stærri löndum þar sem fjöldi léna hleypur á hundruðum þúsunda eða milljónum. Ákvæðið gæti leitt til þess að ISNIC sé nauðbeygt til að taka upp slíkt fyrirkomulag og skipta Interneti á Íslandi hf. upp í tvö sjálfstæð fyrirtæki, skráningarstofu og skráningaraðila. Fjöldi .is-léna er enn sem komið er langt undir því sem talið er lágmark til þess að standa undir tvöföldu skráningarkerfi. Slíkt fyrirkomulag myndi hins vegar gera ISNIC sem skráningaraðila kleift að bjóða upp á alla almenna internetþjónustu samfara lénsaskráningum. Ekkert annað innlent fyrirtæki, svo vitað sé, myndi í dag standast kröfur ICANN um skráningaraðila (e. registrar).

Lagt er til að 5. mgr. 15. gr. falli brott.

Um 16. gr.:

2. mgr. 16. gr. hljóðar svo: „Gjaldskrá skráningarstofu skal sæta eftirliti Póst- og

fjárskiptastofnunar. Skráningarstofa skal gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu. Gjaldskrá skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna. Taka skal tillit til fjárfestinga og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna.“ Síðan segir: „Ávöxtun fjármagns skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC).“ ? Óskað er eftir skýringum á ákvæðinu um leið og bent er á að hér virðist að einhverju leyti um endurtekningu á ákvæði f-liðar 1. mgr. 6. gr. að ræða og vísast til athugasemda við þá grein hér að ofan. Nærtækara væri að setja inn ákvæði um að grunnverð .is léna skuli vera sambærilegt og verð landaléna af svipaðri stærð, mælt í fjölda léna.

Lagt er til að 2. mgr. 16. gr. falli brott.

4. mgr. 16. gr. hljóðar svo: „Skráningarstofu er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir skráningaraðila sem á grundvelli samninga við skráningarstofu sjá um skráningu léna undir íslensku höfuðléni og breytingar á upplýsingum því tengdum fyrir hönd rétthafa léns. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði skráningarstofu við þjónustu sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega þjónustu fyrir rétthafa léna.“

Ákvæðinu virðist ætlað til að undirbúa tvöfalt skráningarkerfi léna. ISNIC bendir löggjafanum jafnframt á að ákvæðið opnar fyrir möguleikann á tvöfaldri verðskrá og spyr af hvoru gjaldinu eigi þá að reikna 4,9% rekstrargjald sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Lagt er til að 4. mgr. 16. gr. falli brott.

7. mgr. 16. gr. hljóðar svo: „Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um kostnaðargreiningu, forsendur gjaldtöku og bókhaldslegan aðskilnað.“ ISNIC mótmælir harðlega að ráðherra sé veitt svo vítækt vald til að setja kvaðir á félagið.

Lagt er til að 7. mgr. 16. gr. falli brott.

Um 17. og 18. gr.:

ISNIC bendir nefndarmönnum umhverfis- og samgöngunefndar góðfúslega á að um lénamál á Íslandi ríkjá engar deilur og að engin kvörtun hefur borist í mörg ár, hvorki formleg né óformleg, varðandi verð og gæði þjónustunnar eða framkvæmd hennar. Þvert á móti finna starfsmenn ISNIC fyrir almenntri ánægju hjá viðskiptavinum með þjónustuna við landslénið.

Ákvæði 17. og 18. gr. hefðu betur átt við á fyrstu árum lénaskráninga hérlendis, þegar menn voru að feta sig áfram á nýju og óþekktu sviði. ISNIC hefur ávallt í 25 ára sögu lénaskráninga á Íslandi leitað eftir álitum „netsamfélagsins“ og haldið úti sérstökum póstlistum með það að markmiði að fá fram umræður og ábendingar um starf og reglur ISNIC - og gerir enn.

Á fyrstu árum lénaskráninganna var eðli málsins samkvæmt nokkuð mikill áhugi á sviðinu, en eftir því sem árin hafa liðið og starfshættir ISNIC, og samskonar fyrirtækja í öðrum löndum hafa þróast, hefur áhuginn og þörfin fyrir samráð minnkað jafnt og þétt. Lítil sem enginn áhugi er til staðar í dag á starfsemi ISNIC, hvorki hjá almenningi né hjá fyrirtækjum eða stofnunum (með einni undantekningu reyndar). Þetta er eðlilegt. Starfsemi ISNIC má líkja við holræsakerfið, það þekkja það fáir, það er bara þarna og það virkar. Loks bendir ISNIC á að engin ákvæði eru til staðar um fjármögnun á starfsemi „ráðgjafanefndar um lénamál“ og spyr hvort henni sé ætlað að starfa í sjálfböðavinnu?

Lokaorð.

Aðalmarkmið frumvarpsins sem hér er fjallað um er að ríkið nái yfirhöndinni á starfsemi sem það seldi frá sér árið 2000, án þess að þurfa að greiða fyrir það bætur. ISNIC er ljóst að um eignarhald félagsins þarf að ríkja sátt við stjórnvöld á hverjum tíma. Jafnframt hafa undirritaðir tekið undir það sjónarmið að ríkið hefði ekki átt að selja alla sína hluti í félaginu í einu, en benda um leið á þann góða árangur sem náðst hefur í rekstri landslénsins .is, þrátt fyrir brotthvarf ríkisins úr hluthafahópnum árið 2000. Þá eignaðist ríkið fyrir tilstuðlan núverandi stjórnar myndarlegan hlut í ISNIC á ný í upphafi ársins 2007. Félagið hefur áður tjáð sig reiðubúið til viðræðna við ráðuneytið um að breyta eignarhaldi félagsins með það fyrir augum að útvíkka það enn frekar og ítrekar það hér með.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki aðeins valda óvissu og óhagkvæmni í starfsemi ISNIC, m.a. vegna sérstakrar sköttunar og skamms tíma starfleyfisins, heldur einnig gera nýskráningu „Íslensks“ höfuðléns sem félli undir lögin bæði óhagkvæma og afar fráhrindandi. Landslénið .is yrði með þessu frumvarpi sett í annað sæti hvað samkeppnisaðstæður varðar, sem myndi stórauka líkurnar á því að erlent höfuðlén á borð við .com nái yfirburðastöðu á Íslandi eins og reyndin er í mörgun löndum, en .com heyrir eins og menn vita undir bandarísk lög.

Reykjavík, 1. mars 2012.

Jens Pétur Jensen, þjóðhagfr.
Stjórnunarlegur tengiliður fyrir .is
sjá whois.iana.org

Maríus Ólafsson stærðfr.
Tæknilegur tengiliður fyrir .is
sjá whois.iana.org

Skjalalisti:

1. Umsögn þessi.
2. Tillaga að lagafrumvarpi.
3. Könnun Centr.org
4. Gögn um áætlaða fjárför [PFS] vegna frumvarpsins (ljósrit af samskiptum PFS og ráðuneytisins).

Frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén á Internetinu

byggt á fyrra frumvarpi, reglum ISNIC, og á sænsku lögnum um sama efni frá 2006:

<http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/20060024.htm>

1. gr.

Gildissvið og markmið laganna.

Lög þessi eiga við um tæknilegan rekstur landshöfuðléna sem úthlutað er Íslandi til notkunar á Internetinu, ásamt nafnaþjónustu fyrir lén og skráningu léna undir þeim landshöfuðlénum.

Markmið laganna er í þágu almannahagsmuna að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum landshöfuðlénum, að tryggja tengsl þeirra við Ísland og að tryggja gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með slík höfuðlén.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Lén:* Auðkenni í almennum IP-fjarskiptanetum sem vísar til mengis varpana milli nafna og IP-talna. Lén er samsett úr einum eða fleiri hlutum sem kallast merki. Greint er á milli merkja með punkti.
2. *Höfuðlén:* Efsti hluti lénakerfisins og vísar til þess hluta léns sem kemur á eftir síðasta punktinum í lénsheiti og samþykkt er af þar til bærum alþjóðlegum aðila. Höfuðlén skiptast í landshöfuðlén og almenn höfuðlén.
3. *Landshöfuðlén:* Þau höfuðlén sem hefur verið úthlutað til einstakra ríkja eða landssvæða, með sérstakri vísan til ríkisins eða landssvæðisins, af þar til bærum alþjóðlegum aðila.
4. *Almennt höfuðlén:* Höfuðlén sem ekki hefur verið úthlutað til ríkis eða landssvæðis.
5. *Íslensk landshöfuðlén:* Höfuðlén sem hefur verið úthlutað til Íslands af þar til bærum alþjóðlegum aðila.
6. *Lénsheitakerfið:* Dreifður gagnagrunnur sem tengir saman IP-tölur og nöfn í almennum IP-fjarskiptanetum.
7. *IP-fjarskiptanet:* Fjarskiptanet sem flytur gagnapakka samkvæmt IP-staðli. Með almennum IP-fjarskiptanetum er átt við það sem í daglegu tali er nefnt internetið.
8. *IP-tala:* Tala sem tæki sem tengt er við almenn IP-fjarskiptanet fær úthlutað frá þar til bærum aðila til aðgreiningar frá öðrum tækjum.
9. *Nafnaþjónn:* Tölva með hugbúnaði sem veitir nafnaþjónustu, þ.e. varpar lénum og nöfnum innan léna í IP-tölur og/eða segir til um hvert skuli sækja upplýsingar um slíka vörpun.
10. *Rétthafaskrá:* Miðlæg skrá þar sem fram koma upplýsingar um rétthafa léna, tengiliði þeirra og nafnaþjóna.
11. *Rétthafi:* Sá aðili sem skráður er fyrir léni í rétthafaskrá.
12. *Skráningarstofa:* Sá aðili sem stjórnar og hefur umsjón með íslensku höfuðléni í samræmi við ákvæði laga þessara og hefur jafnframt til þess samþykki þar til bærs alþjóðlegs aðila.
13. *Eftirlitsaðili:* Póst- og fjarskiptastofnun.

3. gr.

Tenging við lög um persónuvernd.

Ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um vinnslu persónulegra upplýsinga sem tengjast stjórnun á landshöfuðléni fyrir Ísland, nema annað sé tekið fram í þessum lögum.

4. gr.

Tilkynningarskylda og bann við flutningi íslensks landshöfuðléns.

Skráningarstofa íslensks landshöfuðléns skal tilkynna eftirlitsaðila um starfsemi sína. Skráningarstofa skal einnig tilkynna eftirlitsaðila ef stjórn lénsins er að hluta til eða alveg flutt til annars aðila.

Bannað er að flytja stjórnun og rekstur á íslensku landshöfuðléni til aðila utan Íslands án samþykkis eftirlitsaðila.

Hugleiðing um starfsleyfi skráningarstofu: Setja mætti á fót nefnd skipaða sérfræðingum á sviði

internetmála og löglærðum einstaklingum, sem sæi um úthlutun og afturköllun starfsleyfis til skráningarstofa. Myndi hún meta hvort skráningarstofa uppfylli í upphafi þær tæknilegu kröfur sem nauðsynlegt er til reksturs landshöfuðléns og yrði leyfið ekki afturkallað á meðan viðkomandi skráningarstofa uppfyllir skilyrði laganna. Fela mætti ráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um þessa nefnd, þ. á m. skipan hennar, starfstíma nefndarmanna o.s.frv., og hugsanlega áfrýjunarnefnd, innan marka sem ákveðin væru í lögnum.

5. gr.

Tæknileg starfsemi.

Skráningarstofa fer með daglega umsjón viðkomandi íslensks landshöfuðléns. Skráningarstofa skal framkvæma skyldur sínar á öruggan og skilvirkan máta í þágu almannahagsmuna. Hún skal meðal annars:

- a. stuðla að framþróun notkunar almennra IP-fjarskiptaneta á Íslandi og starfa í þágu almannahagsmuna,
- b. halda réttthafaskrá og aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna nafnaþjónustu,
- c. reka og halda skrá um nauðsynlega nafnaþjóna fyrir landshöfuðlénið og tryggja öryggi þeirra og högun í samræmi við gæðstaðla þar til bærs alþjóðlegs aðila og eftirlitsaðilans,
- d. tryggja að nauðsynleg nafnaþjónusta fyrir lén réttthafa sé ætíð virk og sett upp samkvæmt viðurkenndum stöðlum og reglum þar til bærs alþjóðlegs aðila,
- e. tryggja skilvirka svörun við fyrirspurnum um undirlén höfuðlénsins á öllum tímum sem víðast á almennum IP-fjarskiptanetum,
- f. viðhalda skilvirkri vernd gagna,
- g. tryggja skilvirka verkferla sem uppfylla viðurkennda gæðastaðla þar til bærs alþjóðlegs aðila,
- h. setja reglur um lénaskráningar, sbr. 7 gr., og framfylgja þeim,
- i. bera ábyrgð á að virkir nafnaþjónar séu aðgengilegir fyrir lén sem skráð eru undir íslensku landshöfuðléni,
- j. sjá til þess að nafnaþjónar sem réttthafar vista upplýsingar um lén sín á skuli skráðir hjá skráningarstofu og að þeir uppfylli tæknileg skilyrði sem skráningarstofa setur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um með hvaða hætti skráningarstofa skal uppfylla skyldur samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Réttthafaskrá.

Skráningarstofa skal halda gagnagrunn með upplýsingum um réttthafa léna, svonefnda réttthafaskrá. Réttthafaskrá skal, auk upplýsinga um réttthafa léna, innihalda upplýsingar um tengiliði þeirra, tæknilegar upplýsingar og vistunaraðila.

Réttthafi ber ábyrgð á að skráning léna sinna sé rétt og fullnægjandi á hverjum tíma. Breytist upplýsingar á skráningartíma lénsins ber réttthafa þess að uppfæra skráningu eins fljótt og auðið er.

Skráningarstofa skal leitast við að upplýsingar í réttthafaskrá séu ætíð réttar. Komist skráningarstofa að því að upplýsingar um réttthafa tiltekins léns eða léna í réttthafaskrá séu ófullnægjandi eða rangar skal réttthafa veitt færi á að afla réttra upplýsinga. Berist ekki fullnægjandi upplýsingar frá réttthafanum innan tilskilins frests skal skráningarstofa tilkynna viðkomandi réttthafa að léninu verði lokað og það síðar afmáð.

Skráningarstofa skal sjá til þess að réttthafaskrá sé vistuð með öruggum hætti. Skráningarstofa skal varðveita uppfært afrit af upplýsingum í réttthafaskrá. Afritið skal vistað á öðrum stað en frumritið og skal eftirlitsaðilinn hafa fullan aðgang að réttthafaskrá.

Almennar upplýsingar í réttthafaskránni skulu vera aðgengilegar án endurgjalds á almennu IP-fjarskiptaneti, með þeim takmörkunum sem skráningarstofa setur og í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Skráningarstofa skal tryggja að upplýsingar í gagnagrunni samkvæmt þessari grein verði fluttar til

eftirlitsaðilans krefjist almannahagsmunir þess.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um réttthafaskrá, afrit af henni og flutning upplýsinga samkvæmt 6. mgr.

7. gr.

Skráning léna.

Skráning léns skal vera rafræn í þar til gerðu skráningarkerfi á vegum skráningarstofu og í samræmi við reglur skráningarstofu, sbr. h-lið 5. gr.

Við skráningu léns skal gera grein fyrir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir úrvinnslu skráningarinnar. Þ.á m. skal gera grein fyrir fyrirhuguðum réttthafa léns, tilgreina nauðsynlega tengiliði lénsins og tilgreina á hvaða nafnþjónum lénið er vistað, sbr. c-lið 5. gr.

Skráningarstofu er heimilt er að hafna skráningu léns undir íslensku landshöfuðléni ef skráningarupplýsingar þess eru augljóslega rangar og/eða ófullnægjandi. Skal skráningarstofa í þeim tilfellum leitast við að senda réttthafa lénsins áskorun um úrbætur á skráningarupplýsingum lénsins.

Skráningarstofu er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu fyrir skráningu og endurnýjun léna.

Skráningarstofa skal setja reglur um skráningu léna. Skulu reglurnar m.a. miða að því að vinnulag sé opið og gagnsætt, jafnrétti sé virt, persónuréttur réttthafa og tengiliða sé verndaður, hagsmunir notenda og almannahagsmunir fari saman og framþróun á sviði internetsins og lénamála sé ekki heft.

Skráningarstofa skal bjóða upp á virkar leiðir til að leysa deilur sem varða skráningar á lénom.

8. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsaðili skal viðhafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í lögum.

Skráningarstofa skal eftir beiðni eftirlitsaðilans afhenda upplýsingar og veita aðgang að tækjum og aðstöðu eftir því sem nauðsyn krefst.

Ef um er beðið vegna eftirlits, skal eftirlitsaðili fá aðgang að svæðum, eignum og öðru rými, þó ekki heimilum, þar sem starfsemi fer fram sem fellur undir þessi lög.

Eftirlitsaðila er heimilt að innheimta gjald af skráningarstofu til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af eftirlitsstörfum skv. 1. mgr.

9. gr.

Eftirlitsaðili má skipa fyrir um aðgerðir samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum.

Bera má ágreining á grundvelli laga þessara undir eftirlitsaðila. Ákvarðanir hans samkvæmt lögum þessum eru kæránlegar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kæru, réttaráhrif hennar og meðferð mála fyrir nefndinni fer samkvæmt reglugerð ráðherra um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

10. gr.

Eftirlitsaðilinn má ákveða viðurlög sem beitt er við brotum á lögum þessum, innan ramma þeirra viðurlaga sem kveðið er á um í fjarskiptalögum.

11. gr.

Vinnsla á stríðstímum.

Ef Ísland á í stríði, stríðshætta er fyrir hendi eða aðrar slíkar aðstæður eru uppi utan Íslands að hætta sé á að Ísland lendi í stríði, getur ríkistjórnin sett rekstri landshöfuðléns þær viðbótarreglur sem

nauðsynlegar þykja vegna varna Íslands og almenns öryggis ríkisins.

Ríkisstjórnin eða sett stjórnvald, ef ríkisstjórnin skyldi hafa verið sprengd í loft upp, getur sett reglur um varnir lénakerfisins (DNS-kerfisins) á friðartímum vegna aðstæðna sem nefndar eru í 1. mgr.

12. gr.

Áfrýjun.

Ákvörðun eftirlitsaðilans, sem tekin er samkvæmt lögum þessum, eða samkvæmt reglugerðum sem settar eru eftir þessum lögum, má áfrýja til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

13. gr.

Ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögum þessum taka gildi strax, nema annað sé tekið fram í ákvörðunarorðum.

14. gr.

[Gildistökuákvæði]

Frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén á Internetinu

byggt á fyrra frumvarpi, regium ISNIC, og á sænsku lögnum um sama efni frá 2006:

<http://www.notisum.se/Pub/Doc.aspx?url=/rnp/sls/lag/20060024.htm>

1. gr.

Gildissvið og markmið laganna.

Lög þessi eiga við um tæknilegan rekstur landshöfuðléna sem úthlutað er Íslandi til notkunar á Internetinu, ásamt nafnaþjónustu fyrir lén og skráningu léna undir þeim landshöfuðlénum.

Markmið laganna er í þágu almannahagsmuna að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum landshöfuðlénum, að tryggja tengsl þeirra við Ísland og að tryggja gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með slík höfuðlén.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Lén:* Auðkenni í almennum IP-fjarskiptanetum sem vísar til mengis varpana milli nafna og IP-talna. Lén er samsett úr einum eða fleiri hlutum sem kallast merki. Greint er á milli merkja með punkti.
2. *Höfuðlén:* Efsti hluti lénakerfisins og vísar til þess hluta léns sem kemur á eftir síðasta punktinum í lénsheiti og samþykkt er af þar til bærum alþjóðlegum aðila. Höfuðlén skiptast í landshöfuðlén og almenn höfuðlén.
3. *Landshöfuðlén:* Þau höfuðlén sem hefur verið úthlutað til einstakra ríkja eða landssvæða, með sérstakri vísan til ríkisins eða landssvæðisins, af þar til bærum alþjóðlegum aðila.
4. *Almennt höfuðlén:* Höfuðlén sem ekki hefur verið úthlutað til ríkis eða landssvæðis.
5. *Íslensk landshöfuðlén:* Höfuðlén sem hefur verið úthlutað til Íslands af þar til bærum alþjóðlegum aðila.
6. *Lénsheitakerfið:* Dreifður gagnagrunnur sem tengir saman IP-tölur og nöfn í almennum IP-fjarskiptanetum.
7. *IP-fjarskiptanet:* Fjarskiptanet sem flytur gagnapakka samkvæmt IP-staðli. Með almennum IP-fjarskiptanetum er átt við það sem í daglegu tali er nefnt internetið.
8. *IP-tala:* Tala sem tæki sem tengt er við almenn IP-fjarskiptanet fær úthlutað frá þar til bærum aðila til aðgreiningar frá öðrum tækjum.
9. *Nafnaþjónn:* Tölva með hugbúnaði sem veitir nafnaþjónustu, þ.e. varpar lénum og nöfnum innan léna í IP-tölur og/eða segir til um hvert skuli sækja upplýsingar um slíka vörpun.
10. *Rétthafaskrá:* Miðlæg skrá þar sem fram koma upplýsingar um rétthafa léna, tengiliði þeirra og nafnaþjóna.
11. *Rétthafi:* Sá aðili sem skráður er fyrir léni í rétthafaskrá.
12. *Skráningarstofa:* Sá aðili sem stjórnar og hefur umsjón með íslensku höfuðléni í samræmi við ákvæði laga þessara og hefur jafnframt til þess samþykki þar til bærs alþjóðlegs aðila.
13. *Eftirlitsaðili:* Póst- og fjarskiptastofnun.

3. gr.

Tenging við lög um persónuvernd.

Ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um vinnslu persónulegra upplýsinga sem tengjast stjórnun á landshöfuðléni fyrir Ísland, nema annað sé tekið fram í þessum lögum.

4. gr.

Tilkynningarskylda og bann við flutningi íslensks landshöfuðléns.

Skráningarstofa íslensks landshöfuðléns skal tilkynna eftirlitsaðila um starfsemi sína. Skráningarstofa skal einnig tilkynna eftirlitsaðila ef stjórn lénsins er að hluta til eða alveg flutt til annars aðila.

Bannað er að flytja stjórnun og rekstur á íslensku landshöfuðléni til aðila utan Íslands án samþykkis eftirlitsaðila.

Hugleiðing um starfsleyfi skráningarstofu: Setja mætti á fót nefnd skipaða sérfræðingum á sviði

internetmála og löglærðum einstaklingum, sem sæi um úthlutun og afturköllun starfsleyfis til skráningarstofa. Myndi hún meta hvort skráningarstofa uppfylli í upphafi þær tæknilegu kröfur sem nauðsynlegt er til reksturs landshöfuðléns og yrði leyfið ekki afturkallað á meðan viðkomandi skráningarstofa uppfyllir skilyrði laganna. Fela mætti ráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um þessa nefnd, þ. á m. skipan hennar, starfstíma nefndarmanna o.s.frv., og hugsanlega áfrýjunarnefnd, innan marka sem ákveðin væru í lögnum.

5. gr.

Tæknileg starfsemi.

Skráningarstofa fer með daglega umsjón viðkomandi íslensks landshöfuðléns. Skráningarstofa skal framkvæma skyldur sínar á öruggan og skilvirkan máta í þágu almannahagsmuna. Hún skal meðal annars:

- a. stuðla að framþróun notkunar almennra IP-fjarskiptaneta á Íslandi og starfa í þágu almannahagsmuna,
- b. halda réttthafaskrá og aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna nafnaþjónustu,
- c. reka og halda skrá um nauðsynlega nafnaþjóna fyrir landshöfuðlénið og tryggja öryggi þeirra og högun í samræmi við gæðstaðla þar til bærs alþjóðlegs aðila og eftirlitsaðilans,
- d. tryggja að nauðsynleg nafnaþjónusta fyrir lén réttthafa sé ætíð virk og sett upp samkvæmt viðurkenndum stöðlum og reglum þar til bærs alþjóðlegs aðila,
- e. tryggja skilvirka svörun við fyrirspurnum um undirlén höfuðlénsins á öllum tímum sem víðast á almennum IP-fjarskiptanetum,
- f. viðhalda skilvirkri vernd gagna,
- g. tryggja skilvirka verkferla sem uppfylla viðurkennda gæðastaðla þar til bærs alþjóðlegs aðila,
- h. setja reglur um lénaskráningar, sbr. 7 gr., og framfylgja þeim,
- i. bera ábyrgð á að virkir nafnaþjónar séu aðgengilegir fyrir lén sem skráð eru undir íslensku landshöfuðléni,
- j. sjá til þess að nafnaþjónar sem réttthafar vista upplýsingar um lén sín á skuli skráðir hjá skráningarstofu og að þeir uppfylli tæknileg skilyrði sem skráningarstofa setur.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um með hvaða hætti skráningarstofa skal uppfylla skyldur samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Réttthafaskrá.

Skráningarstofa skal halda gagnagrunn með upplýsingum um réttthafa léna, svonefnda réttthafaskrá. Réttthafaskrá skal, auk upplýsinga um réttthafa léna, innihalda upplýsingar um tengiliði þeirra, tæknilegar upplýsingar og vistunaraðila.

Réttthafi ber ábyrgð á að skráning léna sinna sé rétt og fullnægjandi á hverjum tíma. Breytist upplýsingar á skráningartíma lénsins ber réttthafa þess að uppfæra skráningu eins fljótt og auðið er.

Skráningarstofa skal leitast við að upplýsingar í réttthafaskrá séu ætíð réttar. Komist skráningarstofa að því að upplýsingar um réttthafa tiltekins léns eða léna í réttthafaskrá séu ófullnægjandi eða rangar skal réttthafa veitt færi á að afla réttra upplýsinga. Berist ekki fullnægjandi upplýsingar frá réttthafanum innan tilskilins frests skal skráningarstofa tilkynna viðkomandi réttthafa að léninu verði lokað og það síðar afmáð.

Skráningarstofa skal sjá til þess að réttthafaskrá sé vistuð með öruggum hætti. Skráningarstofa skal varðveita uppfært afrit af upplýsingum í réttthafaskrá. Afritið skal vistað á öðrum stað en frumritið og skal eftirlitsaðilinn hafa fullan aðgang að réttthafaskrá.

Almennar upplýsingar í réttthafaskránni skulu vera aðgengilegar án endurgjalds á almennu IP-fjarskiptaneti, með þeim takmörkunum sem skráningarstofa setur og í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Skráningarstofa skal tryggja að upplýsingar í gagnagrunni samkvæmt þessari grein verði fluttar til

eftirlitsaðilans krefjist almannahagsmunir þess.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um réttthafaskrá, afrit af henni og flutning upplýsinga samkvæmt 6. mgr.

7. gr.

Skráning léna.

Skráning léns skal vera rafræn í þar til gerðu skráningarkerfi á vegum skráningarstofu og í samræmi við reglur skráningarstofu, sbr. h-lið 5. gr.

Við skráningu léns skal gera grein fyrir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir úrvinnslu skráningarinnar. Þ.á m. skal gera grein fyrir fyrirhuguðum réttthafa léns, tilgreina nauðsynlega tengiliði lénsins og tilgreina á hvaða nafnþjónum lénið er vistað, sbr. c-lið 5. gr.

Skráningarstofu er heimilt er að hafna skráningu léns undir íslensku landshöfuðléni ef skráningarupplýsingar þess eru augljóslega rangar og/eða ófullnægjandi. Skal skráningarstofa í þeim tilfellum leitast við að senda réttthafa lénsins áskorun um úrbætur á skráningarupplýsingum lénsins.

Skráningarstofu er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu fyrir skráningu og endurnýjun léna.

Skráningarstofa skal setja reglur um skráningu léna. Skulu reglurnar m.a. miða að því að vinnulag sé opið og gagnsætt, jafnrétti sé virt, persónuréttur réttthafa og tengiliða sé verndaður, hagsmunir notenda og almannahagsmunir fari saman og framþróun á sviði internetsins og lénamála sé ekki heft.

Skráningarstofa skal bjóða upp á virkar leiðir til að leysa deilur sem varða skráningar á lénom.

8. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsaðili skal viðhafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru með stoð í lögum.

Skráningarstofa skal eftir beiðni eftirlitsaðilans afhenda upplýsingar og veita aðgang að tækjum og aðstöðu eftir því sem nauðsyn krefst.

Ef um er beðið vegna eftirlits, skal eftirlitsaðili fá aðgang að svæðum, eignum og öðru rými, þó ekki heimilum, þar sem starfsemi fer fram sem fellur undir þessi lög.

Eftirlitsaðila er heimilt að innheimta gjald af skráningarstofu til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af eftirlitsstörfum skv. 1. mgr.

9. gr.

Eftirlitsaðili má skipa fyrir um aðgerðir samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru með stoð í lögum.

Bera má ágreining á grundvelli laga þessara undir eftirlitsaðila. Ákvarðanir hans samkvæmt lögum þessum eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Skal kærnan berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kæru, réttaráhrif hennar og meðferð mála fyrir nefndinni fer samkvæmt reglugerð ráðherra um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

10. gr.

Eftirlitsaðilinn má ákveða viðurlög sem beitt er við brotum á lögum þessum, innan ramma þeirra viðurlaga sem kveðið er á um í fjarskiptalögum.

11. gr.

Vinnsla á stríðstímum.

Ef Ísland á í stríði, stríðshætta er fyrir hendi eða aðrar slíkar aðstæður eru uppi utan Íslands að hætta sé á að Ísland lendi í stríði, getur ríkistjórnin sett rekstri landshöfuðléns þær viðbótarreglur sem

nauðsynlegar þykja vegna varna Íslands og almenns öryggis ríkisins.

Ríkisstjórnin eða sett stjórnvald, ef ríkisstjórnin skyldi hafa verið sprengd í loft upp, getur sett reglur um varnir lénakerfisins (DNS-kerfisins) á friðartímum vegna aðstæðna sem nefndar eru í 1. mgr.

12. gr.

Áfrýjun.

Ákvörðun eftirlitsaðilans, sem tekin er samkvæmt lögum þessum, eða samkvæmt reglugerðum sem settar eru eftir þessum lögum, má áfrýja til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

13. gr.

Ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögum þessum taka gildi strax, nema annað sé tekið fram í ákvörðunarorðum.

14. gr.

[Gildistökuákvæði]

INNANRÍKISRÁÐUNEFND	
Ml. 19.1	Áhrif VS
Innk. 23. FEB. 2012	
IRR 11090245	





ISNIC - Internet á Íslandi hf.
Höfðaturninn, Höfðatúni 2
105 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 21. febrúar 2012
Tilv.: IRR11090245/19.1

Efni: Aðgangur að gögnum um áætlaða fjárför eftirlitsstofnunar vegna fyrirhugaðs eftirlits á lénamarkaði

Með vísan til bréfs dags. 17. febrúar 2012, um beiðni um aðgang að gögnum um áætlaða fjárför Póst- og fjarskiptastofnunar vegna eftirlits sem stofnuninni er ætlað að hafa með starfsemi ISNIC skv. frumvarpi til laga um landslénið .IS, sendist hér meðfylgjandi sundurliðun kostnaðar.

Líkt og kunnugt er voru drög að frumvarpi til laga um landslénið .IS og önnur íslensk höfuðlén kynnt í opnu samráði á vef þáverandi samgönguráðuneytis þann 5. nóvember 2010. Áður hafði starfshópur um framtíðarskipan lénamála rætt um gjaldtöku vegna kostnaðar við eftirlit, m.a. á fundi þann 27. október 2010. Var á fundinum almennur samhljómur meðal nefndarmanna um það að mun heppilegra fyrirkomulag væri að koma á rekstrargjaldi, en að leggja sérstakt gjald á hvert skráð lén. Var meðal annars litið til þess að sambærilegt fyrirkomulag um fjármögnun eftirlits gildir á fjarskiptamarkaði og póstmarkaði. Eðlilegt væri að rekstrargjald væri tengt umsvifum skráningarstofu, og hlutfallsleg velta ágætt viðmið í því samhengi. Var þó ákveðið að æskilegt væri að fá athugasemdir um þetta álitamál í opnu samráði.


Í frumvarpi því sem lagt var í opinbert samráð var því lagt til að gjald skyldi lagt á skráningarstofu sem eftirlitsstofnun væri ætlað að innheimta í samræmi við gildandi fyrirkomulag um fjarskiptafyrirtæki samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003. Með gjaldinu væri ætlunin að standa undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar sem m.a. felur í sér útgáfu starfsleyfis, samningu og útgáfu reglna sem skráningarstofa starfar í samræmi við og úrlausn deilumála í samræmi við ákvæði frumvarpsins.


Við áætlun á kostnaði við eftirlit var stuðst við áætlun á kostnaði við eftirlit frá Póst- og fjarskiptastofnun, sem gerði bæði ráð fyrir stofnkostnaði við upphaf eftirlits og í framhaldi almennt eftirlit, sem sjá má í meðfylgjandi fylgiskjali (fylgiskjal 1), þar sem stofnunin hefur með nokkuð ítarlegum hætti sundurliðað og rökstutt þann kostnað sem áætlað er að falli til við að sinna eftirlitsskyldum samkvæmt frumvarpinu. Engu að síður var það mat ráðuneytisins að kostnaður vegna eftirlits væri nokkuð hár og var því eftir fremsta megni reynt að draga úr kostnaði vegna eftirlits, án þess þó að það myndi bitna á gæðum eftirlits. M.a. var dregið úr hlutverki eftirlitsstofnunar við gerð reglugerða, dregið úr

alþjóðasamskiptum o.s.frv. Reynt var að tryggja að rekstrargjald samkvæmt frumvarpinu myndi standa alfarið undir eftirliti með starfseminni, til þess að tryggja að rekstrargjald sem fjarskiptafyrirtæki og pósthafyrirtæki greiða vegna eftirlits á umræddum mörkuðum myndi ekki standa undir eftirliti á þessu sviði. Í frumvarpi því sem lagt var fram til umsagnar var lagt til að rekstrargjald yrði 7,6% af veltu starfseminnar.

Á samráðstíma bárust ýmsar athugasemdir við frumvarpsdrögin og í kjölfar umsagna voru gerðar breytingar á frumvarpsdrögum m.a. með hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust í samráðinu. Ein helsta breytingin fólst í lækkun rekstrargjalds sem lagt er á skráningarstofu skv. 6. gr. úr 7,6% af veltu starfseminnar í 4,9%. Lækkunin var tilkomin meðal annars vegna breytinga á hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar sbr. reglugerðarheimildir í 9. gr. og 15. gr. fyrri draga sem leiðir til lægri kostnaðar stofnunarinnar við eftirlit. Sjá má nánari sundurliðun í fylgiskjali 2.

Að mati ráðuneytisins var farið nákvæmlega yfir alla kostnaðarþætti vegna eftirlitsins og reynt til hins ítrasta að halda kostnaði í lágmarki, án þess að það myndi bitna á gæðum eftirlits.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörgur Björnsson


Vera Sveinbjörnsdóttir

Fylgiskj.: Fylgiskjal 1: Tölvupóstur dags. 22.10.2010
Fylgiskjal 2: minnisblað - desember 2010.

Ljósrit: Hjördis Halldórsdóttir, LOGOS sfl., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík.

Frumvarp til laga um landslénid .IS og önnur höfuðlén

Lagt hefur verið mat á þann áætlaðan viðbótarkostnað sem fellur á Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vegna umsýslu og eftirlits með framkvæmd laga um landslénid .IS og önnur höfuðlén skv. þeim frumvarpsdrögum sem liggja fyrir.

Byggt á raunkostnaði ársins 2009 hjá PFS og kostnaður umreiknaður á stöðugildi. Áætlað er vinnuframlag vegna hins nýja verkefnis og er gert er ráð fyrir að um sé að ræða viðbót í vinnu og aðkeyptri þjónustu sem samsvarar um 0,8 stöðugildi á ári. Vinnuframlagið dreifist á lögfræði-, greiningar- og tæknideild, ásamt þátttöku í sameiginlegum kostnaði stofnunarinnar.

Reiknað er út áætlaður upphafskostnaður PFS annars vegar og árlegur kostnaður hins vegar. Ekki er þó gert ráð fyrir að upphafskostnaður sé greiddur af árlegu rekstrargjaldi heldur eingöngu árlegur rekstrarkostnaður. Reiknuð er hlutfallsleg þátttaka umsýslu lénamála í árlegum rekstrarkostnaði til jafns við önnur verkefni stofnunarinnar.

Í útreikningum á stofni rekstrargjalds er gert er ráð fyrir 32 þús. lénnum á ári og núverandi gjaldskrá 6.360 kr. án vsk. eða samtals 204 millj. kr. á ári.

Niðurstaðan miðað við framangreindar forsendur er að rekstrargjald þurfi að vera **4,9%**. Sjá eftirfarandi útreikninga. Um er að ræða áætiun sem háð er ýmsum óvissuþáttum, s.s. hve mikil vinna PFS verður í raun í upphafi og á ársgrundvelli, um kostnaðargreiningu á gjaldskrá, þróun á fjölda léna o.fl.

Kostnaðargrundvöllur

Fjárhæðir í þús. kr.	PFS kostnaður	
	2009	Á stöðugildi 2009
Ársverk:	22	1
Laun og launatengd gjöld	176.832	8.038
Funda- og ferðakostnaður	11.995	545
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	5.395	245
Aðkeypt sérfræðipjónusta	9.540	434
Rekstur tækja og áhalda	2.150	98
Annar rekstrarkostnaður	10.000	455
	39.080	1.776
Alls breytilegur kostnaður	215.912	9.814
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11.713	532
Húsnæðiskostnaður	19.818	901
Félagsgjöld til alþjóðastofnana	21.664	985
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	5.395	245
Bifreiðarekstur	755	34
Annar rekstrarkostnaður	4.319	196
Tilfærslur	100	5
	63.764	2.898
Alls kostnaður	279.676	12.713
Fjöldi mánaða:		12
Kostnaður á mánuði, þús. kr.:		1.059

Áætlun um verktíma í upphafi og á ári

<i>Verkþáttur</i>	<i>Upphafs verktími í mán.</i>	<i>Árlegur verktími í mán.</i>
Kostnaðargreining, bók.aðgreining	4,0	1,5
Tæknileg uppbygging	2,0	1,5
Viðbrögð við því að PFS hýsi afrit	-	-
Gefa út starfsleyfi	1,0	-
Deilumál og önnur stjórnsýsla	-	3,0
Gerð regna og reglugerða	3,0	1,0
Framkvæma útboð	3,0	-
Almennt eftirlit með skráningarstofu	-	1,5
Almennt eftirlit með skráningaraðilum	-	0,5
Erlend samskipti	-	0,5
Álagning og innheimta gjalda	-	-
Samtals mánuðir	13,0	9,5
Kostn. per mán. í þús. kr.	1.059	1.059
Kostnaður alls í þús. kr.	13.772	10.064

Samandregið

Meðalkostnaður á ári m.v. 5 ár, þús. kr.	12.818
Árlegur kostnaður greiddur með rekstrargjaldi, þús. kr.	10.064
Áætlaður fjöldi léna	32.000
Árlegur kostnaður á lén, kr.	315
Árgjald léns, kr.	6.360
Áætlaðar tekjur á ári, þús. kr.	203.520
Rekstrargjald sem hlutfall af tekjum	4,9%

RE: lénafrumvarpið

Björn Geirsson

til:

vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is, Óskar Þórðarson, Þorleifur Jónasson

22.10.2010 14:39

Cc:

"maria.run.bjarnadottir@sam.stjr.is", "sigurbergur.bjornsson@sam.stjr.is", Hrafnkell V. Gíslason,

Þorleifur Jónasson

Sýna meira

Sæl Vera,

Meðfylgjandi er frumvarpið með okkar viðbættum og nokkrum orðalagsbreytingum í „track changes.“ Einnig eru nokkrar athugasemdir fyrir ykkur til að skoða. Eftir á að hyggja töldum við ekki þörf á því að styrkja ákvæðið um rekstrarsamfellu við gjaldþrot. Þannig að viðbæturnar snúa aðallega að ítarlegri ákvæðum um gjaldskráreftirlit og fleiru því tengt, sbr. 16-18. gr. frumvarpsins.

Varðandi fjármögnun eftirlitsins þá fylgja jafnframt með drög að kostnaðaráætlun. Við nánari skoðun virðist þessi tala 25 milljónir kr. vera nokkuð nærri lagi, en þá er reyndar búið að jafna stofnkostnað út á næstu 5 árum.

Tekið skal fram að í þessari kostnaðaráætlun er jafnframt gert ráð fyrir að PFS sinni alþjóðlegum samskiptum varðandi lén. Þó svo að GAC kunnir að vera pólitískt stefnumarkandi vettvangur eru fleiri alþjóðlegir fundir sem fjalla um samræmingu og útfærslu á tæknilegum og praktískum álitaeftum. Ætli ráðuneytið sér að taka yfir erlend samskipti hvað þetta varðar tel ég að það þurfi að koma með tillögu að verkaskiptingu, þ.e. hvaða fundi það hyggst sækja. Hitt er svo annað mál að mér finnst frumvarpið ekki endurspegla slíka ábyrgðarskiptingu milli ráðuneytisins og PFS. Svo má auðvitað spyrja sig hvort æskilegt sé að slík samskipti séu fjármögnuð með fé úr ríkissjóði.

Þá er PFS enn þeirrar skoðunar að ekki sé heppilegt að fjármagna eftirlitið með rekstrargjaldi vegna ýmissa ástæðna sem ráðuneytinu hefur verið gerð grein fyrir. Teljum við skynsamlegra að leggja á rétthafa léna árlegt „lénagjald.“ Ef ráðuneytið óskar getur stofnunin gert tillögu um orðalag slíks ákvæðis.

Kveðja,

Björn

From: vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is [mailto:vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is]

Sent: 20. október 2010 13:38

To: Björn Geirsson; Óskar Þórðarson; Þorleifur Jónasson

Cc: maria.run.bjarnadottir@sam.stjr.is; sigurbergur.bjornsson@sam.stjr.is

Subject: Re: lénafrumvarpið

Sælir

Það hefði ef til vill verið heppilegra að taka það fram að ég var að vonast eftir að þið hjá PFS mynduð koma með ykkar hugmyndir um þau atriði sem ykkur finnst þurfa að bæta úr sem fyrst

Við höfum m.a. breytt 7. gr. og er nú gert ráð fyrir því að það sé ekki skráningarstofan sem setji reglur, heldur hafi ráðherra heimild til að setja reglugerð um skráningu léna (10. gr.).

Þá verður fundur á morgun varðandi 17. gr. um úrlausn deilumála, og mun fulltrúi neytendastofu mæta á hann, auk þess sem ég bíð eftir svörum frá Einkaleyfastofu.

Það væri aftur á móti gott ef þið hjá PFS mynduð fara yfir 15. gr. um inngrip vegna gjaldþrots eins og við ræddum á fundinum og eins ef þið viljið gera tillögur að breytingum á ákvæði um eftirlit með gjaldskrá.

Þá veldur það okkur í ráðuneytinu nokkru hugarangri hvað eftirlitið með starfseminni virðist ætla að verða dýrt og teljum eiginlega ekki forsvaranlegt að kostnaður vegna eftirlits með einu fyrirtæki nemi 10% af veltu fyrirtækisins. Við óskum því eftir að þið skoðið hvort hægt sé að draga úr kostnaði vegna eftirlitsins. Til að mynda gerum við ráð fyrir að erlend samskipti við ICANN/GAC verði fyrst og fremst í ráðuneytinu, og því ef til vill hægt að draga úr þeim kostnaðarlið hjá stofnuninni.

Eins má nefna að ekki hafa neín deilumál komið upp vegna léna síðan árið 2007 hjá Isnic, og því ekki endilega þörf að gera ráð fyrir miklum fjölda ákvarðana í tengslum við deilumál. Þá velti ég fyrir mér hvort ekki sé eðlilegt að gera ráð fyrir að kostnaður vegna eftirlits sé ef til vill hærri í upphafi, en þegar á líður komist eftirlit í fast form og verður eflaust auðveldara í framkvæmd.

Endilega spáið í þessu og látið okkur vita hvað ykkur finnst og komið með breytingartillögur ef þið teljið þörf á.

Kveðja,
Vera

Vera Sveinbjörnsdóttir
Lögfræðingur / Legal Adviser
Samskipti / Communications
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Ministry of Transport, Communications and Local Government
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Tölvupóstfang / E-mail: vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is
Sími / Tel: (+354) 545 8200
Bréfasími / Fax: (+354) 562 1702

- Fyriryari / Disclaimer

From: Vera Sveinbjörnsdóttir/SAM/NotesSTJR
To: bjorg@pfs.is, oskarh@pfs.is, thortleifur@pfs.is
Cc: Sigurbergur Björnsson/SAM/NotesSTJR@NotesSTJR, María Rún Bjamadóttir/SAM/NotesSTJR@NotesSTJR
Date: 17.10.2010 21:52
Subject: lénafrumvarpið

Sælir

Ég gleymdi víst að senda ykkur uppfærða útgáfu af lénafrumvarpsdrögum á föstudag, en þau koma hér meðfylgjandi. Geri fastlega ráð fyrir að við munum halda áfram að vinna í þeim, en ef við pössum öll að hafa breytingar í track changes ætti það ekki að koma að sök.

Kv.
Vera

Vera Sveinbjörnsdóttir
Lögfræðingur / Legal Counsel
Samgönguráðuneyti / Ministry of Communications, Transport and Municipal Affairs
Hafnarhúsi v/Tryggvagötu
sími / tel: (+354) 545 8200
fax: (+354) 562 1702

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið trúnaðarmál. Sjá nánar:
<http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and it's attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. Further information:
<http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur> [attachment "lenafrumvarp-v4-2010-10-15 med athugasemdum - I VINNSLU.doc" deleted by Vera Sveinbjörnsdóttir/SAM/NotesSTJR]

Dáttur	Verktími í upphafi í mánuðum	Verktími á ári í mánuðum
kostnaðargreining –	8	2
tæknileg uppbygging	6	3
viðbrögð við því að PFS hýsi afrit	1	1
Gefa út starfsleyfi	1	0
Deilumál og önnur stjórnslýsla	1	3
Gerð regna og reglugerða (*)	9	2
frankvæma útboð		3
almennt eftirlit með skráningarstofu	2	2
eftirlit með skráningaraðilum	0	0
erlend samskipti	1	1
álagning og innheimta gjalda	1	1
SAMTALS	30	18

(*) gera lista

- skráningarreglurnar
- kostnaðarbókhald
- bókhaldsleg aðgreining
- ...

Þetta gerir 1,5 mannráur auk startkostnaðar sem dreift er að 5 ár $30/5=6$ mánuðir eða samtals 2 mannráur. Mannráur hjá PFS er metið á 12 milljónir ef allt er talið. Þetta gera 24 milljónir.

Annar kostnaður: Ferðir erlendis (4), geymsla afrita (úthýsing), .. samtal 1 milljón

Heildarkostnaður við eftirlit er um 25 milljónir á ári

Þennan kostnað má fjármagna með

- (a) rekstrargjald sem yrði þá amk 10% af núverandi veltu skráningarstofu (m.v. veltu um 240m).
- (b) með „lénagjaldi“ sem yrði 800-850 krónur á lén, (m.v. 30.000 lén).

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. febrúar 2012

Efni: Umsögn Internets á Íslandi hf. um frumvarp tii laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén

Umbjóðandi okkar, Internet á Íslandi hf., hefur falið LOGOS að koma á framfæri umsögn við frumvarp til laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén, sbr. þskj. 290 – 268. mál, 140. löggjafarþing 2011-2012 (hér eftir vísað til „frumvarpsins“).

Umbjóðandi okkar hefur áður komið á framfæri athugasemdum sínum við drög að frumvarpi sama efnis, sbr. sérstaklega greinargerðir sem sendar voru samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, dags. 1. mars og 17. nóvember 2010, auk þess sem LOGOS sendi fyrir hönd umbjóðanda okkar umsögn við frumvarp sama efnis, sbr. þskj. 1249 – 725. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011. Þá er rétt að geta þess að stjórnendur umbjóðanda okkar senda inn sérstaka umsögn, og gera í þeirri umsögn tillögur að tilteknum breytingum á frumvarpinu.

Athugasemdir við 1. og 3. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar hefur verið talsmaður þess að settur sé lagarammi um starfrækslu íslenskra höfuðléna og bent m.a. á sænsk lög þess efnis, *Lag (2006:24) um nationella toppdomäner för Sverige på Internet* sem fyrirmynd í þeim efnum. Það frumvarp sem Alþingi hefur til meðferðar er hins vegar af allt öðrum toga, og hefur umbjóðandi okkar ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við þær ráðagerðir stjórnvalda sem fram koma í því. Þannig gerir umbjóðandi okkar alvarlega athugasemd við þá eignarréttarlegu ráðstöfun sem leiðir af 1. gr. frumvarpsins, um að íslenska ríkið fari með ákvörðunarrétt yfir landsléninu .is sem og af 3. gr. frumvarpsins, þar sem segir að ráðherra fari með yfirstjórn landslénisins .is og að Póst- og fjarskiptastofnun veiti skráningarstofu íslenskra höfuðléna starfsleyfi.

Í VI. kafla almennra athugasemda með frumvarpinu kemur fram að landslén séu opinberar auðlindir hvers ríkis fyrir sig. Á þeim grundvelli geti íslenska ríkið áskilið sér umráða- og yfirráðarétt yfir höfuðléninu .is með lagasetningu. Í því sambandi er vísað til danskra laga um lén þar sem kveðið er á um eignarrétt danska ríkisins á þeim lénum sem sérstaklega er úthlutað í Danmörku, t.d. .dk.

Jafnframt er fjallað um þetta í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að landslén séu auðlindir í almannaeigu og að hvorki persónur, né fyrirtæki, þ.m.t. skráningarstofa höfuðlénisins .is, öðlist sérstakan rétt til lénsheita. Í umræddum athugasemdum er jafnframt vísað til fyrirmyndar í dönskum lögum og ákvörðunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um framkvæmd höfuðlénisins .eu.

Staðreynd málsins er sú að bandaríska viðskiptaráðuneytið og ICANN í skjóli þess ráðuneytis fara í reynd með eiginlega tæknilega yfirstjórn með öllum höfuðlénunum. Eins og ítarlega er rökstutt í greinargerð LOGOS, dags. 17. nóvember 2010, felst í heimildum þessum beinn eignarréttur þessara aðila, eins og beinn eignarréttur er skilgreindur í íslenskum rétti. Íslenska ríkið getur ekki, óháð allri lagasetningu, farið með eiginlegan ráðstöfunarrétt yfir höfuðléninu .is. Eins og gerð er grein fyrir í fyrirnefndri greinargerð er það einfaldlega tæknilegur veruleiki að Verisign Inc. sér um tæknilegar breytingar í efsta lagi lénakerfisins, það er að segja breytingu á stjórnanda toppléns samkvæmt beiðni ICANN og samþykki bandaríska viðskiptaráðuneytisins. Lagasetning á Íslandi breytir engu

um þennan raunverulega ráðstöfunarrétt, sem aftur samrýmist vel skilgreiningu beins eignarréttar. Þegar af þessari ástæðu verður að minnsta kosti að draga í efa að þessi nálgun á höfuðlénnum, að telja þau til opinberra auðlinda, samrýmist þeim lagalega skilningi á opinberum auðlindum að enginn geti talið þær sér til einkaréttarlegrar eignar. Það er hins vegar viðurkennt af ICANN að stjórnvöld í hverju ríki fari með forræði á stefnumörkun vegna landsléna sem vísa til viðkomandi ríkis sem og að tilnefna hver skuli hafa umsjón með landsléni. Mikilvægt er að hafa í huga að slík viðurkenning er háð fyrirvara, um að slíkt vald stjórnvalda fari eftir þeirri löggjöf sem gildir í viðkomandi ríki, það er að segja að landslög hvers ríkis kunna að fela í sér skyldu til að virða möguleg eignarréttindi þeirra skráningarstofa sem fyrir eru, eðli málsins samkvæmt.

Ekki er um það deilt að umbjóðandi okkar kom höfuðléninu .is á fót og hefur rekið starfsemi utan um lénaskráningar alla tíð síðan, í 25 ár, auk þess sem starfsemin var sannarlega einkavædd af íslenska ríkinu á sínum tíma. Sú fullyrðing að umbjóðandi okkar hafi ekki öðlast neinn sérstakan rétt til höfuðlénsins .is er lagalega röng og sú ráðagerð sem frumvarpið felur í sér brýtur með alvarlegum hætti gegn lögvörðum hagsmunum umbjóðanda okkar, eins og ítarlega er rökstutt í greinargerð LOGOS, dags. 17. nóvember 2010. Hafi umbjóðandi okkar ekki öðlast beinan eignarrétt að höfuðléninu .is er ljóst að hann hefur þá allt að einu eignast óbeinan eignarrétt, á meðan íslenska ríkið nýtur engra slíkra heimilda í lagalegum skilningi. Til áréttingar skal tekið fram að í samræmi við eignarréttarákvæði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár, er skýrt að réttur íslenska ríkisins til að svipta umbjóðanda okkar umsjón með höfuðléninu .is er háður því að almenningsspörf krefjist þess og að fullar bætur komi fyrir.

Í þessu sambandi skal á það bent að árið 2002 skipaði norskri samgönguráðherrann vinnuhóp til þess að skoða hvort ástæða væri til þess að breyta stjórnskipulagi því sem þar gildi á lénaskráningum undir höfuðléninu .no. Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að hlutafélagið Norid AS, sem hefur umsjón með lénaskráningum undir höfuðléninu .no, gerði það á grundvelli samnings við ICANN (IANA) á grundvelli RFC 1591. Ef ríkið myndi vilja taka yfir þá umsjón, og eftir atvikum úthluta til annarra, þá þyrfti fyrst að taka umsjónina úr höndum Norid AS en slíku yrði ekki komið við nema með eignarnámi. Niðurstaðan var sú að ekki væri ástæða til þess að breyta fyrirkomulaginu þar sem lénaskráning undir umsjón Norid AS hefði gengið vel í framkvæmd. Árið 2003 var hins vegar sett löggjöf um lénaskráningarnar sem slíkar en markmið hennar var að tryggja öryggi og hagsmuni samfélagsins í tengslum við lénaskráningar.

Eru nefndarmenn hvattir til þess að kynna sér framkvæmdina í Noregi, sem og í Svíþjóð, þar sem fyrirkomulaginu svipar til þess sem gildir nú hér á landi.¹ Allt öðru máli gegnir hins vegar um Danmörku, þar sem einkaaðili hafði ekki farið með lénaskráningar þar í landi áður en lög um höfuðléninu .dk voru sett og það sama er að segja um höfuðléninu .eu. Því var engin þörf á að nálgast álitaeftnið með tilliti til áunninna réttinda einkaaðila.

Auk þess eignarréttar sem umbjóðandi okkar hefur að höfuðléninu .is, er ljóst að umbjóðandi okkar á eignarrétt að þeim gagnagrunnum sem hann hefur byggt upp í starfsemi sinni, þ.á m. whois gagnagrunninum sem felur í sér rétthafaskrá umbjóðanda okkar, sbr. nánar umfjöllun um 15. gr. frumvarpsins.

Með vísan í framangreint er það mat umbjóðanda okkar að í því horfi sem frumvarpið er í nú, komi löggjöf sama efnis til með að skerða eignarréttindi hans. Mun umbjóðandi okkar ekki sætta sig við skerðingu á þeim réttindum sínum nema fullnægjandi skilyrði liggi til grundvallar slíkri skerðingu og að fullar bætur komi fyrir. Verði ekki tekið tillit til athugasemda umbjóðanda okkar sem settar eru fram í umsögn þessari og frumvarpinu breytt með þeim hætti að tekið sé tillit til eignarréttinda umbjóðanda okkar, er því ljóst

¹ Á eftirfarandi vefsíð má finna yfirlit yfir hvernig regluverkinu með lénaskráningum er háttað í Noregi: <http://www.norid.no/regelverk/rammer/forvaltningsmodell.en.html>.

að umbjóðandi okkar mun ekki sjá sér annað fært en að stefna íslenska ríkinu í því skyni að gæta réttinda sinna. Það sama á við verði með öðrum hætti brotið gegn hagsmunum umbjóðanda okkar með frumvarpinu þannig að til bótaskyldu stofnist.

Er að lokum rétt að vekja athygli nefndarmanna á því að í VIII. kafla almennra athugasemda frumvarpsins kemur fram að horfið hafi verið frá því að kaupa starfsemi félagsins vegna aðhalds í ríkisútgjöldum. Verða nefndarmenn að gera sér grein fyrir því að lagalega felst ekki í því munur að taka yfir starfsemi umbjóðanda okkar í einum vetfangi án þess að greiða bætur fyrir þá eignaupptöku annars vegar, og hins vegar að setja lög sem ákvarða að landslénið .is skuli meðhöndlað sem opinber auðlind og að íslenska ríkið skuli hafa ákvörðunarrétt yfir því, þannig að það sé ekki háð einkaeignarrétti umbjóðanda okkar. Engu máli skiptir um þetta atriði lagalega séð þó kveðið sé á um starfsleyfi til umbjóðanda okkar í 5 ár, enda verður skerðingin á eignarrétti hans strax við setningu slíkra laga. Þannig er ekki rétt sem innanríkisráðherra hélt fram í viðtali á Stöð 2 þann 11. febrúar 2012 að ekki sé um eiginlega ríkisvæðingu að ræða, það er að segja „...ekki sú ríkisvæðing sem margir vildu fara...að ná þessu algerlega undir ríkið...það myndi eflaust baka okkur skaðabótaskyldu“, en að það stofnist ekki til skaðabótaskyldu með þessari aðgerð.

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins segir meðal annars að markmið laganna sé, í þágu almannahagsmuna, að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum höfuðlénunum.

Í IV. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu er svo að finna umfjöllun um tilefni og nauðsyn umræddrar lagasetningar. Þar kemur fram að árið 2005 hafi samgönguráðuneytinu borist óformlegar kvartanir opinberra aðila og einstaklinga vegna þátta í starfsemi umbjóðanda okkar, auk þess sem ráðherra hafi verið krafinn svara um starfsemina í fyrirspurnum á Alþingi.

Þá er jafnframt fullyrt í VII. kafla athugasemdanna að kvartanir og athugasemdir við starfsemi umbjóðanda okkar sé ein af ástæðum þess að samgönguráðherra hafi ákveðið að ráðist yrði í vinnu við frumvarpið.

Engar skýringar er þó að finna á því hvers kyns þessar umkvartanir voru og virðast þær í raun ekki hafa átt við rök að styðjast, sbr. umfjöllun í VIII. kafla frumvarpsins um að höfuðlénið .is sé talið í hópi öruggustu landsléna í heimi.

Hafi þessar athugasemdir átt við um kostnað er rétt að nefndarmenn átti sig á þeirri staðreynd að frá því að frumvarpið var síðast lagt fyrir þingheim hefur orðið alger og fullkomin stefnubreyting um þann kostnað sem af frumvarpinu leiðir, sbr. umsagnir fjárlagaskrifstofu. Í athugasemdum fjárlagaskrifstofu í fylgiskjali með frumvarpinu nú segir að árlegur kostnaður vegna eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar sé áætlaður um 10 milljónir króna, en sami aðili áætlaði þennan kostnað engan eða óverulegan þegar frumvarpið var síðast lagt fram. Í umsögninni nú kemur einnig fram að umbjóðanda okkar er ætlað að standa undir þessum kostnaði, sbr. einnig 6. gr. frumvarpsins. Þessi aukni kostnaður við starfræksluna verður að sjálfsgöðu að endurspeglast í gjöldum til notenda enda ekki annað að sækja hann, og því vinnur þessi ráðstöfun þvert gegn markmiði laganna um að tryggja hagkvæman aðgang að íslenskum höfuðlénunum. Þá er vakin athygli á umsögn fjárlagaskrifstofu um þann galla sem er á frumvarpsgerðinni að þessu leyti. Umbjóðandi okkar hefur aflað upplýsinga frá stjórnvöldum um forsendur þessa útreiknings, sbr. meðfylgjandi bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 21. febrúar 2012. Er óljóst hvers vegna eftirlitið þarf að vera þetta dýrt, og það þrátt fyrir að það sé sagt í frumvarpinu að um óverulega viðbót við eftirlitsskyldur Póst- og fjarskiptastofnunar sé að ræða. Er óhjákvæmilegt annað en að vekja athygli á því að algengt er að fulltrúar systurstofnana Póst- og fjarskiptastofnunar sækji fundi ICANN, og má nefna í því

sambandi að næsti ársfundur verður í haldinn í Costa Rica. Umsýsluaðilar lítilla landsléna á borð við .is fara ekki á slíka fundi vegna kostnaðar, enda ekki í stakk búnir að manna nefndar- og vinnuhópasetu. Eins og meðfylgjandi gögn sýna virðist fyrir að umræddur kostnaður taka til ferðakostnaðar, sem fullkominn óþarfi er fyrir fulltrúa lítilla léna að kosta til, og eru nefndarmenn því eindregið hvattir til að skoða vel forsendur að baki þessari fjárhæð, og meðfylgjandi gögn. Má meðal annars vekja athygli á þeirri staðreynd að gríðarlegur munur er á því gjaldi sem Póst- og fjarskiptastofnun telur að innheimta þurfi frá starfsleyfishafa og af öðrum fjarskiptafyrirtækjum, sbr. umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins.

Vegna yfirlýsts tilefnis og nauðsynjar lagasetningar er að öðru leyti rétt að leggja fremur áherslu á það, sem kemur fram í IV. kafla athugasemda með frumvarpinu, að meginmarkmið frumvarpsins sé að tryggja gæði, öryggi, skilvirkni og gagnsæi varðandi umsýslu með íslenskum höfuðlénum. Í því sambandi er rétt að áréttta að í frumvarpinu kemur fram að .is sé meðal öruggustu landsléna í heiminum, en nánar tiltekið hefur höfuðlénið .is mælst sem eitt af öruggustu, trúverðugustu og tæknilega bestu höfuðlénum í heimi undanfarin ár samkvæmt mælingum alþjóðlega félagsins McAfee.² Í stað þess að huga að forsendum slíks árangurs og tengja hann við núverandi fyrirkomulag, virðast stjórnvöld telja það þjóna yfirlýstu tilefni með lagasetningunni að kippa fótunum undan starfsemi umbjóðanda okkar, sem verður að telja nokkuð illa ígrundað.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins

Í samræmi við viðurkenndar venjur við lagasetningu á Íslandi er ítrekuð sú ábending umbjóðanda okkar að ensk heiti komi einungis fram í athugasemdum en ekki í lagatextanum sjálfum, sem og allar frekari útskýringar á hugtökum sem ekki fela í sér skilgreiningu á þeim sem slíkum.

Athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir verulegar athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins.

Umbjóðandi okkar telur 1. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að hver sem vilji reka skráningarstofu fyrir íslenskt höfuðlén skuli hafa til þess starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar sem skuli veitt einum aðila til fimm ára í senn, 3. ml. 5. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að óheimilt sé að framselja starfsleyfið, og 6. mgr. ákvæðisins, þar sem segir að við endurúthlutun skuli nýr starfsleyfishafi fá aðgang að rétthafaskrá og nafnaþjónum fyrri starfsleyfishafa, brjóta gegn lögvörðum eignarréttindum umbjóðanda okkar eins og áður hefur verið rökstutt, sbr. einnig athugasemdir við 15. gr. frumvarpsins.

Að mati umbjóðanda okkar er ástæðulaust að leyfisskylda umsjón með lénaskráningum með lögum. Eins og fram kemur í athugasemdum með 5. gr. í frumvarpinu eru fjarskiptafyrirtæki ekki háð starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Sú fullyrðing að engu að síður verði að leyfisskylda starfsemi með lénaskráningum, m.a. með vísan til samkeppnissjónarmiða, er ekki sannfærandi. Lög um höfuðlénið .is ættu fyrst og fremst að lúta að þeim kröfum sem gerðar eru til lénaskráninga og eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar með skráningarstofu. Þannig er málum t.a.m. háttáð bæði í Noregi og Svíþjóð.

Verði niðurstaðan sú að starfsleyfisskylda umsjón með íslenska höfuðléninu .is verður að telja rétt að slíkt starfsleyfi sé þá allt að einu veitt ótímabundið.

² Sbr. skýrslu McAfee, *Mapping the Mal Web – The world's riskiest domains*. Útgefin árið 2010. Aðgengileg á eftirfarandi vefslóð: http://us.mcafee.com/en-us/local/docs/MTMW_Report.pdf.

Í fyrsta lagi ber að líta til þess að mikil og mjög sérhæfð fjárfesting liggur að baki rekstri höfuðléna. Með hliðsjón af slíkum fjárfestingum og öðrum stjórnunar- og rekstrarþáttum er starfseminni tengjast er hægara sagt en gert að færa starfsleyfi fyrir rekstur höfuðléns frá einum aðila til annars. Flókin vélbúnaður og mjög sérhæfður hugbúnaður sem hefur verið hannaður sérstaklega utan um reglur viðkomandi höfuðléns er nauðsynlegur við rekstur höfuðléns auk þess sem koma þarf upp fjöldanum öllum af samningum við erlenda þjónustuaðila þannig að rekstur lénsins gangi sem skyldi. Sérhæfing og þjálfun starfsmanna er jafnframt undirstöðuatriði auk utanumhalds og uppbyggingar er snýr að rétthafaskrá og nafnþjónum, svo dæmi séu nefnd. Erfitt er að sjá fyrir sér að nokkuð félag sjái hag sinn í því að koma sér upp öllum tilskyldum búnaði og samningum svo unnt sé að reka starfsemina ef starfsleyfið er veitt í svo skamman tíma.

Í öðru lagi verður að telja sérstaka hættu á því að hægjast myndi á tæknilegri þróun og framförum þar sem lítil hvati væri fyrir starfsleyfishafa til þess að leggja út í þróunarvinnu þar sem slík vinna tekur oft fjölda ára og sá kostnaður sem lagt er út með í slíkri vinnu kemur oft ekki til baka fyrr en að fjölda ára liðnum.

Í þriðja lagi ber að líta til þess að afar áhættusamt getur verið að skipta um starfsleyfishafa. Ekki er raunhæft að koma í veg fyrir rekstrarrof á starfrækslu höfuðléns við skipti á starfsleyfishafa, með þeim afleiðingum að allar íslenskar heimasíður sem falla þar undir myndu vera óaðgengilegar og allur tölvupóstur svo dæmi sé nefnd, nema að hinn nýi rekstraraðili yfirtaki í einu lagi allan vél- og hugbúnað, þjónustusamninga, samninga við starfsmenn og gagnagrunna fyrri starfsleyfishafa. Slík yfirtaka er vart gerleg nema með beinni yfirtöku á fyrri starfsleyfishafa.

Séu ofangreind atriði höfð í huga má sjá að ör skipti á starfsleyfishafa ganga í raun þvert á meginmarkmið frumvarpsins sem er að tryggja gæði, öryggi, skilvirkni og gagnsæi með umsýslu íslenska höfuðlénsins .is.

Úthlutun starfsleyfis til eingöngu fimm ára í senn verður því að teljast óraunhæft. Að mati umbjóðanda okkar myndi það samræmast betur markmiðum frumvarpsins að veita starfsleyfishafa ótímabundið starfsleyfi til þess að sinna umsjón með íslensku höfuðléni en í lögunum væri hægt að mæla fyrir um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að afturkalla leyfið undir ákveðnum kringumstæðum, t.a.m. ef starfsleyfishafi brýtur gróflega í bága við ákvæði laganna.

Ítrekuð er sú ábending umbjóðanda okkar að óþarft er að taka fram í 2. ml. 1. mgr. ákvæðisins að starfsleyfi skuli veita að undangengnu opnu og gagnsæju ferli, enda hvílir sú skylda á íslenska ríkinu að úthluta takmörkuðum réttindum í opnu og gagnsæju ferli óháð þessu frumvarpi. Sama athugasemd á við um 2. mgr. ákvæðisins í heild sinni og er því lagt til að umræddur texti sé tekinn úr frumvarpinu, eða hann a.m.k. færður yfir í athugasemdir.

Í 4. mgr. ákvæðisins segir að umsókn um starfsleyfi vegna nýrra íslenskra höfuðléna skuli uppfylla sérstök skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð en þar skuli m.a. kveðið á um rekstrarform skráningarstofu og upplýsingagjöf og samstarf milli skráningarstofa.

Í fyrsta lagi skal tekið fram að ekki er ljóst af ákvæðinu hvort skilyrði þau sem ráðherra hefur heimild til þess að setja með reglugerð skuli lúta að umsókninni sem slíkri, eins og 1. ml. 4. mgr. gefur til kynna, eða umsækjandanum sjálfum, eins og dæmi þau sem tekin eru í 2. ml. 4. mgr. gefa til kynna.

Í öðru lagi er ljóst að þau málefni sem heimilt er að skipa með fyrirmælum framkvæmdavaldsins verða að vera nokkuð afmörkuð. Er því lagt til að frumvarpið taki nánar á því hvað það er sem ráðherra getur sett frekari reglur um.

Í þriðja lagi er gerð sérstök athugasemd við það að ráðherra geti sett skilyrði um tiltekið rekstrarform skráningarstofu í reglugerð. Nægjanlegt ætti að vera að kveða á um hvaða skilyrði skráningarstofa skuli uppfylla, sbr. 6. gr. frumvarpsins, óháð formi hennar.

Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar vekur athygli á því að kveða þarf með nánari hætti á um tæknilegt hæfi skráningarstofu í a-lið 1. mgr. ákvæðisins. Í stað þess að vísa til reglna sem Póst- og fjarskiptastofnun setur án frekari tilgreiningar mætti vísa til þess að slíkar reglur skuli byggja á tilgreindum alþjóðlegum stöðlum, sbr. RFC 1591 sem öllum skráningarstofum ber að vinna eftir samkvæmt fyrir mælum ICANN.

Hvað b-lið 1. mgr. ákvæðisins varðar vill umbjóðandi okkar taka fram að rekstrargjald það sem þar er mælt fyrir um, þ.e.a.s. 4,9% af bókfærðri veltu, er mun hærra en gildir um önnur fjarskiptafyrirtæki, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun þar sem kveðið er á um 0,3% rekstrargjald. Lagt er til að árlegt rekstrargjald miðist við sama hlutfall, þ.e. 0,3% af bókfærðri veltu, þannig að jafnræðis sé gætt milli skráningarstofu höfuðléna og annarra fjarskiptafyrirtækja.

Í þessu sambandi er jafnframt ástæða til þess að áréttu það sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu þar sem fram kemur að frumvarpið feli í sér óverulega viðbót við eftirlitsskyldur Póst- og fjarskiptastofnunar. Það fæst því ekki séð hvernig hægt er að réttlæta hið háa árlega rekstrargjald.

Umbjóðandi okkar ítrekar jafnframt þá ábendingu að búsetuskilyrði ákvæðisins kunni að brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og aðild Íslands að OECD.

Þá gerir umbjóðandi okkar alvarlegar athugasemdir við rétt Póst- og fjarskiptastofnunar til að setja viðbótarskilyrði og leggja sérstakar kvaðir á skráningarstofur, án þess að slíkar heimildir séu nánar útlistaðar í frumvarpinu. Mikilvægt er að slíkt framsal valdheimilda með lögum sé nægjanlega afmarkað.

Að lokum skal tekið fram að skýra þarf í 4. mgr. ákvæðisins betur, hver það er sem hefur heimild til þess að breyta skilyrðum starfsleyfis auk þess sem rétt er að vísa til alþjóðasamninga sem Ísland er skuldbundið af.

Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins

Tilvísanir c- og d-liðar 1. mgr. ákvæðisins til „landslénsins“ og í „undirlén höfuðlénsins“ virðast eiga að vísa til „íslenska höfuðlénsins“, enda er skráningarstofu falið að annast umsjón tiltekins íslensk höfuðléns.

Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af þeirri staðreynd að hugtakið „rétthafaskrá“ er skilgreint í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. ákvæðisins verði breytt með eftirfarandi hætti: „Skráningarstofa skal halda rétthafaskrá.“ Í því sambandi skal jafnframt tekið fram að ranglega er vísað í vistunaraðila léna í 1. mgr. en eins og fram kemur í skilgreiningunni sjálfri á þarna að vísa í nafnaþjóna.

Í 3. mgr. ákvæðisins virðist vanta orðið „tryggja“ inn í setninguna, þ.e.a.s. skráningarstofa skal leitast við að tryggja að upplýsingar í rétthafaskrá séu ætíð réttar. Þá verður jafnframt að telja réttara að veita rétthafa færi á að „skrá réttar upplýsingar“, í tilviki ófullnægjandi eða rangra upplýsinga, í stað þess að veita honum færi á að „afla réttra upplýsinga“, með hliðsjón af þeirri staðreynd að rétthafar sjá sjálfir um skráningar.

Um 4. mgr. ákvæðisins, þar sem kveðið er á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa aðgang að rétthafaskrá, vísast til umfjöllunar um 15. gr. frumvarpsins.

Auk þess er lagt til að 2. ml. 4. mgr. ákvæðisins verði breytt með þeim hætti að þar sé kveðið á um að skráningarstofa skuli vista læst afrit af rétthafaskrá hjá þar til bærum vistunaraðila (e. escrow agent). Í tilviki gjaldþrots skráningarstofu eða meiriháttar brota, sem skráningarstofa hefur ekki bætt úr þrátt fyrir áskoranir þar um, hefði Póst- og fjarskiptastofnun heimild til þess að nálgast rétthafaskrána.

Athugasemdir við 11. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir athugasemd við það skilyrði ákvæðisins að rétthafi léns skuli hafa tengsl við Ísland. Ekki er nánar útskýrt í frumvarpinu um hvers konar tengsl þurfi að vera að ræða eða hvernig skráningarstofu ber að sannreyna slík tengsl. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að rétthafaskráning er rafræn og því kann að vera ómögulegt fyrir skráningarstofu að framfylgja þessu skilyrði.

Ástæða er jafnframt til þess að benda á að langflest landslén þróaðra ríkja eru opin fyrir skráningu erlendra aðila. Þannig líta mörg lönd á skráningu erlendra aðila á lénum undir þeirra landslénom sem landkynningu. Rétthafaskrá umbjóðanda okkar sýnir jafnframt að skráning erlendra aðila á .is lénum er í langflestum tilvikum á grundvelli vörumerkjaréttar eða annarra sambærilegra tengsla. Þá er skráning á .is lénum oft upphafið af viðskiptalegum tengslum við landið.

Þá ítrekar umbjóðandi okkar þá ábendingu að það að halda lista yfir frátekin lén sem hafna ber skráningu á kann að vera talið andstætt lögum. Í því sambandi er ástæða til þess að benda á ákvörðun stjórnlagaráðs Frakklands frá 6. október 2010 þar sem niðurstaðan var sú að frönsk lénalög, sem m.a. takmörkuðu lénaskráningar með ákveðnum hætti, voru talin brjóta gegn ákvæði frönsku stjórnarskrárinnar um prent- og tjáningarfrelsi. Hefur þessi ákvörðun verið túlkuð með þeim hætti að takmörkun á lénaskráningum á grundvelli svokallaðra bannlista geti verið talin brjóta gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi.³

Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins

Þar sem frumvarpið vísar almennt til íslenskra höfuðléna þykir rétt að 1. mgr. ákvæðisins vísi til þess að skráning léns undir „íslensku höfuðléni“ skuli fela í sér einkaafnotarétt af hinu skráða léni á gildistíma þess, í stað þess að kveða á um skráningu undir „landsléni“.

Athugasemdir við 13. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar ítrekar þá ábendingu að eftirfarandi texti eigi frekar heima í athugasemdum en í ákvæðinu sjálfu: „þ.e. fjarlægja skráningu þess úr nafnaþjónum landslénsins.“

Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar leggur til að hugtakið „umskráning“ sé skilgreint í 4. gr. frumvarpsins, t.a.m. með eftirfarandi hætti: „Umskráning felur í sér framsal á léni og breytingu á rétthafa léns“, en 14. gr. frumvarpsins kveði aðeins á um hvernig standa skuli að henni.

Þá skal á það bent að það skilyrði að skráður rétthafi og nýr rétthafi skuli báðir gefa sannanlegt samþykki sitt fyrir framsali er ekki framkvæmanlegt þar sem nýr rétthafi hefur ekki aðgang að rafrænni rétthafaskrá. Nægjanlegt þykir að skráður rétthafi

³ Á eftirfarandi vefsíðu má nálgast umrædda ákvörðun stjórnlagaráðs Frakklands, http://www.conseil-constitutionnel.fr/conseil-constitutionnel/root/bank_mm/anglais/en201045qpc.pdf.

samþykki slíkt framsal. Í framkvæmd er nýjum réttthafa tilkynnt um breytta skráningu eftir að hún hefur farið fram. Hafi hann athugasemdir við skráninguna gefst honum þá tækifæri á að koma þeim á framfæri.

Athugasemdir við 15. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. ákvæðisins er vísað til þess að Póst- og fjarskiptastofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna, þ.m.t. starfsemi skráningarstofu og eftir atvikum skráningaraðila og réttthafa. Ekki fæst séð undir hvaða kringumstæðum Póst- og fjarskiptastofnun á að geta haft eftirlit með skráningaraðilum og rétthöfum.

Hvað varðar þá ráðagerð að Póst- og fjarskiptastofnun geti yfirtekið búnað og gagnagrunn skráningarstofu, sbr. 4. mgr. ákvæðisins, er á það bent að slíku verður ekki við komið gagnvart umbjóðanda okkar nema að fullar bætur komi fyrir. Þannig er ljóst að umbjóðandi okkar á eignarrétt að þeim gagnagrunnum sem hann hefur byggt upp í starfsemi sinni, þ.á m. whois gagnagrunninum sem felur í sér réttthafaskrá umbjóðanda okkar.

Gagnagrunnar geta notið höfundaverndar á grundvelli 6. gr. höfundalaga nr. 73/1972 („höfundalög“), enda sé höfundaskilyrðum uppfyllt. Á grundvelli 3. gr. höfundalaga á höfundur slíks gagnagrunns einkarétt til að gera eintök og birta verkið og gildir sá réttur í 70 ár frá næstu áramótum eftir lát höfundar, sbr. 43. gr. höfundalaga.

Þá geta framleiðendur gagnagrunna jafnframt notið sérstakrar *sui generis* verndar fyrir gagnagrunna sem hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar, sbr. 1. mgr. 50. gr. höfundalaga. Framleiðendum slíkra grunna er veittur einkaréttur til eintakagerðar og birtingar grunnsins í heild eða að verulegum hluta og helst sá réttur í 15 ár frá næstu áramótum eftir að verkið varð til, eða grunnurinn var birtur almenningi sbr. 2. mgr. 50. gr. höfundalaganna.

Ekki er um það deilt að gagnagrunnar umbjóðanda okkar njóta a.m.k. *sui generis* verndar höfundalaga. Á grundvelli þeirrar verndar er ljóst að íslenska ríkinu er ekki stætt á að skylda umbjóðanda okkar til þess að afhenda þriðja aðila gagnagrunnana. Slíkt myndi fela í sér brot á lögvernduðum réttindum umbjóðanda okkar.

Þá gerir umbjóðandi okkar athugasemdir við 5. mgr. ákvæðisins en ekki fæst séð hvað átt er við með umræddu ákvæði, í hvers konar aðgang er verið að vísa og hvaða aðilum ber að veita slíkan aðgang.

Athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins

Umbjóðandi okkar ítrekar þá ábendingu að orðið WACC eigi frekar heima í athugasemdum með frumvarpinu en í ákvæðinu sjálfu.

Þá bendir umbjóðandi okkar á að 4. mgr. ákvæðisins er enn illskiljanleg og er ástæða til þess að bæta þar sérstaklega úr.

Athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins

Umbjóðandi okkar gerir alvarlegar athugasemdir við það að hann þurfi að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sem hann hefur haft með höndum í nær 25 ár. Umbjóðandi okkar sá um að koma starfsemi höfuðlénsins .is á laggirnar, hann hefur fjárfest gríðarlega í starfseminni og byggt hana upp í öll þessi ár. Það að honum beri að sækja nú um sérstakt starfsleyfi til þess að halda starfsemi sinni áfram er því fráleitt og ósanngjarnt auk þess sem það brýtur gegn stjórnarskrárvörðum réttindum umbjóðanda okkar.

Verði umbjóðanda okkar gert að sækja um slíkt starfsleyfi er gerð sérstök athugasemd við gildistíma slíks leyfis, sbr. það sem áður segir í athugasemdum umbjóðanda okkar við 5. gr. frumvarpsins. Er þess krafist að lágmarki að starfsleyfið verði ótímabundið, en Póst- og fjarskiptastofnun hafi heimild til þess að afturkalla leyfið í tilviki grófra brota umbjóðanda okkar.

Að lokum er óskað eftir að umbjóðandi okkar fái að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir helstu atriði þessarar umsagnar.

Virðingarfyllst
LOGOS lögmennspjónusta



Hjördís Halldórsdóttir LL.M., hrl.

Fylgiskjöl:

1. Bréf LOGOS lögmennspjónustu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 17. nóvember 2010.
2. Bréf frá innanríkisráðuneytinu til Internet á Íslandi hf., dags. 21. febrúar 2012.
3. Lag (2006:24) um nationella toppdomäner för Sverige på Internet.

Reykjavík, 17. nóvember 2010

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir Internets á Íslandi hf. við drög að frumvarpi til laga um landslénid .IS – nóvember 2010

Internet á Íslandi hf. (ISNIC) hefur leitað til LOGOS og óskað eftir aðstoð við gerð athugasemda við drög að frumvarpi til ofangreindra laga („frumvarpið“) en félagið kom áður að athugasemdum við frumvarpið með bréfi, dags. 12. nóvember 2010. Þegar þeim athugasemdum var komið á framfæri boðaði félagið að frekari athugasemdir yrðu gerðar.

Ákvæði 1. og 3. gr., sem og 1. mgr. 5. gr., 3. másl. 5. mgr. 5. gr. og 2. másl. 6. mgr. 5. gr.

Í 1. másl. 1. gr. frumvarpsins segir að „[í]slenska ríkið [fari] með ákvörðunarrétt yfir landsléninu .IS í samráði við þar til bærán aðila sem starfar á alþjóðavettvangi“. Í 3. gr. segir „[i]nnanríkisráðherra fer með yfirstjórn landslénisins .IS...Póst- og fjarskiptastofnun veitir starfsleyfi til skráningarstofu íslenskra höfuðléna og hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.“ Í 1. mgr. 5. gr. segir að sá sem vill reka skráningarstofu fyrir íslenskt höfuðlén skuli hafa til þess starfsleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar, og að starfsleyfi skuli veitt til eins aðila til 5 ára í senn, að undangengnu gagnsæju ferli. Í 3. másl. 5. mgr. 5. gr. segir að leyfishafa sé óheimilt að framselja leyflð, s.s. starfsleyfi sitt, til þriðja aðila. Í 2. másl. 6. mgr. 5. gr. segir að við endurúthlutun, s.s. starfsleyfis, skuli nýr starfsleyfishafi fá aðgang að rétthafaskrá sbr. 8. gr. og nafnþjóni sbr. 9. gr. fyrri starfsleyfishafa.

Um þetta atriði áréttar umbjóðandi minn fyrri athugasemdir sínar, sem hann setti fram við fyrri drög að frumvarpi um sama efni, og sem hann kom á framfæri við ráðuneytið með bréfi, dags. 1. mars s.l. og gerir áskilnað um bótakröfur á hendur íslenska ríkinu verði eignarréttindi þess skert, eða með öðrum hætti gengið gegn hagsmunum umbjóðanda míns þannig að til bótaskyldu stofnst. Nánar verður komið að eignarréttarlegri stöðu umbjóðanda míns í lokakafla bréfs þessa, en umbjóðandi minn telur nauðsynlegt að skýra afstöðu hans nánar að þessu leyti þar sem ekki hefur verið tekið tillit til ábendinga hans að þessu leyti í bréfi hans frá 1. mars s.l.

Ákvæði 4. gr.

Umbjóðandi minn bendir á að um nokkuð óvenjulega gerð lagatexta er að ræða. Í samræmi við viðurkenndar venjur við lagasetningu á Íslandi leggur umbjóðandi minn til að ensk heiti komi einungis fram í athugasemdum við greinina, sem og allar frekari útskýringar á skilgreiningum, það er eftirfarandi þrjár setningar:

„Lén eru samsett úr höfuðlénum...og undirlénum...“

„Með því er átt við að ákveðnu höfuðléni hafi veri úthlutað með vísan til ákveðins ríkis af þar til bærum alþjóðlegum aðila.“

„Með almennum IP fjarskiptanetum er átt við það sem í daglegu tali er nefnt Internetið.“

Ákvæði 5. gr.

Umbjóðandi minn hefur þegar gert almenna athugasemd við ákvæði 1. mgr. 5. gr., 3. másl. 5. mgr. 5. gr. og 2. másl. 6. mgr. 5. gr. vegna eignarréttinda sinna. Til viðbótar er rétt að nefna að óþarfi er að taka fram að starfsleyfi skuli veita að undangengnu opnu og gagnsæju ferli, enda hvílir sú skylda á íslenska ríkinu að úthluta takmörkuðum réttindum í opnu og gagnsæju ferli óháð þessu frumvarpi. Viðurkennd venja við lagasetningu á Íslandi er að ekki sé tekið fram það sem engin þörf er á að taka fram. Sama athugasemd á við um 2. mgr. í heild sinni.

Í 3. mgr. segir að umsækjandi skuli upplýsa um „[eignarhlutföll] þeirra“, en hér virðist vera átt við að umsækjandi skuli upplýsa um eignarhald sitt og eignarhlutföll eigenda. Er mælt til þess að textinn verði lagfærður svo.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji skilyrði sem umsókn skal uppfylla í reglugerð og þá segir að m.a. skuli kveðið á um rekstrarform o.fl. í reglugerðinni. Hér gerir umbjóðandi minn þann fyrirvara að það málefni sem heimilað er að skipa með fyrirmælum framkvæmdavaldsins verður að vera nokkuð afmarkað. Þá virðist textinn ekki ganga fyllilega upp, m.a. þar sem í síðari setningunni virðist vera átt við skilyrði sem setja skal starfsemi umsækjanda, en ekki umsókninni sem slíkri. Þá er kveðið á um samstarf milli skráningarstofa þó ljóst sé af 1. mgr. að einungis ein skráningarstofa mun hafa leyfi.

Ákvæði 6. gr.

Umbjóðandi minn bendir ráðuneytinu á að búsetuskilyrði kann að fara gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og milliríkjasamningi við Færeyjar, enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki

stofnsamningsins eða Færeyjum. Þá kann slíkt skilyrði að fara gegn aðild Íslands að OECD.

Þá gerir umbjóðandi minn þann almenna fyrirvara við rétt Póst- og fjarskiptastofnunar til að setja viðbótarskilyrði, að slíkt framsal valdheimilda með lögum sé nægilega afmarkað.

Ákvæði 8. gr.

Í lok textans segir „auk almennra sjónarmiða um persónuvernd.“ Væntanlega er átt við að aðgangur að upplýsingum skuli samrýmast lögum um persónuvernd, en textinn er rangt fram settur og leggur umbjóðandi minn til að hann verði lagfærður.

Ákvæði 13. gr.

Í 2. mgr. kemur enn fyrir texti til skýringar á ákvæði, sem á heima í athugasemdum, það er:

„þ.e. fjarlægja skráningu þess úr nafnþjónum landslénsins.“

Ákvæði 15. gr.

Í ákvæðinu er uppi ráðagerð um yfirtöku á búnaði og gagnagrunnum, en rétt er að benda á að slíku verður ekki við komið í bága við eignarréttindi umbjóðanda míns, og þannig yrðu fullar bætur að koma fyrir.

Í lok ákvæðisins er að finna reglugerðarheimild sem er tvítekning á slíkri heimild í lok 10. gr. en jafnframt eru heimildirnar andstæðar hvor annarri því þær eru til sitt hvors aðilans.

Ákvæði 16. gr.

Umbjóðandi minn leggur til að orðið WACC sé ekki notað í lagatextanum, enda á það fremur heima í athugasemdum. Þá er lokamálsliður 4. mgr. illskiljanlegur, t.d. er óljóst hvort átt við er venjulega þjónustu skráningarstofu, auk þess sem ekki virðist gert ráð fyrir eðlilegri arðsemi af starfsemi.

Athugasemdir við frumvarpið.

Um þann kafla frumvarpsins sem felur í sér almennar athugasemdir tekur umbjóðandi minn fram að málfar er á köflum með miklum annmörkum. Leyfir hann sér að hvetja ráðuneytið til að bæta þar úr. Þá er textinn oft á tíðum ónákvæmur eða óskýr. T.d. er óljóst hvort með ráðherranefnd um einkavæðingu á bls. 12 sé átt við aðra nefnd en framkvæmdanefnd um einkavæðingu, og ekkert er útskýrt hvað átt er við með tilvísun til GAC á bls. 13, auk þess sem óljóst er hvort átt er við það sama með tilvísun til GAG á

bls. 14. Almennt vantar upp á að útskýrt sé hvað átt sé við með hinum ýmsu skammstöfunum sérheita skjala eða stofnana. Ekki er unnt að átta sig á því hvað átt er við með þeirri fullyrðingu að með lagasetningu sé ætlunin að tryggja að .IS sé gæðamerki en ekki auglýsing, sbr. bls. 14. Áréttu verður að allur textinn einkennist af álíka ambögum. Er áriðandi að vandað sé til lagasetningar, þar með talið þá hluta frumvarpa sem fela í sér almennar athugasemdir, enda eru þær meðal helstu iögskýringargagna.

Á bls. 16 segir m.a. að í leiðbeiningarreglum GAC komi fram að landslén séu opinberar auðlindir hvers ríkis um sig, og er lagt út frá því á þann veg að íslenska ríkið geti því á grundvelli valdheimilda sinna áskilið sér umráða- og yferráðarétt fyrir landsléninu .IS með lagasetningu. Þá er fullyrt í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins segir að .IS o.fl. lén séu opinber auðlind. Umbjóðandi minn telur að þessi fullyrðing ráðuneytisins standist ekki þá grundvallarforsendu, sem þarf að vera til að um opinbera auðlind sé að ræða, að enginn geti talið til eignar yfir landsléninu .IS.

Umbjóðandi minn telur rétt að rökstyðja þessa afstöðu sína frekar, og tilgreina hvað GAC skjöl segja, nákvæmlega:

Óþarfi að rekja tilurð lénaheitakerfis og þróun þess fyrstu árin. Hins vegar telur umbjóðandi minn rétt að benda á að árið 1997 ákvað Bandaríkjastjórn að lénaheitakerfið skyldi verða einkavætt. Og árið 1998 yfirfærði bandaríska viðskiptaráðuneytið ábyrgðina á því að úthluta IP tölum og lénum til ICANN. Tilgangurinn var þannig að ICANN tæki við þeim verkefnum sem IANA hafði sinnt, m.ö.o. að IANA starfsemi flyttist undir ICANN. ICANN er einkaaðili sem hefur þó ekki hagnað að markmiði með starfsemi sinni. Rammi starfseminnar er samkomulag sem samtökin gerðu við bandaríska viðskiptaráðuneytið. Þann 1. október 2009 gekk svo í gildi annað samkomulag milli ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins sem lýsir grundvelli starfsemi ICANN og samstarfs aðilanna.

Rétt er að geta þess hér að þegar stjórnanda toppléns er breytt, gerist það fyrir tilkynningu til ICANN. ICANN kannar tilkynninguna og ber hana undir bandaríska viðskiptaráðuneytið, enda þarf að fá samþykki ráðuneytisins fyrir breytingum á nafnaþjónum. Ef nýr stjórnandi er ekki stjórnvald í viðkomandi landi er engu að síður haft samráð við þau, og athugað er hvort þau styðji breytinguna. Þegar bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur samþykkt tilkynninguna er hún áframsend til Verisign Inc. sem sér um tæknilegu breytinguna í efsta lagi kerfisins fyrir ráðuneytið. Í þessu felst að völd stjórnvalda í hverju ríki til að ákveða hver skuli vera stjórnandi landsléns, í því kerfi sem hér er til skoðunar, eru takmörkuð, í þeim skilningi að það er ekki á þeirra tæknilega færi að ákveða það og breyta, heldur er það á forræði ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins.¹ Hér er um að ræða atriði sem mikilvægt er að átta sig á til að skilja lagalega umgjörð rótarlénsins .IS, og réttarstöðu umbjóðanda míns.

¹ Hér verður þó að taka fram að stjórnendur landsléna viðsvegar um heiminn kunna að hafa aðra afstöðu en hér kemur fram, það er að segja að það sé í raun ekki á forræði annarra en þeirra sjálfra að breyta því hver

Svonefnt skjal RFC 1591 felur í sér almenn tilmæli sem stjórnendum landsléna er uppálagt að fara eftir þar með talið lýsingu á því hvaða þjónustu eigi að inna af hendi af þeirra hálfu. Í Inngangi tilmælanna kemur fram að sá sem fær úthlutað til sín því verkefni að stýra landsléni inni af hendi almannþjónustu fyrir landið sem um ræðir og fyrir Internetsamfélagið í heiminum. Sérstaklega er tekið á spurningum um eignarhald og annað sambærilegt, sem geta vaknað upp vegna úthlutunar á verkefninu. Segir að slíkar spurningar eigi ekki við (sému "inappropriate"), það sem eigi við ("is appropriate") séu þær spurningar sem varði ábyrgð þá sem úthlutunin feli í sér og sú þjónustuskuldbinding gagnvart samfélaginu sem leiði af henni. Óvarlegt væri að draga einhverjar sérstakar ályktanir af þessu um eignarréttarleg atriði, sérstaklega þar sem ráða má af orðalagi að átt sé við hvernig þeir sem umsjón hafa með landslénum ættu að hugsa um það verkefni, fremur en að verið sé að útiloka að eignarréttur geti verið fyrir hendi.

Hins vegar má sjá afgerandi afstöðu til eignarréttar í eldri útgáfu af leiðbelnandi skjalinu "Principles for Delegation and Administration" sem GAC², sem er nefnd innan ICANN, birti 23. febrúar 2000. Í gr. 4.2 segir:

"No private intellectual or other property rights should inhere in the ccTLD itself, nor accrue to the delegee as the result of delegation or to any entity as a result of the management, administration or marketing of the ccTLD."

Með öðrum orðum var beinlínis sagt að þeir sem fari með umsjón landsléna fari ekki með eignarréttindi, og má sjá ummerki um þessa afstöðu í nálgun ráðuneytisins. Í uppfærðri útgáfu þessa skjals frá 5. apríl 2005, er um nokkuð aðra nálgun að ræða, eins og nánar verður komið að hér að neðan, og er afar áriðandi að frumvarpshöfundar geri sér grein fyrir henni. Í skjalinu er vísað til fyrri yfirlýsingar og aðgerðaráætlunar, WSIS, frá því í desember 2003, þar sem fram komi að stjórnvöldum sé boðið að stjórna eða hafa umsjón með landslénum, eins og við geti átt. Í skjalinu segir að slík þátttaka ætti að byggjast á viðeigandi löggjöf og stefnumörkun þess lands sem um ræðir. Með öðrum orðum má sjá af þessu þá viðurkenningu að leysa þurfi úr málefnum tengdum lénum á grundvelli þeirrar löggjafar sem gildir í hverju landi.

Í 3. gr. skjalsins er að finna ýmsar skilgreiningar sem varpa ljósi á lagalega umgjörð landsléna eins og litið er á hana af ICANN, eða í það minnsta af GAC. Þannig segir í gr. 3.3. að "Delegation", sem hér er þýtt sem úthlutun, merki "the procedures that need to

skuli vera stjórnandi landsléns. Unnt er að rökstyðja þá nálgun með tilvísun í ICP-1. Þá má leiða líkum að því að ýmis ríki telji að forræði þeirra á landslénum, eða a.m.k. tveggja stafa auðkenninum sem slíkum, sé algert, eins og virðist gilda um afstöðu ráðuneytisins. Þessi sjónarmið njóta m.a. styrks í því að stjórnendur hinna ýmsu nafnaþjóna fyrir landslén gætu komið sér saman um að sækja tilvísunarupplýsingar eitthvað annað en í efsta lag kerfisins eins og það er í dag, og sem Verisign Inc. starfrækir fyrir bandaríska viðskiptaráðuneytið. Það yrði hins vegar annað kerfi. Frumvarpið sem hér er til skoðunar varðar hins vegar núverandi kerfi, þar sem ICANN hefur það tæknilega forræði sem hér er lýst.

² Governmental Advisory Committee.

be taken by ICANN/IANA for the inclusion of a ccTLD in the DNS root upon receipt of an authoritative request."

Í gr. 3.4 segir að "Re-delegation" merki "the change of the person or body responsible for the administration of a ccTLD Registry effected by ICANN/IANA upon receipt of an authoritative request.

Í gr. 3.5 segir að "Authoritative request" merki "the request of the delegation or re-delegation concerning a ccTLD Registry addressed to ICANN/IANA by the appropriate body, according to national law, showing that the request is correctly made, authoritative and is in line with applicable law or, in the absence of such law, RFC 1591".

Í gr. 3.6 er "ccTLD Registry" skilgreint sem "entity...responsible for the managing and administering a ccTLD."

Í gr. 3.7 segir að "Designation" merki "decision by the relevant government or public authority or any other body foreseen by national law of the country concerned on the person or body that will be the manager of the relevant ccTLD Registry according to national law."

Í 4. gr. meginreglnanna er sérstaklega kveðið á um hlutverk stjórnvalda:

"4.1 Principles

4.1.1. Ultimate public policy authority over the relevant ccTLD rests with the relevant government or public authority; how this authority is exercised is determined by applicable law.

4.1.2. Every country or distinct economy with a government or public authority recognised in accordance with article 3.8 above should be able to ask for its appropriate country code to be represented as a ccTLD in the DNS and to designate the Registry for the ccTLD concerned.

4.2 Guidelines

4.2.1. The relevant government or public authority is strongly encouraged to ensure that the ccTLD is being administered in the public interest, within the framework of its national public policy and relevant laws and regulations.

4.2.2. The relevant government or public authority should be able to ensure that domain name registration in the ccTLD by Registrars benefits from effective and fair conditions of competition, at appropriate levels and scale of activity.

4.2.3. To give effect to their public policy interests, governments or public authorities may wish to base any communication with ccTLD Registries on the terms outlined in Clause 9.

4.2.4. In making a designation or acceptance for a ccTLD Registry, the government or public authority should take into consideration the importance of long-term stability in the administration and management of the ccTLD and in the DNS. In most cases, such stability may be best served through the designation of an organisation or an enterprise rather than a specific individual."

Af ofangreindu má sjá að það er viðurkennt að stjórnvöld í hverju landi fari með forræði á stefnumörkun vegna landslens sem vísar til þess ríkis, sem og til að tilnefna hver skuli hafa umsjón með landsléni. En, jafnframt, að beita verði valdi í samræmi við þá löggjöf sem gildir í viðkomandi ríki. Þannig er á það minnt að landslög hér, þ.m.t. stjórnarskrá

og Mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994, séu sá grundvöllur sem stjórnvöld verði að fara eftir í þessu sem öðru, óháð því sem segir í skjölum ICANN.

Í 5. gr. skjalsins er fjallað um hlutverk "ccTLD Registry":

"5.1 Principles

5.1.1. The ccTLD Registry is a trustee for the delegated ccTLD, and has a duty to serve the local Internet community as well as the global Internet community. Some governments or public authorities may require their agreement before any subcontracting or sub-licensing of the delegation. Where this agreement is given, the government or public authority should notify ICANN.

5.1.2. In performing their functions ccTLD Registries are subject to applicable law.

5.1.3. Any claim of intellectual property right in the two-letter code in itself shall not impede a change of Registry.

5.2 Guidelines

5.2.1. Any intellectual property rights that the ccTLD Registry may have acquired as the result of delegation or which any entity may have acquired as a result of the management, administration or marketing of the ccTLD shall be taken into account and dealt with in accordance with applicable law in the case of a re-delegation. Such rights should not be exercised in a way that unnecessarily impedes re-delegation of a ccTLD Registry decided according to national law or under the circumstances described under clause 7 below.

..."

Í ofangreindu felst að þeir sem hafa umsjón með landslénnum eru vörsluaðilar þess, og jafnframt felst í þessu viðurkenning þess að þeir sem umsjón hafa með landslénnum geta eignast hugverkarétt. Eðli málsins samkvæmt fer það þó eftir hugverkaréttarlöggjöf í hverju landi fyrir sig.

Í 7. gr. er fjallað um úthlutun og endurúthlutun:

"7.1. Principle

Delegation and re-delegation is a national issue and should be resolved nationally and in accordance with national laws, taking into account the views of all local stakeholders and the rights of the existing ccTLD Registry. Once a final formal decision has been reached, ICANN should act promptly to initiate the process of delegation or re-delegation in line with authoritative instructions showing the basis for the decision.

..."

Í ofangreindu felst enn frekar að afturköllun úthlutunar þurfi að fara að landslögum og að taka verði tillit til réttar þess sem þá þegar fer með umsjón landslénsins.

Í 9. gr. er svo að finna leiðbeiningar um samskipti stjórnvalda og "ccTLD Registry" og í grein 9.1 er sérstaklega vísað til samskipta stjórnvalda og nýskipaðra skráningarstofa. Meðal þess sem mælt er með að kveðið sé á um er staðfesting þess að skráningarstofu sé falin almannþjónusta og að krafa um hugverkarétt í tveggja stafa merkinu sjálfu eigi ekki að hindra mögulegar breytingar á skráningarstofu.

Í skjalinu ICP-1 kemur fram að við úthiutun landsléna séu óskir stjórnvalda viðkomandi lands teknar mjög alvarlega. Rétt eins og í skjalinu RFC 1591, kemur fram að álitamál um réttindi og eignarhaldi á lénum sé óviðeigandi. Það sé hins vegar viðeigandi að velta upp álitaefni tengdum skyldum og þjónustu við samfélagið. Í skjalinu segir einnig að IANA áskilji sér réttinn til að afturkalla og úthluta aftur landslénum ef um brot er að ræða gegn þeim reglum sem fram komi í skjalinu eða í RFC 1591, eða síendurtekin vandamál í stjórnun landslénsins.

Draga má ofangreint saman þannig að litið sé svo á að stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafi mikið um það að segja hverjir hafi umsjón með landslénum, og að ICANN muni fara að óskum stjórnvalda í þeim efnum. Í sjálfu sér stemmir það vel við samskipti SRI-NIC og SURIS í upphafi, sem óþarfi er að rekja hér. Mikil áhersla er lögð á skyldur þeirra sem hafa umsjón með landslénum til að vinna í almannabágu, og að stjórnvöld hafi almennt lagasetningarvald og forræði á hagsmunum ríkisins eða almennings innan sinna landamæra, þ.m.t. hvað varðar landslén. Hins vegar verði að fara að landslögum og gæta að réttindum þess sem þá þegar fer með umsjónina ef um það er að ræða.

Í framhaldi af ofangreindu er rétt að fjalla nánar um réttarstöðuna skv. landslögum, og hver þessi réttindi eru sem gæta þarf að, sbr. ofangreind niðurstaða um hvað skjöl GAC segi.

Um eignarrétt er fjallað í 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár:

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Við túlkun ákvæðisins má hafa hliðsjón af túlkun á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 38/1994:

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagar almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Hugtakið eignarréttur hefur verið skilgreint á þann veg að um sé að ræða „einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknu verðmæti, innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) eignarréttindum annarra manna, sem stofnað hefur verið til yfir verðmætinu.“³ Eignarréttur getur náð yfir bæði hlutbundin og óhlutbundin réttindi í íslenskum rétti.

³ Þorgelr Örlygsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 5.

Hugtakið „eign“, sem er andlag eignarréttarins, hefur verið skilgreint mjög vítt í íslenskum rétti. Þannig hefur því verið haldið fram að:

„eignir séu hverskonar sérstakir, ákveðnir ytri munir, sem hagsmunir, fjárhagslegir eða andlegir, eru við tengdir, og sem eðlilegt er, af einhverjum þeim ástæðum, sem lögin viðurkenna, að tilheyri ákveðnum aðilla þannig, að honum sé heimilt að ráða yfir þeim sem eiganda. Er orðið „munur“ haft hér í mjög víðtækri merkingu, sbr. orðið „fjármunir“, sem tekur yfir öll fjárhagsleg verðmæti, jafnt líkamleg sem ólíkamleg.“⁴

Þá er hefðbundið í íslenskum réttindi að telja til eignar í skilningi stjórnarskrár tiltekna eignarmuni, en líka veðrétt, afnotarétt, kröfuréttindi, einkaréttindi, höfundarétt og yfirleitt öll verðmæt réttindi manna.⁵

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur og í túlkun sinni á 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu skilgreint hugtakið „eign“ afar rúmt. Þannig hafa ýmis réttindi tengd atvinnurekstri verið talin falla undir hugtakið eign, t.d. vinnuveitingaleyfi og skipulagsleyfi, sem og réttindi samkvæmt leigusamningum.⁶ Þá má jafnframt nefna að dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sýnir að þegar dómstóllinn metur hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu lítur hann til allra atvika eða kringumstæðna máls. Meðal atvika sem veita mikilvæga vísbendingu um að svo sé eru upplýsingar um þau lögskipti sem hafa átt sér stað með eign og athafnir eða athafnaleyfi þess ríkis sem í hlut á.⁷ Og eitt af því sem dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans.⁸

Í tilviki umbjóðanda míns er lítt umdeilanlegt að félagið fari með verðmæt réttindi. Einnig er lítt umdeilanlegt að athafnir og athafnaleyfi íslenska ríkisins, ekki síst einkavæðing umbjóðanda míns, styrki að lítið verði svo á að um eign sé að ræða í skilningi stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Með öðrum orðum hefur sú athöfn íslenska ríkisins að selja hluti sína í umbjóðanda mínum skapað lögmæta væntingu um að réttindin til að fara með umsjón landslénsins .IS séu eign umbjóðanda míns.

Hér má einnig nálgast álitafnið út frá þeim reglum sem um beinan og óbeinan eignarrétt gilda. Í beinum eignarrétti hefur verið talið felast að maður hafi raunveruleg yfirráð yfir eign. Í því felst annars vegar heimild eiganda til þess að hagnýta viðkomandi eign í samræmi við samnings- og lögbundnar takmarkanir og réttur hans til að koma í veg fyrir að aðrir nýti sér réttindin og hins vegar réttur eigandans til að ráðstafa eign sinni með löggerningum eða veita öðrum heimild til þess.⁹

⁴ Ólafur Lárusson. *Eignarréttur I*. Bls. 11.

⁵ Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur Mannréttindi*. Bls. 448.

⁶ Guðrún Gauksdóttir. *Mannréttindasáttmáli Evrópu*. Bls. 477.

⁷ Guðrún Gauksdóttir. *Guðrúnarbók*. Bls. 266.

⁸ Guðrún Gauksdóttir. *Eru aflaheimildir „eign“ í skilningi 72. gr. stjkskr.? Álitsgerð 27. október 2005*. Bls. 16.

⁹ Þorgeir Örlygsson. *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 22.

Eins og ljóst má vera af samskiptum SURIS og SRI-NIC, þeim skjölum ICANN sem reifuð eru hér að ofan, samrýmist sú umsjón sem umbjóðandi minn hefur með .IS landsléninu ekki vei þessari skilgreiningu á beinum eignarrétti. Umbjóðandi minn hefur ekki raunverulegu yferráð yfir .IS þar sem ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytið fara með raunverulegu yferráðin, sem birtist m.a. í því að ICANN bæði getur og má afturkalla umsjón umbjóðanda míns með landsléninu. Umbjóðandi minn hefur ekki heimild til að ráðstafa .IS með löggerningi heldur er tilfærsla háð ákvörðun ICANN og bandaríska viðskiptaráðuneytisins.

Óbeinn eignarréttur vísar til þess að um takmörkuð eða óbein eignarréttindi sé að ræða og því þurfa a.m.k. tveir aðilar að vera eigendur eignarinnar í skilningi eignarréttar til að um slíkt geti verið að ræða. Ýmsar tegundir óbeins eignarréttar hafa verið skilgreindar en hvað varðar landslénið .IS kemur einkum afnotaréttur til skoðunar. Með afnotarétti er vísað til heimilda aðila til hagnýtingar og umráða eignar sem er undirorpin eignarrétti annars aðila. Algengt dæmi er húsaleigusamningur sem tryggir leigjanda íbúðarhúsnæðis afnot af húsinu í ákveðinn tíma gegn ákveðinni greiðslu.¹⁰

Af ofangreindri skilgreiningu má ráða að til að komast að niðurstöðu um hvort um óbein eignarréttindi umbjóðanda míns sé að ræða, verði fyrst að svara til um það hvort um sé að ræða eign sem sé undirorpin beinum eignarrétti ICANN, eða annars aðila, sem sagt eins og því álitaeefni yrði svarað á grundvelli íslenskra laga.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur ICANN réttinn til að afturkalla og endurúthluta umsjón með landsléninu .IS. Hins vegar virðist enn gilda að endanlegt ákvörðunarvald um tilfærslu umsjónar, eða hvaða tölva fái að vera nafnaþjónn fyrir viðkomandi landslén, liggi hjá bandaríska viðskiptaráðuneytinu sem kann að draga úr því að litið verði svo á að um beinan eignarrétt sé að ræða hjá ICANN einu. Bandaríska viðskiptaráðuneytið hefur yferráð yfir þeim vélum sem segja má að séu efstar í kerfinu, þar sem hin eiginlega tæknilega yfirfærsla nafnaþjóna þarf að fara fram, í þeim skilningi að nafnaþjónn fyrir ISnet hér gegnir því hlutverki vegna þess að hann er skráður sem slíkur í rótarþjóni sem vistaður er fyrir bandaríska viðskiptaráðuneytið. Þannig fer bandaríska viðskiptaráðuneytið ekki bara með endanlegt ákvörðunarvald um ráðstöfun landslénsins, heldur ræður það líka yfir þeim búnaði sem máli skiptir um þessa ráðstöfun. Þá virðist ekkert mæla því í mót að um fjárhagslegt verðmæti sé að ræða, óháð því hvort stjórnvöld kjósa að halda verðmætunum hjá sér og heimta ekki gjald fyrir afnot þeirra, enda mætti tæknilega selja bæði ráðstöfunarréttinn og búnaðinn í hendurnar á öðrum.

Hér virðist því lítt umdeilanlegt að fram sé komin eign eins og hún er skilgreind að ofan, það er að segja sérstakur, ákveðinn ytri munur (fjárhagslegt verðmæti) sem tilheyrir ákveðnum aðila þannig, að honum sé heimilt að ráða yfir honum sem eiganda. Hvort heldur sem litið yrði á að bandaríska viðskiptaráðuneytið hefði eitt ráðstöfunarrétt sem eigandi, eða ICANN að einhverju leyti líka, er vandséð að unnt sé að útiloka að landslén

¹⁰ Þorgeir Örlygsson, *Kaflar úr eignarrétti I*. Bls. 23.

.IS sé í undirorpið beinum eignarrétti, ef horft er til skilgreiningar beins eignarréttar í íslenskum rétti.¹¹

Í samræmi við ofangreint verður að telja að lítt umdeilanlegt sé að yferráðaréttur ICANN og/eða bandarískra stjórnvalda hafi einkenni beinna eignarréttinda eins og hann er skilgreindur að íslenskum rétti.¹² Hvað óbein eignarréttindi umbjóðanda míns varðar, hér afnotarétt, standa jafnframt lítt umdeilanlegt rök til þess að umbjóðandi minn hafi heimild til hagnýtingar og umráða eignarinnar. Hagnýting felst m.a. í því að skrá lén undir landsléninu og umráðin í því að hýsa nafnþjóninn fyrir landsléninu.

Rétt er að geta þess að m.a. í Danmörku hafa verið reifuð sjónarmið um aðra lagalega stöðu landsléna, og virðist nokkuð horft til þess í frumvarpinu. Í undirbúningsgögnum fyrir dönsku löggin um landslén,¹³ eru þannig reifuð sjónarmið um að landslén séu sambærileg opinberum auðlindum, á borð við auðlindir í jörðu. Sambærilega nálgun má sjá í eldri álitserð Andra Árnasonar hrl. fyrir ráðuneytið, og í ráðagerð þeirri sem birtist í athugasemdum við frumvarpið. Í álitserð Andra er getið um Hæstaréttardóm sem finna má í dómasafni Hæstaréttar 1981, bls. 1584, og sem nefndur hefur verið Landmannaafréttardómur. Dómurinn hafnaði þeirri skoðun að ríkið ætti eignarréttarlegt tilkall til lands sem ekki væri undirorpið eignarrétti annarra. Hæstiréttur vísaði til þess að ríkið hefði viðurkennt að íbúar í nágrenni landsins ættu takmörkuð eignarráð yfir landinu. Alþingi hefði ekki sett lög um efnið, en slík lagasetning væri eðlileg leið til þess að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið.

Um þessi sjónarmið vill umbjóðandi minn fyrst og fremst láta þess getið að til að um opinbera auðlind sé að ræða þarf að líta til þess hver fari með eiginlegan ráðstöfunarrétt fyrir landsléninu. Þar sem bandaríska viðskiptaráðuneytið og/eða ICANN hafa það vald yfir landsléninu sem þegar hefur verið lýst, verður að draga í efa að þessi nálgun samrýmist þeim skilningi á opinberum auðlindum að enginn geti talið þær sér til einkaréttarlegrar eignar. Vafalítið má og rekja þau viðhorf sem dönsku löggin byggja á á þeirri staðreynd að .dk hefur aldrei verið úthlutað til einkaaðila, og því engin þörf á að nálgast álitaefnið að teknu tilliti til réttinda danskra einkaaðila. Umbjóðandi minn tekur fram að hann heldur því ekki fram að framangreint breyti heimild íslenska ríkisins til að

¹¹ Þetta er í andstöðu við eldri álitserð Andra Árnasonar hrl. til ráðuneytisins, sbr. bls. 11-12, sem umbjóðandi minn vísar til í bréfi hans frá 1. mars s.l. Hinsvegar er rétt að taka fram að í álitserð Andra er í raun ekki annað sagt en að ekki verði talið að ICANN fari með eignarrétt að landsléni í hefðbundinni merkingu þess orðs, án þess að nokkuð nánar sé farið út í hvað sé hefðbundin merking orðsins eignarréttur.

¹² Hér má þó minna á það sjónarmið sem birtist í skjölum ICANN um að ríkt tillit verði tekið til óska stjórnvalda í hverju landi fyrir sig. Velta má því fyrir sér hvort ICANN og bandarísk stjórnvald geti ákveðið umsjón .is án heimildar íslenskra stjórnvalda, þar sem ís tilgreiningin verði talin svo nátengd hagsmunum íslenska ríkisins. Svarið við því er að ekki er unnt að setja innlenda löggjöf sem bannar ákvörðun umsjónar án heimildar íslenskra stjórnvalda, enda hafa íslensk lög og reglur ekki áhrif utan yferráðasvæðis íslenska ríkisins. Jafnvel þó unnt væri að mæla fyrir um í löggjöf að íslenskir aðilar mættu ekki hafa umsjón með landsléninu myndi það að minnsta kosti ekki hamla því að ICANN ráðstafaði .is landsléninu til annarra utan Íslands. ICANN hefur oftan en elnu sinni ákveðið umsjón með landsléni þannig að erlendu aðili farl með hana.

¹³ *Betænkning om administration af domænenavne i Danmark*. Betænkning nr. 1450, bls. 250-251. Gögnin eru aðgengileg á <http://www.itst.dk/nummerforhold-og-domaener/domeneomraedet/filarkiv/filer-domeneudbud/Betenkning%20nr%201450.pdf>.

setja reglur um meðferð landslénsins, sem meðal annars tækju til starfsemi umbjóðanda míns, t.d. þannig að unnt sé að ná fram þeim megintilgangi sem lýst er í frumvarpinu, að tryggja öryggi.

Til viðbótar við ofangreint er rétt að áréttta þá athugasemd sem umbjóðandi minn hefur áður komið á framfæri, að gagnagrunnar hans eru hans eigin eign, og njóta lögverndar sem síðkar. Má leiða að því líkum að tilvísun GAC til hugverkaréttar þeirra sem fari með umsjón landsléna vísi m.a. til þessa.

Þá er rétt að áréttta að einkavæðing umbjóðanda míns og sú umsjón sem umbjóðanda mínum hefur verið fengið með landsléninu nýtur verndar samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu á grundvelli lögmætrar væntingar, og þar með líklega einnig samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár. Nánar tiltekið er lögmæt vænting hluti þess sem Mannréttindadómstóllinn lítur til þegar hann metur hvort eitthvað sem einhver telur eign sína njóti verndar skv. eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Guðrún Gauksdóttir segir t.d. í greininni „*Friðhelgi eignarréttar*“ í bókinni Mannréttindasáttmáli Evrópu, á bls. 478, „[e]itt af því sem [Mannréttinda]dómstóllinn lítur til er hvort atvik málsins séu þess eðlis að þau hafi skapað lögmæta væntingu hjá kæranda um að umdeild verðmæti eða hagsmunir væru eign hans...Telji Mannréttindadómstóllinn að um lögmætar væntingar hafi verið að ræða hjá kæranda leiðir það til þess að um eign er að ræða sem nýtur verndar sáttmálans.“

Það sem hér skiptir máli er sá óbeini eignarréttur sem rökstutt hefur verið hér að ofan að sé á hendi umbjóðanda míns og vernd hans vegna lögmætra væntinga kaupanda, eða jafnvel félagsins sjálfs.

Guðrún skýrir hugtakið lögmæta væntingu með því að nefna tvo dóma Mannréttindadómstólsins. Í öðru málinu¹⁴ hafði aðili fengið skipulagsleyfi í Írlandi og þar sem það var óafturkallanlegt taldist það eign hans. Í hinu málinu¹⁵ hafði maður í Bretlandi gert leigusamning um leigu á jörð til 22ja ára en einnig var kveðið á um möguleika á endurnýjun samningsins til tiltekins tíma eftir að hann rynni út. Kærandi reisti nokkrar byggingar fyrir eigin kostnað á landinu. Mannréttindadómstóllinn taldi að líta yrði svo á að kærandi ætti a.m.k. lögmæta væntingu til þess að nýta sér möguleika sinn til að endurnýja samninginn og að væntingin væri í skilningi eignarréttarákvæðisins tengd eignarrétti þeim sem kærandi öðlaðist á grundvelli samningsins.

Svo segir Guðrún á bls. 479: „Í þessum málum taldi dómstóllinn að kærendur hefðu getað treyst því að þær réttarathafnir (e. legal act) sem lágu til grundvallar fjárhagsskuldbindingum þeirra gætu ekki verið ógiltar með afturvirkum hætti þannig að það ylli þeim tjóni. Í þessari tegund mála hafði hin lögmæta vænting verið byggð á réttmætu trausti á réttarathöfn, sem hvíldi á traustum lagagrundvelli og sem varðaði eignarrétt.“

¹⁴ Case of Pine Valley Developments Ltd. and Others v. Ireland, application no. 12742/87.

¹⁵ Case of Stretch v. The United Kingdom, application no. 44277/98.

Hvað síðarnefndan dóminn varðar er athyglisvert að kærandi tilkynnti um að hann vildi endurnýja leigusamninginn, en fékk þá neitun á þeim grundveili að það hefði verið *ultra virus*, s.s. án heimildar og þannig brot á lögmætisreglu, að veita honum réttinn til endurnýjunar. Mannréttindadómstóllinn leit til þess að þó ensk lög viðurkenndu að rétturinn væri ógildur þar sem ekki hefði verið heimild til að veita hann, yrði engu að síður að horfa til þess að gengið hefði verið til samninga á þeim grundveili að möguleiki væri á endurnýjun. Hvorugum aðila hefði verið ljóst að lagalegar hindranir væru því í vegi að samið yrði á þennan veg. Kærandi hefði síðan byggt á landinu, greitt gjöld og gert framleigusamninga. Hann hefði augljóslega vænst þess að endurnýja samninginn og halda áfram að njóta leigugreiðslna á grundveili framleigusamninganna. Gengið hefði verið til samningaviðræðna um endurnýjunina, hann hefði undirritað samninga á þeim grundveili, og gert síðan samninga við sína leigjendur. Það hefði verið mjög seint sem sveitarfélagið hefði hreyft við andmælum. Í þessum aðstæðum hefði kærandi a.m.k. átt lögmæta væntingu til þess að nýta rétt sinn og líta mætti svo á að þessar lögmætu væntingar væru tengdar þeim eignarrétti sem honum var fenginn með leigusamningnum við sveitarfélagið.

Hvað varðar það álitaefni hvort brotið hefði verið gegn eignarréttindum („[w]hether there was an interference with possessions”) þá benti breska ríkið á að þar sem sveitarfélaginu hefði ekki verið skylt að endurnýja samninginn, hefði höfnun þess ekki falið í sér brot. Rétturinn leit hins vegar svo á að með tilliti til skilmála samningsins hefði verið brotið gegn lögmætum væntingum sem risu á grundveili hans og því hefði hann verið sviptur hluta af gagngjaldinu („consideration”) sem hann hafði reitt af hendi þegar hann gekk til samningsins. Hvort sem um var að ræða eignarsviptingu eða íhlutun í réttinn til að njóta eigna sinna í friði, þyrfti því að réttlæta höfnunina á grundveili 1. gr. 1. viðauka við Mannréttinasáttmálann. Eitt af því sem dómstóllinn benti á í því sambandi var að gæta yrði að jafnvægi milli þess sem hagur almennings bjóði og grundvallarréttinda einstaklinganna. Þannig yrði að gæta meðalhófs í beltingu lögmætisreglunnar.


Nokkur líkindi eru með ofangreindu máli og þeirri aðstöðu sem kann að leiða af frumvarpinu óbreyttu. Þannig gekk kaupandi að meirihluta hlutfjár í félaginu til samninga við ríkið um kaup á því, og af því risu lögmætar væntingar um að hann gæti notið eignarréttinda sinna í félaginu, og svo óbeint eigna félagsins, rétt eins og leigjandinn í málinu átti lögmætar væntingar til þess að geta framleigt landið og haft af því leigugreiðslur. Gagnvart félaginu má með sama skapi teija að það hafi vegna athafna og athafnaleysis íslenska ríkisins haft lögmætar væntingar til að njóta eignarréttinda sinna, enda verður að telja umsjón félagsins með landsléninu .IS óbein eignarréttindi þess, líkt og gildir um leigusamninga.

Í samræmi við allt ofangreint verður að telja að réttur íslenska ríkisins til að svipta umbjóðanda minn umsjón með landsléninu .IS sé háður því að fullt verð komi fyrir, og jafnvel þó svo yrði er gerður fyrirvari um að skilyrði 72. gr. stjórnarskrár séu uppfyllt. Þessi niðurstaða breytir þó engu um mögulegar heimildir íslenska ríkisins til að setja reglur um meðferð landslénsins, sem meðal annars tækju til starfsemi umbjóðanda míns, og hefur hann ítrekað lýst yfir stuðningi við lagasetningu. Í því sambandi skorar

umbjóðandi minn á ráðuneytið að taka tilhlýðilegt tillit til eignarréttinda hans í samræmi við það sem hér hefur verið rakið, og aðlaga frumvarpið að þessum réttindum.

Áréttu verður að lokum að fullur vilji er til staðar hjá umbjóðanda mínum til að styðja áfram lagasetningu á þessu sviði, eins og áður, og vill hann eindregið eiga frekari samvinnu við ráðuneytið í þeim efnum.

Virðingarfyllst
LOGOS lögmannspjónusta


Hjördís Halldórsdóttir, LL.M., hdl.



ISNIC - Internet á Íslandi hf.
Höfðaturninn, Höfðatúni 2
105 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 21. febrúar 2012
Tilv.: IRR11090245/19.1

Efni: Aðgangur að gögnum um áætlaða fjárþörf eftirlitsstofnunar vegna fyrirhugaðs eftirlits á lénamarkaði

Með vísan til bréfs dags. 17. febrúar 2012, um beiðni um aðgang að gögnum um áætlaða fjárþörf Póst- og fjarskiptastofnunar vegna eftirlits sem stofnuninni er ætlað að hafa með starfsemi ISNIC skv. frumvarpi til laga um landslénið .IS, sendist hér meðfylgjandi sundurliðun kostnaðar.

Líkt og kunnugt er voru drög að frumvarpi til laga um landslénið .IS og önnur íslensk höfuðlén kynnt í opnu samráði á vef þáverandi samgönguráðuneytis þann 5. nóvember 2010. Áður hafði starfshópur um framtíðarskipan lénamála rætt um gjaldtöku vegna kostnaðar við eftirlit, m.a. á fundi þann 27. október 2010. Var á fundinum almennur samhljómur meðal nefndarmanna um það að mun heppilegra fyrirkomulag væri að koma á rekstrargjaldi, en að leggja sérstakt gjald á hvert skráð lén. Var meðal annars litið til þess að sambærilegt fyrirkomulag um fjármögnun eftirlits gildir á fjarskiptamarkaði og póstmarkaði. Eðlilegt væri að rekstrargjald væri tengt umsvifum skráningarstofu, og hlutfallsleg velta ágætt viðmið í því samhengi. Var þó ákveðið að æskilegt væri að fá athugasemdir um þetta álitamál í opnu samráði.

Í frumvarpi því sem lagt var í opinbert samráð var því lagt til að gjald skyldi lagt á skráningarstofu sem eftirlitsstofnun væri ætlað að innheimta í samræmi við gildandi fyrirkomulag um fjarskiptafyrirtæki samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003. Með gjaldinu væri ætlunin að standa undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar sem m.a. felur í sér útgáfu starfsleyfis, samningu og útgáfu reglna sem skráningarstofa starfar í samræmi við og úrlausn deilumála í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Við áætlun á kostnaði við eftirlit var stuðst við áætlun á kostnaði við eftirlit frá Póst- og fjarskiptastofnun, sem gerði bæði ráð fyrir stofnkostnaði við upphaf eftirlits og í framhaldi almennt eftirlits, sem sjá má í meðfylgjandi fylgiskjali (fylgiskjal 1), þar sem stofnunin hefur með nokkuð ítarlegum hætti sundurliðað og rökstutt þann kostnað sem áætlað er að falli til við að sinna eftirlitsskyldum samkvæmt frumvarpinu. Engu að síður var það mat ráðuneytisins að kostnaður vegna eftirlits væri nokkuð hár og var því eftir fremsta megni reynt að draga úr kostnaði vegna eftirlits, án þess þó að það myndi bitna á gæðum eftirlits. M.a. var dregið úr hlutverki eftirlitsstofnunar við gerð reglugerða, dregið úr

Minnisblað - desember 2010

Frumvarp til laga um landslénið .IS og önnur höfuðlén

Lagt hefur verið mat á þann áætlaðan viðbótarkostnað sem fellur á Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vegna umsýslu og eftirlits með framkvæmd laga um landslénið .IS og önnur höfuðlén skv. þeim frumvarpsdrögum sem liggja fyrir.

Byggt á raunkostnaði ársins 2009 hjá PFS og kostnaður umreiknaður á stöðugildi. Áætlað er vinnuframlag vegna hins nýja verkefnis og er gert ráð fyrir að um sé að ræða viðbót í vinnu og aðkeyptri þjónustu sem samsvarar um 0,8 stöðugildi á ári. Vinnuframlagið dreifist á lögfræði-, greiningar- og tæknideild, ásamt þátttöku í sameiginlegum kostnaði stofnunarinnar.

Reiknað er út áætlaður upphafskostnaður PFS annars vegar og árlegur kostnaður hins vegar. Ekki er þó gert ráð fyrir að upphafskostnaður sé greiddur af árlegu rekstrargjaldi heldur eingöngu árlegur rekstrarkostnaður. Reiknuð er hlutfallsleg þátttaka umsýslu lénamála í árlegum rekstrarkostnaði til jafns við önnur verkefni stofnunarinnar.

Í útreikningum á stofni rekstrargjalds er gert ráð fyrir 32 þús. lénnum á ári og núverandi gjaldskrá 6.360 kr. án vsk. eða samtals 204 millj. kr. á ári.

Niðurstaðan miðað við framangreindar forsendur er að rekstrargjald þurfi að vera **4,9%**. Sjá eftirfarandi útreikninga. Um er að ræða áætlun sem háð er ýmsum óvissuþáttum, s.s. hve mikil vinna PFS verður í raun í upphafi og á ársgrundvelli, um kostnaðargreiningu á gjaldskrá, þróun á fjölda léna o.fl.

RE: lénafrumvarpið

Björn Geirsson

til:

vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is, Óskar Þórðarson, Þorleifur Jónasson

22.10.2010 14:39

Cc:

"maria.run.bjarnadottir@sam.stjr.is", "sigurbergur.bjornsson@sam.stjr.is", Hrafnkell V. Gíslason,

Þorleifur Jónasson

Sýna meira

Sæl Vera,

Meðfylgjandi er frumvarpið með okkar viðbættum og nokkrum orðalagsbreytingum í „track changes.“ Einnig eru nokkrar athugasemdir fyrir ykkur til að skoða. Eftir á að hyggja töldum við ekki þörf á því að styrkja ákvæðið um rekstrarsamfellu við gjaldþrot. Þannig að viðbæturnar snúa aðallega að ítarlegri ákvæðum um gjaldskráreftirlit og fleiru því tengt, sbr. 16-18. gr. frumvarpsins.

Varðandi fjármögnun eftirlitsins þá fylgja jafnframt með drög að kostnaðaráætlun. Við nánari skoðun virðist þessi tala 25 milljónir kr. vera nokkuð nærri lagi, en þá er reyndar búið að jafna stofnkostnað út á næstu 5 árum.

Tekið skal fram að í þessari kostnaðaráætlun er jafnframt gert ráð fyrir að PFS sinni alþjóðlegum samskiptum varðandi lén. Þó svo að GAC kunni að vera pólitískt stefnumarkandi vettvangur eru fleiri alþjóðlegir fundir sem fjalla um samræmingu og útfærslu á tæknilegum og praktískum álitaefnum. Ætli ráðuneytið sér að taka yfir erlend samskipti hvað þetta varðar tel ég að það þurfi að koma með tillögu að verkaskiptingu, þ.e. hvaða fundi það hyggst sækja. Hitt er svo annað mál að mér finnst frumvarpið ekki endurspegla slíka ábyrgðarskiptingu milli ráðuneytisins og PFS. Svo má auðvitað spyrja sig hvort æskilegt sé að slík samskipti séu fjármögnuð með fé úr ríkissjóði.

Þá er PFS enn þeirrar skoðunar að ekki sé heppilegt að fjármagna eftirlitið með rekstrargjaldi vegna ýmissa ástæðna sem ráðuneytinu hefur verið gerð grein fyrir. Teljum við skynsamlegra að leggja á réttthafa léna árlegt „lénagjald.“ Ef ráðuneytið óskar getur stofnunin gert tillögu um orðalag slíks ákvæðis.

Kveðja,

Björn

From: vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is [mailto:vera.sveinbjornsdottir@sam.stjr.is]

Sent: 20. október 2010 13:38

To: Björn Geirsson; Óskar Þórðarson; Þorleifur Jónasson

Cc: maria.run.bjarnadottir@sam.stjr.is; sigurbergur.bjornsson@sam.stjr.is

Subject: Re: lénafrumvarpið

Sælir

Það hefði ef til vill verið heppilegra að taka það fram að ég var að vonast eftir að þið hjá PFS mynduð koma með ykkar hugmyndir um þau atriði sem ykkur finnst þurfa að bæta úr sem fyrst

Við höfum m.a. breytt 7. gr. og er nú gert ráð fyrir því að það sé ekki skráningarstofan sem setji reglur, heldur hafi ráðherra heimild til að setja reglugerð um skráningu léna (10. gr.).

Þá verður fundur á morgun varðandi 17. gr. um úrlausn deilumála, og mun fulltrúi neytendastofu mæta á hann, auk þess sem ég bíð eftir svörum frá Einkaleyfastofu.



Lag om nationella toppdomäner för Sverige på Internet;

utfärdad den 2 februari 2006.

Enligt riksdagens beslut¹ föreskrivs² följande.

Lagens tillämpningsområde

1 § Denna lag gäller teknisk drift av nationella toppdomäner för Sverige på Internet samt tilldelning och registrering av domännamn under dessa toppdomäner.

Definitioner

2 § I denna lag avses med

domännamnssystemet: det internationella hierarkiska system som för befordringsändamål på Internet används för att tilldela domännamn,

domän: nivå i domännamnssystemet och del av domännamn,

domännamn: unikt namn sammansatt av domäner, där en i domännamnssystemet lägre placerad domän står före en domän som är högre placerad i systemet,

toppdomän: den domän som återfinns sist i ett domännamn,

nationell toppdomän: toppdomän som betecknar en nation eller en region,

administration: teknisk drift av en toppdomän samt tilldelning och registrering av domännamn under denna,

domänadministratör: den som ansvarar för administration av en nationell toppdomän för Sverige,

namnsver: dator i ett elektroniskt kommunikationsnät som programmerats så att den lagrar och distribuerar information om domännamn samt tar emot och svarar på frågor om domännamn.

¹ Prop. 2004/05:175, bet. 2005/06:TU4, rskr. 2005/06:142.

² Se Europaparlamentets och rådets direktiv 98/34/EG av den 22 juni 1998 om ett informationsförfarande beträffande tekniska standarder och föreskrifter och beträffande föreskrifter för informationssamhällets tjänster (EGT L 204, 21.7.1998, s. 37, Celex 31998L0034), ändrat genom Europaparlamentets och rådets direktiv 98/48/EG (EGT L 217, 5.8.1998, s. 18, Celex 31998L0048).

Förhållandet till personuppgiftslagen

3 § Bestämmelserna i personuppgiftslagen (1998:204) gäller vid behandling av personuppgifter i administrationen av en nationell toppdomän för Sverige, om inte annat följer av denna lag.

Bestämmelserna i personuppgiftslagen om rättelse och skadestånd gäller även vid behandling av personuppgifter enligt denna lag eller enligt föreskrifter som meddelats med stöd av lagen.

Anmälan

4 § En domänadministratör skall anmäla sin verksamhet till den myndighet som regeringen bestämmer (tillsynsmyndigheten). Domänadministratören skall också till tillsynsmyndigheten anmäla om administrationen helt eller delvis uppdras åt annan.

Teknisk drift

5 § En domänadministratör skall bedriva verksamheten på ett säkert och effektivt sätt i allmänhetens intresse. Domänadministratören skall

1. lagra tilldelade domännamn och andra uppgifter som är nödvändiga för att stödja den del av domännamssystemet som toppdomänen omfattar i en databas,
2. distribuera uppgifterna till namnservrarna för toppdomänen och se till att informationen i dessa är korrekt och lätt tillgänglig,
3. säkerställa en fungerande trafik mellan namnservrarna och Internet,
4. upprätthålla ett effektivt skydd av uppgifterna i toppdomänen,
5. ha personal med tillräcklig kompetens och erfarenhet för verksamheten, samt
6. ha sådana rutiner för verksamheten som uppfyller erkända standarder.

Register

6 § En domänadministratör skall föra ett register över tilldelade domännamn under toppdomänen och löpande upprätta säkerhetskopior av registeruppgifterna.

Registret skall innehålla

1. domännamnet,
2. namnet på domännamnsinnehavaren och dennes postadress, telefonnummer och adress för elektronisk post,
3. namnet på den som tekniskt administrerar domännamnet och dennes postadress, telefonnummer och adress för elektronisk post,
4. uppgifter om de namnservrar som är knutna till domännamnet, samt
5. övrig teknisk information som behövs för att administrera domännamnet.

Uppgifterna i registret skall kunna hämtas utan avgift via Internet.

Personuppgifter får dock göras tillgängliga på detta sätt endast om den registrerade har samtyckt till det.

Domänadministratören är personuppgiftsansvarig för behandling av personuppgifter i registret.

Tilldelning av domännamn

7 § En domänadministratör skall fastställa och ge offentlighet åt sina regler för tilldelning, registrering, avregistrering och överföring av domännamn under toppdomänen. Reglerna skall utformas så att förfarandet är öppet och icke-diskriminerande, med särskilt beaktande av

1. skyddet för den personliga integriteten,
2. användarnas intressen och andra allmänna intressen, samt
3. utvecklingen inom Internetområdet.

Domänadministratören skall tillhandahålla ett effektivt förfarande för lösning av tvister om tilldelning av domännamn.

Överföring av uppgifter

8 § En domänadministratör skall se till att uppgifterna i den databas som anges i 5 § 1 och det register som anges i 6 § överförs till tillsynsmyndigheten.

Bemyndigande

9 § Regeringen eller, efter regeringens bemyndigande, tillsynsmyndigheten får meddela föreskrifter om

1. på vilket sätt skyldigheter enligt 5 § skall fullgöras,
2. register och säkerhetskopior enligt 6 §, samt
3. överföring enligt 8 §.

Tillsyn

10 § Tillsynsmyndigheten skall ha tillsyn över efterlevnaden av lagen och av föreskrifter som har meddelats med stöd av lagen.

11 § En domänadministratör skall på tillsynsmyndighetens begäran lämna den information och bereda den tillgång till utrustning och annat som behövs för tillsynen.

Tillsynsmyndigheten har rätt att när det behövs för tillsynen få tillträde till områden, lokaler och andra utrymmen, dock inte bostäder, där verksamhet som omfattas av denna lag bedrivs.

12 § Tillsynsmyndigheten får meddela de förelägganden som behövs för efterlevnaden av denna lag eller föreskrifter som har meddelats med stöd av lagen.

Beslut om föreläggande får förenas med vite.

13 § Tillsynsmyndigheten har rätt att få verkställighet hos kronofogdemyndigheten av beslut som avser åtgärder enligt denna lag. Därvid gäller bestämmelserna i utskökningsbalken om sådan verkställighet som avses i 16 kap. 10 § den balken.

Verksamhet i krig

14 § Är Sverige i krig eller krigsfara eller råder det sådana utomordentliga förhållanden som är föranledda av att det är krig utanför Sveriges gränser eller av att Sverige har varit i krig eller krigsfara, får regeringen meddela de föreskrifter om administrationen av en nationell toppdomän för Sverige som behövs med hänsyn till landets försvar eller säkerhet i övrigt.

Regeringen eller den myndighet som regeringen bestämmer får meddela föreskrifter om den fredstida planeringen för totalförsvarets behov av adressering med användande av domännamnssystemet under sådana förhållanden som anges i första stycket.

Överklagande

15 § Tillsynsmyndighetens beslut enligt denna lag eller enligt föreskrifter som meddelats med stöd av lagen får överklagas hos allmän förvaltningsdomstol.

Prövningstillstånd krävs vid överklagande till kammarrätten.

16 § Ett beslut enligt denna lag eller enligt föreskrifter som meddelats med stöd av lagen gäller omedelbart, om inte något annat anges i beslutet.

Denna lag träder i kraft den 1 juli 2006.

På regeringens vägnar

GÖRAN PERSSON

ULRICA MESSING
(Näringsdepartementet)

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1316
komudagur 1.3.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd
skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, sbr. þskj. 290 - 268. mál, 140. löggjafarþing 2011-2012 (hér eftir vísað til “frumvarpsins”).

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er hvött til að hafna þessu frumvarpi, en skoða þess í stað sænsku lögin um höfuðlén sem auðveldlega má aðlaga íslenskum aðstæðum.

Til vara er umhverfis- og samgöngunefnd er hvött til að skoða betur og endurskoða eftirfarandi atriði í frumvarpinu um landslénið .is.

1. Internet á Íslandi hf. (ISNIC) hefur samning um starfrækslu .is lénsins við ICANN sem er aðili ótengdur íslenskum stjórnvöldum. Íslenska ríkið getur ekki tekið þennan rétt að sér án undangenginna samningaviðræðna við ICANN og ISNIC núverandi handhafa.
2. Í frumvarpinu er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun veiti skráningarstofu starfsleyfi til 5 ára, sem er mög skammur tími og til þess fallið að draga úr gæðum lénsins. Í greinargerð frumvarpsins segir í VIII.kafli um mat á áhrifum: „nægjanlegt væri að setja lagaramma um nógildandi fyrirkomulag „. Í frumvarpinu er hins vegar gengið mun lengra með þeirri fyrirætlan að setja 5 ára starfsleyfi á hlutverk sem ISNIC hefur gegnt með sóma í 25 ár. Við lagasetningu sem þessa, er ávallt mikilvægt að ganga ekki lengra en þörf er á og valda ekki skaða að óþörfu. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar veitir vernd gegn ásælni ríkisvaldsins og er umhverfis- og samgöngunefnd hvött til að skoða önnur úrræði, s.s. nýleg sænsk lög um lénamál, sem eru ekki eins íþyngjandi og breyta þessu ákvæði frumvarpsins. Með þeim fyrirætlunum sem hér eru lagðar fram er starfsemi ISNIC sett í uppnám, langtímasjónarmið víkja fyrir skammtímasjónarmiðum og sú festa og stöðugleiki sem núverandi stjórn ISNIC hefur lagt svo mikla áherslu á mun hverfa. Það óöryggi sem rekstrinum verður búinn, verði frumvarpið samþykkt óbreytt, gengur þvert gegn markmiði frumvarpsins að „tryggja bæði gæði og framþróun á sviði lénaumsýslu“ IV . kafli.
3. Mótmælt er hugmyndum um að auka kostnað með því að leggja á sérstakt 4.9% lénagjald sem renna á til Póst- og fjarskiptastofnunar. Samanborið við þau gjöld sem fjarskiptafyrirtæki greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar er hér um okurgjöld að ræða . Aukinn kostnaður mun fyrr en síðar verða borinn af neytendum, og gengur þannig gegn markmiðum frumvarpsins.
4. Skipting á starfsleyfishafa. Í frumvarpinu segir að nýr starfsleyfishafi eigi að fá afhenda réttthafaskrá og nafnþjón. Gagnagrunnur/viðskiptamannaskrá ISNIC hefur verið í þróun og vinnslu í 25 ár og er eitt af verðmætum félagsins. Slíkur gagnagrunnur verður ekki afhentur þriðja aðila án þess að sanngjörn greiðsla komi til. Eignaupptaka eins og hér er lögð til gengur gegn stjórnarskrá landsins.
5. Neytendur á Evrópska efnahagssvæðinu munu ekki geta valið .is lén, verði frumvarpið samþykkt óbreytt, þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að til þess að neytandi geti skráð (keypt) .is lén, þurfi hann að vera lögráða einstaklingur eða lögaðili sem hefur skráða kennitölu eða sambærilega staðfestingu frá stjórnvöldum og hafa tengsl við Ísland. Þessi takmörkun gengur gegn fjórfrelsinu á hinu evrópska efnahagssvæði og kemur í veg fyrir að Evrópubúar geti átt í viðskiptum á EES-svæðinu. Verði greinin lögfest með þessum hætt, verður Eftirlitsstofnun EFTA gert aðvart um þessa mismunun.

6. Gjaldskrá. Í frumvarpsdrögum er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til mikilla inngripa í gjaldskrá skráningarstofu og er hér gengið lengra en gildir almennt um fjarskiptafyrirtæki, sem jafnvel er í markaðsráðandi stöðu. ISNIC er í fullri samkeppni við önnur höfuðlén og sérstaklega höfuðlénid .com og því ekki í neinni einokunarstöðu.
7. Í frumvarpinu er Póst- og fjarskiptastofnun veittar mjög víðtækar valdheimildir, sbr. 15. gr.: “Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara.....og eftir atvikum starfsemi skráningaraðila og réttaha.” Það er ástæðulaust með öllu og raunar óskiljanlegt að Póst- og fjarskiptastofnun eigi að hafa eftirlit með rétthöfum!
8. Ágreiningur. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggimar sérstakur aðili sem fjalli um ágreining um lén. Neytendastofa hefur sinnt þessu hlutverki með ágætum undarfarin ár og verður ekki séð að þörf sé á kostnaðarsamri breytingu þar á.

Í greinargerð kemur fram að lén sé takmörkuð auðlind, en hún er ekki takmarkaðri en svo að allir Íslendingar geta valið sér lén mörg þúsund sinnum þar sem hvert lén getur verið allt að 63 stafir. Hins vegar getur aðeins verið eitt lén af hverri gerð þ.e. lénið er einkvæmt, á sama hátt og engar tvær kennitölur eru eins.

Allar líkur eru á háleit markmið með lagasetningu um .is muni hafa þveröfug áhrif vegna íþyngjandi ákvæða sem sett eru fram í frumvarpinu. Gangi frumvarpið fram óbreytt er mikil hætta á að sú langtímahugsun sem stjórnendur ISNIC hafa sýnt hverfi og við taki skammsýni sem muni rýra gæði lénsins. Sá frábæri árangur sem félagið hefur náð eftir 25 ára uppbyggingu að Ísland geti stært sig af einu öruggasta léni heims er ekki tilviljun og byggir á þeirri langtímasýn sem stjórnendur hafa getað haft.

Í umræðu hefur komið fram að núverandi stjórnvöld eru ósatt við einkavæðingu fyrri tíma en telja sig ekki hafa fjármuni til að kaupa félagið til baka. Því er farin sú leið að setja um starfsemina lög, en fyrirbyggjandi frumvarp er svo íþyngjandi að líkja má við þjóðnýtingu, en án endurgreiðslu til núverandi eigenda. Slíkt framferði gengur gegn stjórnarskrá Íslands.

Umhverfis- og samgöngunefnd er hvött til að endurskoða efni frumvarpsins, sérstaklega ofanefnd atriði, en auk þess eru fjölmörg fremur tæknileg atriði sem þarf að endurskoða, í því sambandi er vísað til umsagnar lögfræðistofunnar LOGOS f.h. stjórnar Internets á Íslandi.

Grundarfirði 29. feb. 2012

Magnús Soffaníasson
framkvæmdastjóri TSC ehf.
Net- og tölvuþjónustu

Hlíðarvegi 8
350 Grundarfirði
netfang maggi@tsc.is



NEYTENDASTOFA

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.02.2012
Tilv. 2011/0571 - 0.0.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 268. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 8. febrúar 2012, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén. Stofnunin þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið.

Með bréfi dags. 13. maí 2011 sendi Neytendastofa umsögn við 725. mál um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén. Ekki virðist hafa verið tekið tillit til athugasemda og sjónarmiða stofnunarinnar og frumvarpið lagt fram á ný óbreytt. Af hálfu Neytendastofu eru fyrri athugasemdir ítrekaðir sbr. meðfylgjandi bréf dags. 13. maí 2011.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir

Meðfylgjandi: Bréf Neytendastofu dags. 13. maí 2011 til nefndarsviðs Alþingis

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 13.05.2011
Tilv. 2011/0571 - 0.0.01
ÞÁÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén, 725. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 15. apríl 2011, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um landslénid .is og önnur íslensk höfuðlén. Stofnunin þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið.

Frá árinu 2000 hefur Neytendastofa tekið fjölmargar ákvarðanir er snerta skráningu og notkun á lénom. Ákvarðanirnar hafa verið teknar á grundvelli 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er varðar notkun á auðkenni sem annar aðili á betri rétt til. Áður var sambærilegt ákvæði í samkeppnislögum. Ákvarðanir stofnunarinnar eru kæránlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála sem æðra stjórnvalds. Stofnunin hefur sinnt málaflokknum í fjölda ára og hefur hún því mikla sérþekking á úrlausnum ágreinings er varðar lén og önnur auðkenni.

Samkvæmt frumvarpinu sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með framkvæmd laganna og eru stofnuninni veittar ákveðnar heimildir m.a. varðandi skráningu léns. Neytendastofa mun jafnframt áfram sinna því eftirliti sem hún hefur haft með höndum skv. framangreindri 15. gr. a. laga nr. 57/2005 verði frumvarp þetta að lögum. Þetta getur leitt til ákveðinnar óvissu fyrir aðila varðandi það hvert skuli leita komi upp ágreiningur um rétt til léns. Neytendastofa fagnar því að í 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun, Neytendastofa og Einkaleyfastofa setji sameiginlegar leiðbeinandi reglur til að koma í veg fyrir réttaróvissu varðandi þetta atriði. Einnig kemur fram í 5. mgr. 17. gr. að greinin útiloki ekki málskot skv. öðrum lögum. Í ljósi þessa ákvæðis telur Neytendastofa ljóst að skv. ákvæðum frumvarpsins sé gert ráð fyrir að skráning geti verið brot á fleiri lögum sem aðrar stofnanir hafa eftirlit með s.s. Neytendastofu

Þrátt fyrir framangreind ákvæði 4. og 5. mgr. 17. gr. telur stofnunin að ákvæði 11. og 15. gr. geti valdið óvissu og þurfi því að vera skýrari hvað varðar höfnun á skráningu eða afskráningu léna sem teljast brot á lögum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki eftirlit með og mun ekki taka ákvarðanir um.

Athugasemdir við 11. gr. Skilyrði skráningar:

Í ákvæðinu er fjallað um almenn skilyrði skráningar, kröfur sem gerðar eru til réttihafa og í hvaða tilfellum heimilt sé að hafna skráningu. Í 6. mgr. 11. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Hafna má skráningu léns gangi hún gegn lögum eða reglum um skráningu léna.“

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að heimilt sé að hafna umsókn um lén gangi skráningin gegn lögum eða reglum um skráningu léna. Er hér átt við þau tilvik ef skráning brýtur gegn réttindum annarra, t.d. vegna vörumerkis, en jafnframt ef umsókn er að einhverju öðru leyti ekki í samræmi við lög og reglur.

Neytendastofa gerir athugasemd við að út frá umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu megi ráða að Póst- og fjarskiptastofnun meti hvort skráning sé brot á vörumerkjarétti en ekki eingöngu hvort skráning brjóti gegn ákvæðum frumvarpsins, öðrum lögum sem hún hefur eftirlit með og reglum um skráningu léna. Umfjöllun í greinargerð er til þess fallin að valda óvissu um hvaða stjórnvald hafi eftirlit með lögum er varða vörumerki og mætti því skýra ákvæðið betur.

Athugasemdir við 15. gr. Eftirlit og viðurlög


Í ákvæðinu er fjallað um eftirlit og viðurlög. Samkvæmt ákvæðinu hefur Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með því að skráningarskrifstofur sinni skyldum sínum samkvæmt lögunum. Í 3. mgr. 15. gr. er eftirfarandi ákvæði:

„Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laga þessara ekki uppfyllt. Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga. Þá skal stofnuninni heimilt að gera kröfu um úrbætur af hálfu réttihafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr réttihafaskrá. Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum.“ (Undirstrikun Neytendastofu)

Af lestri greinarinnar má ráða að Póst- og fjarskiptastofnun muni sjálf meta hvort skráning sé í andstöðu við ákvæði annarra laga en þeirra sem henni er falið að hafa eftirlit með, skv. lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Neytendastofa telur nauðsynlegt að orðalagið verði lagfært þannig að þessu leyti skapist ekki óvissa. Til dæmis mætti hér segja: *„eða er í andstöðu við ákvæði laga sem hún hefur eftirlit með“.*

Neytendastofa fagnar lokamálsgrein ákvæðisins, um að heimilt sé að afskrá lén hafi önnur stjórnvöld komist að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum. Þetta ákvæði getur auðveldað þeim sem stofnunin hefur tekið ákvörðun um að eigi betri rétt til léna að fá þeim rétti sínum framfylgt.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri



Alþingi - Samgöngunefnd
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. mars 2012

Málsnúmer: 2012020038
Skjalalykill: 15.3.4

Málefni: Umsögn um frumvarp um landslénið .is og önnur höfuðlén

Póst- og fjarskiptastofnun vísar til frumvarps um landslénið .is og önnur höfuðlén, sbr. þingskjal 290 – 268. mál, sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd. Hefur PFS verið gefin kostur á því að koma á framæri við nefndina athugasemdum sínum við frumvarpið.

1. Lykilþættir frumvarpsins

Eins og kunnugt er að þá var umrætt frumvarp fyrst lagt fram á vörþingi 2011 án þess að tekist hafi að afgreiða frumvarpið úr nefnd á því löggjafarþingi. Í umsögn sinni um frumvarpið frá þeim tíma, sbr. bréf frá 17. maí 2011, rekur stofnunin mikilvægustu þætti frumvarpsins að hennar mati. Ekki þykir vera tilefni til að endurtaka þá umfjöllun með ítarlegum hætti í þessar umsögn. Á hinn bóginn telur stofnunin rétt að halda þeim sjónarmiðum til haga og draga mikilvægustu atriðin saman í stutt yfirlit, sbr. eftirfarandi:

- *Takmörkuð auðlind – réttindi sem eiga að vera á forræði hins opinbera.*
Að áliti PFS er um að ræða auðkenni sem hefur sérstök tengsl við land og þjóð og er eðli sínu takmörkuð auðlind, þar sem aðeins er um að ræða eitt skilgreint landslén, eðli málsins samkvæmt. Af þessum ástæðum og þar sem skráarhald og ábyrgð á skráningastarfsemi getur aðeins verið á hendi eins aðila er um að ræða náttúrulega einokun (e. natural monopoly). Því telur PFS það vera í samræmi við þær meginreglur sem almennt gilda um ráðstöfun og nýtingu auðlinda, sbr. og að sumu leyti þegar um er að ræða einokunarstarfsemi, að þá sé slík starfsemi háð opinberum leyfum.
- *Reglur um skráningu léna*
PFS telur mikilvægt að hið opinbera setji þær reglur sem gilda um skráningu léna undir landsléninu, þannig að einkaaðilum sé ekki í sjálfsvald sett hvernig staðið sé að því. Hér er t.d. hægt að horfa til skilyrða um að rétthafar íslenskra léna hafi náð lögaldri og eigi staðfestu hér á landi, svo að íslensk lögsaga nái til notkunar léna, ef upp koma tilvik um ólögmetta háttsemi af einhverju tagi. Einnig er rétt að móta reglur um skráningu léna til samræmis við ákvæði neytenda- og einkaleyfalöggjafar. Þess vegna er ekki hægt að umgangast íslensk höfuðlén sem hverja aðra söluvöru sem eingöngu eru á forræði einkaaðila.

- *Kröfur um öryggi*

Með tilliti til mikilvægis internetþjónustu fyrir samfélagið allt, s.s. vegna viðskipta og þjónustu, er mikilvægt að gerðar séu viðeigandi kröfur til öryggis búnaðar, upplýsinga í lénaheitakerfi og réttthafaskrá og tengdum gagnagrunnum og kerfum, sbr. c.- lið 7. gr. frumvarpsins og að öryggisviðbúnaður og áfallastjórnun miði að samfelldum og órofnum rekstri starfsemi skráningarstofu, sbr. lokamálsliði 4. mgr. 15. gr. þess. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar verður markmiðum um nauðsynlegt öryggi reksturs, búnaðar og gagna í þeim, ekki tryggt nema með löggjöf, enda um að ræða íþyngjandi inngrípsheimildir til handa stjórnvöldum.

- *Gjaldskrárefstirlit*

Gjaldskrárefstirlit, samkvæmt 16. gr. frumvarpsins, verður að telja mikilvæga neytendavernd og mótvægisáðgerð við þá náttúrulegu einokun sem felst í skráningu á landsléninu .is, og e.t.v. fleiri höfuðlénunum seinna meir. Eftirlit með gjaldskrár er viðurkennt úrræði þegar um er að ræða framboð og verðlagningu á samfélagslega mikilvægri grunnþjónustu og sú aðstaða er uppi að fáir eða enginn getur keppt við þann aðila sem fyrir er á markaði, t.d. vegna eðlis þjónustunnar mikils kostnaðar við fjárfestingu og uppbyggingu til þess að koma inn á markaðinn. Þetta á m.a. við á sviði fjarskipta og veitustarfsemi fyrir vatn og rafmagn, þar sem fjárfesting í nýjum dreifi- og veitukerfum myndi reynast nýjum aðila ofviða, auk þess ýmsar tæknilegar hindranir varðandi aðgang og aðstöðu geta leitt til þess að ómögulegt er fyrir fleiri en einn aðila að veita þjónustuna.

2. Ákvörðunarréttur yfir landsléninu

Talsverð opinber umræða hefur verið um það undanfarið að ríkisvaldið sé að fara taka sér „alræðisvald“ varðandi skipulag lénamála, leggja eigi á nýjan „netskatt“ sem hvergi þekktist erlendis og að þetta muni leggjast verulega þungt á núverandi rekstraraðila og muni jafnvel ríða því að fullu.

Að áliti PFS er framagreind umræða á miklum villigötum sem nauðsynlegt er að leiðrétta og setja í rétt samhengi.

Því hefur t.d. verið haldið fram að með 1. gr. frumvarpsins ætli íslenska ríkið að taka sér „alræðisvald“ með því að slá því föstu að íslenska ríkið fari með ákvörðunarrétt yfir landsléninu is og önnur höfuðlén. Með þessu ákvæði er verið að taka af allan vafa um það ákvörðunarrétturinn um landsléninu .is sé á höndum ríkisvaldsins í umboði íslensku þjóðarinnar, þar sem hér um er að ræða takmarkaða auðlind sem tengist landi og þjóð. ICANN, þ.e. sú alþjóðlega stofnun sem mótar stefnu og setur reglur um fyrirkomulag lénamála og öll réttindi til notkunar á lénum spretta frá, hefur staðfest það við íslensk stjórnvöld að það sé á valdi íslenska ríkisins að ákveða hvernig staðið er að skráningum á landsléninu .is, alveg burtséð frá því hvort að þeim réttindum hafi á einhverjum tímapunkti verið ráðstafað til einkaaðila. Með öðrum orðum þá er um ræða réttindi sem íslenska ríkið getur ekki afsalað sér fyrir fullt og allt og tilheyrja því stöðu þess og eðli málsins samkvæmt.

Víðast hvar er skráningum á landsléninu landa komið fyrir hjá opinberum stjórnvöldum eða um það hefur verið stofnað nokkurs konar sjálfseignarstofnun (e. Non-Profit Organization). Er þá haft að markmiði að um sé að ræða samfélagslega starfsemi, þar sem sjónarmið internetsamfélagsins fái að heyrast og njóta sín, auk þess hún er ekki rekin í hagnaðarskyni. Í

Þeim löndum sem skráning léna er á hendi hins opinbera, eins og algengast er, að þá hefur ekki þurft að setja almenn lög um starfsemina, eða leggja á sérstakt veltutengt rekstargjald til að fjármagna eftirlitið, heldur hefur skráningargjaldið sjálft runnið til hins opinbera til að standa straum af starfseminni. Í þeim tilvikum hefur skráning léna tekið mið af stefnumótun ríkisins og almennum kröfum til öryggis mikilvægra innviða hins opinbera, enda hvílir eðlislæg skylda á hinu opinbera að tryggja rekstur og öryggi þeirrar þjónustu sem ríkið hefur með höndum.

Málið horfir allt öðruvísi við ef að á að fela einkaréttarlegum aðila að annast þetta hlutverk. Kröfur um öryggi, skjalfestar vinnureglur, stefnumótun, eðlilegt viðhald og eðlilegar fjárfestingar til framtíðar eru íþyngjandi kvaðir sem kosta fé. Eðlilegar kröfur til öryggis, reglur um skráningu léna o.s.frv. verður því að festa í lög og reglugerðarfyrirmæli til þess að þau séu bindandi gagnvart einkaaðila sem ætlar að taka að sér hlutverk ríkisins á þessu sviði. Þá hafnar PFS því sérstaklega að ríkið ætli sér að undiroka öll völd yfir landsléninu, þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir því í 18. gr. frumvarpsins að starfrækt verði sérstök nefnd, með fulltrúum hagsmunaaðila, til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar á sviði lénamála. Telur PFS það vera mun betri tryggingu fyrir breiðari aðkomu ólíkra sjónarmiða um skipan lénamála, heldur en að slíkt vald sé eingöngu í höndum eins einkahlutafélags hér á landi. Gagnrýni hvað þetta varðar stenst ekki skoðun.

3. Rekstargjald m.t.t. fjárhags og reksturs ISNIC

Eins og fram kom hér að framan hefur skráning léna víðast hvar í heiminum verið á hendi hins opinbera, eða stofnsett hefur verið sjálfseignarstofnun um starfsemina. Hefur sú starfsemi ekki verið rekin í hagnaðarskyni svo að PFS sé kunnugt um. Þá hafa upphafs- og árgjöld fyrir skráningu léna runnið til umrædds opinbers eða hálf opinbers aðila. Nú er ætlunin að fara þá leið hér á landi, sennilega fyrir tilstilli sögulegs aðdraganda málsins, að fela einkaaðila að skrá lén í umboði hins opinbera. Þá þarf hið opinbera að tryggja að umræddur einkaaðili starfi samkvæmt eðlilegum kröfum um rekstraröryggi, neytendavernd og fari eftir stefnumótun og reglum hins opinbera um skráningu léna. Það verður ekki gert án eftirlits. Til að kosta það eftirlit hefur verið farin sú leið að leggja rekstargjald á viðkomandi starfsemi, eins og þekkist úr fjarskiptum. Áætlun yfir einstaka eftirlitsþætti, sem munu koma til með að hvíla á PFS, og kostnaðargreining á þeim hefur leitt í ljós að *lágmarkseftirlit* muni kosta um **10 milljónir kr.**, eða sem nemur tæpu starfsgildi hjá stofnuninni. Miðað við núverandi veltu ISNIC þyrfti rekstargjaldshlutfallið að vera a.m.k. **4,9%** eða sem samsvarar um 278 kr. á lén á ári.

Látið hefur verið að því liggja í fjölmiðlum að hér sé um nýjan skatt að ræða. Eins og fyrr segir tekur það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir mið af því að starfsemin verði eftir sem áður á hendi einkaaðila, sem er mjög óvenjulegt í alþjóðlegum samanburði. Því er ekki nema von að erfitt sé að finna hliðstæður um slíka gjaldtöku frá nágrannalöndum okkar, nema ef vera skyldi frá Noregi. Í flestum ríkjum fer gjaldataka til hins opinbera hins vegar fram í gegnum sjálf upphafs- og skráningargjöld léna. Að tala um rekstargjöld, vegna eftirlits hins opinbera með starfsemi einkaaðila á þessum vettvangi, sem nýjan skatt, „netskatt,“ eru því ómarktæk öfugmæli.

Það sem vekur sérstaka athygli við fyrirkomulag lénamála hér á landi er að skráning á landsléninu .is er á hendi einkaaðila sem rekin er í hagnaðarskyni, án eftirlits af hálfu hins opinbera. Hefur núverandi rekstraraðili landslénsins .is, mótælt fyrirhuguðu rekstargjaldi og sagt að það muni leggjast þungt á rekstur fyrirtækisins. Telur PFS að horfa verði á fyrirhugaða gjaldtöku í samhengi við núverandi rekstur og umsvif fyrirtækisins.

Þegar ISNIC var selt síðast árið 2007 til Modernus þá var 93% hlutur í félaginu metinn á 452 millj. kr. kr. Stofnverð fjárfestinga félagsins var á sama tíma einungis 29 millj. kr. og bókfært afskrifað verð 6 millj. kr. Eigið fé var 81 millj. kr. í árslok 2007.

Um var að ræða skuldsetta yfirtöku á félaginu (öfugur samruni við Modernus), þar sem ISNIC tók á sig um 350 millj. kr. af skuldum vegna kaupanna, en félagið var áður í raun skuldlaust. Á móti var færð um 376 millj. kr. viðskiptavild í bækur félagsins. ISNIC var þannig að mestu látið fjármagna kaup eigenda á félaginu í trausti þess að félagið myndi skila miklum og öruggum rekstrarhagnaði í skjóli einokunarstöðu sinnar á höfuðléninu .is.

Einokunarstaða félagsins á léninu .is hefur gert félaginu kleift að verðleggja skráningu léna með þeim hætti að afkoma félagsins hefur verið mjög góð. Hagnaður ISNIC fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) á árunum 2008 til 2011 hefur verið á bilinu **83-108 millj. kr. eða sem samsvarar 41-48% af veltu**. Á sama tíma hefur meðalfjárfesting ári verið um 11 millj. kr.

Athygli vekur að á sama tíma og félagið finnur 10 millj. kr. eftirlitsgjaldi allt til foráttu, þá er hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) 108 millj. kr. á árinu 2011 (afskriftir og fjármagnskostnaður er svo um 8 millj. kr. án viðskiptavildar og fjármagnskostnaðar vegna kaupa á félaginu).

Jafnframt greiða eigendur sér 30 millj. kr. arð út úr félaginu vegna ársins 2011.

Á árunum 2002 til 2006 greiddi félagið út arð og skuldsetti sig fyrir þáverandi eigendur sína (Teymi) fyrir alls rúmlega 200 millj. kr. Við þetta bætist 30 millj. kr. arðgreiðsla vegna ársins 2011 og 350 millj. kr. skuldsetning núverandi eigenda vegna kaupa á félaginu á sínum tíma. Alls hefur því verið greitt út til eigenda félagsins og það verið skuldsett í þeirra þágu fyrir um **600 millj. kr. á sl. 10 árum**.

Hér er því ljóst, að áliti PFS, að starfsemi í tengslum við skráningu á lénunum hér á landi hefur verið rekin í hagnaðarskyni undanfarin ár og skilað eigendum fyrirtækisins umtalsverðum arði í skjóli þeirrar einokunarstöðu sem til staðar er. Með tilliti til alls þessa verður að telja að 10 milljóna kr. árlegt rekstrargjald, sem ætlunin er að leggja á veltu fyrirtækisins, sé mjög hóflegt og gefi ekki tilefni til þeirrar gagnrýni sem sett hefur verið fram.

4. Tillaga um skýrari afmörkun á eftirlitshlutverki PFS

Í 15. gr. frumvarpsins er fjallað um eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar, en henni er ætlað það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd laganna og fara með almennt eftirlitsvald á sviði lénamála.

Útfærsla ákvæðisins ber þess hins vegar merki að aðrar stjórnábyrgðir fara með eftirlitsvald á afmörkuðum sviðum í tengslum við lénamál, einkum Neytendastofa og Einkaleyfastofa, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Þannig er t.d. gert ráð fyrir því að stofnunin geti beitt þeim úrræðum sem fjallað er um í 3. mgr. ákvæðisins, þ.e. afskráningu eða umskráningu léns, ef skráning léns er í *andstöðu við ákvæði laga*, eins og það er orðað. Þetta felur í sér að stofnunin getur notað umrædd úrræði ef skráning léns er í andstöðu við lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem Neytendastofa hefur eftirlit með. Hins vegar er 3. mgr. opin og án takmörkunar á því hvaða önnur lög geta hér átt undir. PFS telur það óheppilegt að það skuli ekki vera skilgreint nánar. Það væri þá háð mati stofnunarinnar hverju sinni hvort brot á einhverjum tilteknum lögum geti leitt af sér afskráningu eða umskráningu á léni, t.d. höfundarlögum nr. 73/1972 eða almennum hegningarlögum nr.

19/1940. Þá getur framangreint orðalag, þrátt fyrir lokamálslið mágreinarinnar, valdið misskilningi um að það sé hlutverk PFS að skera úr um hvort skráning léns kunni að vera í samræmi við önnur lög. Er það ekki í samræmi við 17. gr. sem felur í sér tiltekna lagaskilareglu hvað varðar valdmörk á milli þriggja tiltekinna stofnana. Telja verður að óskýrleiki hvað þetta varðar sé óæskilegur geti leitt til þess að með greininni felist víðtækari völd til afskráningar á lénnum heldur en löggjafinn hafi hugsanlega ætlað sér og getur skapað réttóvissu um hlutverk og skyldur PFS.

Samkvæmt framangreindu leggur PFS til eftirfarandi breytingu á orðalagi 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins, sbr. feitletraða og yfirstrikaða textann:

„Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um nauðsynleg úrræði séu ákvæði laga þessara ekki uppfyllt. Þar á meðal getur stofnunin tekið ákvörðun um afskráningu léns og eftir atvikum kveðið á um að lén verði umskráð, til að mynda ef skráning léns felur í sér brot á starfsreglum skráningarstofu eða er í andstöðu við ákvæði laga, samkvæmt ákvörðun annarra stjórnvalda samkvæmt 4. mgr. 17. gr. Þá skal stofnuninni heimilt að gera kröfu um úrbætur af hálfu rétthafa eða skráningarstofu komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að skilyrði skráningar samkvæmt lögum þessum séu ekki uppfyllt. Sé ekki orðið við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um úrbætur er stofnuninni heimilt að kveða á um að lén verði afskráð úr rétthafaskrá. Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum.“

Af athugsemdum við umrædda málsgrein í greinargerð frumvarpsins má ráða að fyrst og fremst sé verið að hugsa til þeirra tilvika þar sem skráning léna geta verið í andstöðu við vörumerkjalög og lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Umrædd breyting sem PFS leggur til afmarkar því og endurspeglar með skýrari hætti til hvaða tilvika beiting íþyngjandi eftirlitsúrreða á borð við afskráning og umskráning léna getur náð til.

Þá telur PFS að svipuð sjónarmið um óskýrleika varðandi eftirlitshlutverk PFS eiga við um 1. mgr. ákvæðisins, en þar er talað um að PFS fari með eftirlit með framkvæmd laganna og eftir atvikum með starfsemi skráningaraðila og rétthafa.

Má skilja þetta orðalag greinarinnar á þann veg að PFS muni hafa eftirlit með starfsemi rétthafa léna, en eðli málsins samkvæmt getur sú starfsemi tekið til hvaða þátta sem er í atvinnulífinu eða innan opinbera geirans. Það er ekki tilgangur greinarinnar að sú atvinnustarfsemi sem fram fer á internetinu eða sú kynning og markaðssetning sem felst í rekstri vefsíðna hljóti eftirlit af hálfu PFS. Það sem átt er við með þessari málsgrein, að álitum PFS, er að stofnunin hafi eftirlit með þeim réttindum rétthafa sem leiða af frumvarpinu. Því telur PFS að orða mætti þessar málsgreinina með aðeins nákvæmari hætti, sbr. feitletraða textann í eftirfarandi tillögu:

„Póst- og fjarskiptastofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. starfsemi skráningarstofu og gjaldskrá skráningarstofu fyrir þjónustu samkvæmt lögum þessum og eftir atvikum starfsemi skráningaraðila og réttindum rétthafa.“

5. Tengsl við þingsályktun til fjarskiptáætlunar fyrir árin 2011 - 2014

Að lokum bendir PFS á að frumvarpið um landslénið .is og önnur höfuðlén á sér stoð í markmiðssetningu stefnumörkun stjórnvalda á sviði fjarskipta hér á landi til næstu ára, sbr. k.-

lið 2. lið frumvarps til fjarskiptaáætlunar, þingskjal 419 – 343 mál, sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd.

Til stuðnings lagasetningar á þessu sviði er vísað til sjónarmiða um að lögin eigi að tryggja örugga og skilvirka stjórnunarhætti landslénsins. Tekur PFS undir þetta markmið og þau sjónarmið sem liggja því til grundvallar og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi löggjafarþingi.

Virðingarfyllt,


Hrafnkell V. Gislason


Björn Geirsson



Alþingi
Erindi nr. P 140/1326
komudagur 2.3.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. mars 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 268. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagður til lagarammi um lénaumsýslu á Íslandi, en frumvarpið setur ramma um stjórnun íslenskra landsléna og annarra íslenskra höfuðléna. Í frumvarpinu er kveðið á um ákvörðunarrétt íslenska ríkisins á landsléninu .is og öðrum íslenskum höfuðlénnum. Þá segir í frumvarpinu að markmið þess sé í þágu almannahagsmuna að tryggja öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að íslenskum höfuðlénnum og að tryggja tengsl þeirra við Ísland, með því að kveða á um gagnsæja, örugga og skilvirka umsýslu með íslensk höfuðlén. Í nútíma samfélagi er netið mjög mikilvægur hluti í rekstri fyrirtækja. Það eru því ótvíræðir hagsmunir þeirra að hafa öruggan, hagkvæman og skilvirkan aðgang að lénnum. Samtökin eru því sammála þeim meginmarkmiðum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins en þau telja hins vegar að einstök ákvæði frumvarpsins, t.d. varðandi fyrirkomulag starfsleyfa, skattlagningu/gjaldtöku og eftirlits, gangi í raun þvert gegn þeim meginmarkmiðum sem sett eru fram í frumvarpinu.

Í frumvarpinu eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á umhverfi lénaumsýslu án þess að fyrir liggi skýr rökstuðningur um þörf á slíku. Í frumvarpinu segir að lén séu takmörkuð gæði líkt og tíðnir og númer og að tryggja þurfi skýran lagaramma um þau. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að lén eru ekki háð sömu takmörkunum og tíðnir og númer. Þannig geta t.d. íslenskir aðilar fengið skráð lén undir öðrum höfuðlénnum en íslenskum, t.d. .com, .net eða landslénnum annarra landa.

Í almennum athugasemdum greinargerðar segir að lagt sé til að lénaumsýsla sé frjáls hverjum þeim sem hana vill stunda, en sé þó háð leyfi frá hinu opinbera og eftirliti að fyrirmynd almennrar fjarskiptalöggjafar. Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins segir hins vegar að rétt þyki að starfsemi skráningarstofu sé háð tímabundnu starfsleyfi, m.a. með vísan til samkeppnissjónarmiða, þar sem starfsemi sé í eðli sínu sérleyfisstarfsemi. Í lagaákvæðum frumvarpsins eru starfseminni hins vegar settar svo miklar skorður að svipar meira til löggjafar um náttúrulega einokunarstarfsemi. Þannig er kveðið á um tímabundin starfsleyfi til eins aðila, hlutverk og skyldur skráningarstofa, réttindi og skyldur rétthafa léns, opinbert eftirlit þ.m.t. varðandi viðskiptaskilmála og gjaldskrár sem og úrræði eftirlitsaðila og heimild ráðherra til að setja reglugerðir um ýmsa þætti, þ.á m. bókhaldslegan aðskilnað.

Í almennum athugasemdum kemur fram að með vísan til meðalhófsreglu gagnvart skráningaraðila og hagkvæmnissjónarmiða við lagasetningu hafi verið ákveðið að skapa starfseminni umgjörð í samræmi við gildandi regluverk og líta til erlendra fyrirmýnda. Í frumvarpinu er hins vegar lítið tillit tekið til eignarréttarlegra hagsmuna þess einkaaðila sem frá upphafi hefur annast lénaskráningar á Íslandi. Í því sambandi vekja athygli þau ummæli greinargerðarinnar að með hliðsjón af hagkvæmnissjónarmiðum og með tilliti til aðhalds í útgjöldum ríkisins væru ekki næg skilyrði til að taka yfir starfsemina að öllu leyti, heldur væri nægjanlegt að setja lagaramma um núverandi fyrirkomulag. Þá er ekki síður athyglisvert að í

almennum athugasemdum kemur fram að skráningaraðilinn hefur staðið mjög vel að umsýslu og uppbyggingu landslénsins og að lénið sé talið í hópi öruggustu landsléna heims.

Með vísan til alls framangreinds telja samtökin að frumvarpið sé ekki til þess fallið að ná þeim markmiðum sem lagt er upp með og leggjast gegn því að það verði samþykkt í þessari mynd. Verði það ekki niðurstaðan gera samtökin eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar þess:

- 1) Um 5. gr.
 - a) Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að starfsleyfi fyrir íslenskt höfuðlén verði veitt til eins aðila til 5 ára í senn, að undangengnu opnu og gegnsæju ferli. Í greinargerð frumvarpsins er ekki að finna neinn rökstuðning fyrir því hvers vegna leyfi eru aðeins veitt til 5 ára í senn. Ekki verður séð að skilyrði starfsleyfis skv. 6. gr. frumvarpsins krefjist þess að leyfi sé eingöngu veitt til 5 ára. Samtökin telja að svo stuttur leyfistími skapi mikla óvissu í rekstri og geti leitt til óeðlilegrar hækkunar á verðlagningu þjónustunnar. Samtökin telja að nægjanlegt væri að slík starfsemi væri tilkynningarskyld. Þá telja samtökin að þetta sé of skammur tími eigi að vera raunhæft að nýir leyfishafar eigi raunhæfan möguleika á að sækja um á jafnréttisgrunni. Þá þarf að gera ráð fyrir því að starfsleyfið verði veitt nægjanlega tímanlega til þess að nýir leyfishafar geti tekið við skyldum sínum þegar nýtt leyfistímabil hefst.
 - b) Í 4. mgr. segir m.a. að í reglugerð skuli kveðið á um rekstrarform skráningarstofu nýrra íslenskra höfuðléna. Í greinargerð er ekki að finna nein rök fyrir ástæðum þess að kveða skuli á um rekstrarform.
 - c) Í 6. mgr. er m.a. kveðið á um aðgang nýs starfsleyfishafa að rétthafaskrá og nafnþjóni fyrri starfsleyfishafa. Taka verður á því hvornig umskipti eigi sér stað varðandi gagnagrunna og herða á hlutum varðandi skiptitíma.
- 2) Um 6. gr.
 - a) Í b-lið er kveðið á um að greitt skuli árlegt rekstrargjald sem nemur 4,9% af bókfærðri veltu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Veltuskattur af þessu tagi mun hækka verð skráningarstofa og er ekki til þess fallinn að tryggja hagkvæmni. Þá liggur ekkert fyrir um tengsl á milli veltu og kostnaðar vegna eftirlits. Tryggja þarf að árlegt rekstrargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar sé þjónustugjald en ekki skattur og ekki hærra en svo að það mæti þeim kostnaði sem stofnunin hefur af því að sinna og framfylgja lögnum.
 - b) Í d-lið er kveðið á um að starfsstöð og heimili skráningarstofu sé á Íslandi. Þá er í e-lið kveðið á um að framkvæmdastjór og minnst helmingur stjórnarmanna skuli vera búsettir hér á landi. Í athugasemdum við 6. gr. segir að kröfur til stjórnarmanna séu sambærilegar og í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Í tilvitnuðum lögum er sérstaklega tekið fram að búsetuskilyrðið gildir ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga enda séu hlutaðeigandi búsettir í EES-ríki, aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyjum. Því er spurt hvort skilyrði frumvarpsins um staðsetningu starfsstöðvar, búsetu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra samræmist ákvæðum EES-samingsins og annarra alþjóðasamninga.
 - c) Í g-lið er kveðið á um að skráningarstofu sé óheimilt að nota tekjur af skráningu léna til að greiða niður aðra starfsemi og að Póst- og fjarskiptastofnun geti sett skilyrði um fyrirkomulag fjárhagslegs aðskilnaðar. Segir í athugasemdum við greinina að ákvæðið taki mið af 36. gr. fjarskiptalaga um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi og þyki til þess fallið að skjóta styrkari stöðum undir fjárhagslegt öryggi skráningarstofu. Í 7. mgr. 16. gr. er hins vegar kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð sem m.a. kveður á um bókhaldslegan aðskilnað. Virðist sem hér sé

ósamræmi á milli og að Póst- og fjarskiptastofnun sé í raun veitt víðtækari heimildir til að setja skilyrði heldur en ráðherra eru veitt.

- d) Í 2. – 4. mgr. er að finna heimildir til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja viðbótarskilyrði, kvaðir og breyta skilyrðum starfsleyfis. Ákvæðin fela í sér afar rúmar heimildir sem eiga jafnvel að veita lögum afturvirk gildi gagnvart starfsleyfishafa. Er vandséð hvaða þörf er á slíkum heimildum í ljósi þess að lagt er til að starfsleyfi séu eingöngu gefin út til fimm ára í senn.
- 3) Um 11. gr.
 - a) Í 2. mgr. er kveðið á um að réttthafi léns skuli vera lögráða einstaklingur eða lögaðili sem hefur skráða kennitölu eða sambærilega staðfestingu frá stjórnvaldi og hafa tengsl við Ísland. Þessi skilyrði virðast takmarka um of rétt aðila til léns og skilgreining á því hvað orðalagið „hafa tengsl við Ísland“ óljós og því óeðlileg.
 - b) Í 6. mgr. greinarinnar er kveðið á um að hafna megi skráningu léns gangi hún gegn lögum eða reglum um skráningu léna. Hér virðist fara betur á að nota orðið „ber“ í stað orðsins „má“.
- 4) Um 15. gr.
 - a) Í 1. mgr. er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun fari með eftirlit með framkvæmd laganna, eftir atvikum starfsemi skráningaradila og réttthafa. Óeðlilegt hlýtur að teljast að stofnunin fari með eftirlit með starfsemi réttthafa léns.
 - b) Í 4. mgr. er m.a. kveðið á um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að taka yfir starfsemi í tengslum við gjaldþrot o.fl. þrátt fyrir ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Í ljósi ákvæða um yfirgripsmiklar valdheimildir og eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með fjárhag skráningarstofu er vandséð hvemig sú staða á að geta komið upp að skráningarstofa með starfsleyfi verði gjaldþrota. Í slíku ákvæði verður að einnig að hafa í huga hagsmuni lánardrottna.
- 5) Um 16. gr.
 - a) Í 2. mgr. er kveðið á um að gjaldskrá skráningarstofu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna og að tekið skuli tillit til fjárfestinga og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna. Þá er kveðið á um að ávöxtun fjármagns skuli byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar. Í 3. mgr. segir hins vegar að Póst- og fjarskiptastofnun geti við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrár fyrir sambærilega þjónustu eða beitt kostnaðargreiningaraðferðum sem eru óháðar aðferðum skráningarstofu. Í athugasemdum við málgreinina segir að eftirlitið lúti aðallega að því að tryggja að þjónustan sé veitt á eðlilegu og viðuráðanlegu verði og að fylgjast beri með verðþróun með tilliti til almenns verðlags og kaupmáttar launa innan lands, auk þess sem hafa megi hliðsjón af verðlagningu í helstu viðmiðunarríkjum. Orðalag ákvæðisins er mjög opið og virðist mjög íþyngjandi fyrir fyrirtækið. Ef ætlunin er að stýra verðlagningu virðist eðlilegra að það sé gert með fyrirfram settum tekjumörkum í stað þess að það gert við staðfestingu gjaldskrár. Dæmi um slíkt fyrirkomulag má finna í raforkulögum, varðandi rekstur dreifiveitna.
 - b) Í 4. mgr. 16. gr. er kveðið á um heimild skráningarstofu til að setja sérstaka gjaldskrá fyrir skráningaradila, sem á grundvelli samninga, sjá um skráningu léna undir íslensku höfuðléni. Samkvæmt ákvæðinu virðist skráningarstofu vera heimilt að fela öðrum aðila að annast skráningar þrátt fyrir að henni sé óheimilt að framselja starfsleyfi sitt. Ekki fæst séð að önnur ákvæði frumvarpsins eigi við um skráningaradila. Því vakna upp spurningar hvemig fara skuli með rekstrargjald o.fl. þegar kemur að slíkum skráningaradilum.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Meginniðurstaða þessarar umsagnar er að umsýsla léna hér á landi hafi verið í góðu horfi um langa hríð. Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar virðist alls ekki vera til bóta heldur þvert á móti auka flækjustig, kostnað og draga úr hagkvæmni. Því er lagt til að nýtt frumvarp verði unnið í nánu samráði við þá sem hagsmuni hafa að gæta og besta þekkingu hafa á þessum málum.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnadarins

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn: Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén.

Sigrún Lindquist heyti ég, hluthafi og starfsmaður Internets á Íslandi hf .
Ég hef starfað hjá þessu félagi frá því 30. Apríl 1996 og er þar með meðvituð um þá starfsemi sem hér fer fram, þróun hennar og markmið. Þessu félagi hefur allatíð verið vel stórnað og stífar reglur um skráningu .is léna voru settar strax í upphafi.

Ég settist niður til að lesa yfir þetta frumvarp til laga um landslénið.is og verð að viðurkenna að mér varð mikið brugðið. Ég fylltist reiði og gat aðeins lesið tvær, þrjár blaðsíður í fyrstu tilraun, hélt svo áfram að lesa og er hreinlega misboðið. Hvernig þið ætlið Póst og fjarskiptastofnun að drottna yfir þessari starfsemi get ég ekki með nokkru móti skilið né fallist á. Athugasemdir mínar verða skrifaðar eins stuttar og hægt er, án ítarlegra útskýringa, ég þarf bara að koma þeim á framfæri.

Að ætla þessu félagi, sem hefur starfað á góðum og uppbyggilegum grunni frá stofnun þess, að fara nú eftir fyrirmælum innanríkisráðherra, sem hefur það verkefni að hafa yfirumsjón með málefnum fjarskipta og ráðherra öðlist svo yfirstjórn .is léna. Það er mér óskiljanlegt að Innanríkisráðherra ætli að setja þannig lög að Póst og fjarskiptastofnun fái vald til þess að ákveða hvaða skráningarstofa .is léna fái starfsleyfi til 5 ára í senn. Hér er stanslaust verið að þróa og bæta skráningaferlið og gagnagrunninn sjálfan það verkefni verður sett í uppnám með þessu móti og rýrt þær öryggiskröfur sem við viljum viðhalda hér. Það flokkast ekki undir ávinning að gera gagnagrunnin enn betri og öruggari þegar starfsleyfið er ekki tryggt til frambúðar. Greiða á svo til Póst og fjarskiptastofnunar 4,9% af bókfærðri veltu í formi rekstrargjalds. Þetta er mjög hár skattur sem lagt er til að leggja á félagið, eða jafnhátt og við greiðum í húsaleigu yfir árið.

Með þessu móti verður þeim möguleika að lækka árgjöld léna enn frekar gjörsamlega komið fyrir kattarnef. Þann 11. desember s.l. var árgjaldið lækkað um 1.000 krónur og fengum við mikið lof fyrir, þar sem endalausar hækkningar hafa dunið yfir í þessu þjóðfélagi á flest allri þjónustu. Ef þetta frumvarp fer í gegn óbreytt, verðum við að hækka árgjaldið að nýju. Reyndar kemur fram í frumvarpinu að Póst og fjarskiptastofnun þurfi að samþykkja gjaldskrá skráningarstofunnar, það eitt getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, það er að segja ef þeir fara fram á mikla lækkun árgjalds.

Ég á mjög erfitt með að skilja þetta. starfsleyfi til 5 ára í senn og ætlast svo til þess, ef félagið fær ekki aftur starfsleyfi að þessum 5 árum liðnum einhverra hluta vegna, að það afhendi Póst og fjarskiptastofnun verðmætar skrár og búnað til að aðrir geti tekið við sem skráningarstofa. Það segir sig sjálft að það gengi aldrei upp. Ég mótmæli harðlega þessum áformum ráðherra.

Sigrún Lindquist
Húsaland 4, 201 Kópavogur

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1317
komudagur 1.3.2012

Reykjavík, 1. mars 2012

Umsögn

um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén
(268. mál á 140. löggjafarþingi)

Auk þess að taka heilshugar undir umsagnir ISNIC og LOGOS um frumvarp þetta vill undirritaður ímpra á nokkrum atriðum varðandi efni þess, tilurð, tilgang, framsetningu og afleiðingar, verði það óbreytt að lögum.

1 Almennt um frumvarpið, tilgang þess og afleiðingar

1.1 Raunverulegur tilgangur frumvarpsins

Líkt og fram kemur í III. kafla athugasemda við frumvarpið var Internet á Íslandi hf. (ISNIC) einkavætt á kjörtímabilinu 1999-2003, þ.e. hlutur ríkisins í félaginu var að mestu seldur einkaaðilum. Frumvarp þetta er samið að tilhlutan innanríkisráðherra, sem hefur jafnt í ræðustóli Alþingis í umræðum um frumvarpið sem og í viðtali við fjölmiðla vitnað til þessarar einkavæðingar og jafnan viðhaft um hana orðin „illu heilli“. Velta má fyrir sér af hverju ráðherrann telur einkavæðinguna hafa verið slíkt óheillaspor, enda hefur hún leitt það af sér að .is stendur einkar framarlega á heimsmælikvarða landsléna hvað varðar áreiðanleika, traust og öryggi, eins og óumdeilt er og óþarfi er að rekja nánar hér. Rekstur einkaaðila á .is undanfarin ár hefur leitt til margföldunar skráðra .is-léna og margföldunar verðmætis rekstrarins.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 hinn 11. febrúar sl. sagðist ráðherrann gjarnan hefðu viljað skoða þann möguleika að ríkisvæða starfsemi ISNIC, en að slíkt hefði orðið kostnaðarsamt og bakað ríkinu skaðabótaskyldu – það segðu lögfræðingarnir. Því sé farin sú leið að setja þau lög sem hér eru til umræðu.

Hæpið er að halda því fram að ríkið geti með lagasetningu yfirtekið grundvöll starfsemi sem það hefur áður selt úr höndum sér til einkaaðila. Hvað sem líður ákvæðum um annað er ljóst af frumvarpinu að sá er tilgangur þess, a.m.k. að hluta, og sést það meðal annars glögg af ákvæði 1. gr. þess um „ákvörðunarrétt“ ríkisins yfir .is og af ákvæðum 3. og 5. gr. um starfsleyfi. Erfitt er að rökstyðja hvernig þessi framkvæmd kemur heim og saman við eignarréttarákvæði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og mikilli furðu sætir að ekki sé vikið að þessu í VI. kafla athugasemda frumvarpsins, sem ber yfir skriftina „Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.“ Raunar er hvergi í athugasemdunum, utan þessarar fyrirsagnar, minnst á stjórnarskrána.

Í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarpið frá 27. febrúar síðastliðnum kemur fram þörf og réttmæt ábending, svohljóðandi: „Þá benda samtökin á að samkvæmt athugasemdum við frumvarpið kemur fram að við undirbúning þess hafi m.a. verið haft samráð við ISNIC, þ.e. Internet á Íslandi hf., sem að óbreyttu hefur með skráningu léna hér á landi að gera. *Telja SVÞ mikilvægt að frumvarpið sé í samræmi við það samráð enda um að ræða verulegt inngrip inn í starfsemi fyrirtækisins sem hefur byggt upp og fjárfest í starfsemi sinni í góðri trú og lögmætum væntingum sem og á grundvelli lögmætra gerninga á þessu sviði.* Í því samhengi vísast m.a. til eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.“ (skáletrun undirritaðs). Því miður er það hins vegar svo að frumvarpið er í veigamiklum atriðum, og hinum þýðingarmestu fyrir ISNIC, í miklu ósamræmi við það samráð sem athugasemdir þess kveða á um að haft hafi verið við fyrirtækið.

Í 2. gr. frumvarpsins og á nokkrum stöðum í athugasemdum við það er tekið fram hver séu

markmið þess. Of margt í frumvarpinu sjálfu stangast berlega á við þessi tilgreindu markmið til að mark sé á þeim takandi. Þannig stangast t.a.m. ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. um sérstakan og umfangsmikinn lénaskatt bersýnilega á við það markmið að tryggja ódýran og hagkvæman aðgang að landsléninu og ákvæði 5. gr. um tímabundið starfsleyfi á við það markmið að stuðla að framþróun á sviði lénaumsýslu.

1.2 Afleiðingar þess að frumvarpið verði óbreytt að lögum

Frumvarpið ber þess ríkan keim að við samningu þess hafi of lítt verið hugað að afleiðingum þess að það verði að lögum. Yfir þetta er vandlega farið í umsögnum ISNIC og LOGOS, en hér verður sérstaklega vikið að tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að landslénin .is er í samkeppni við erlend höfuðlén. Hvergi nærri er sjálfgefið að landslén ríkis hafi ráðandi stöðu á lénamarkaði viðkomandi ríkis og er nærtækt að benda á Bandaríkin (.us) og Finnland (.fi) sem dæmi um hið gagnstæða.

Velgengni .is hlýtur að mega þakka því hvernig starfsemin í kringum lénin er og hefur verið rekin undanfarin ár. Það traust og það góða orðspor sem fer af léninu auk þess öryggis sem fylgir því er afrakstur góðs rekstrar. Það réttarumhverfi sem ISNIC býr við nú gerir þennan góða rekstur mögulegan. Margt í fyrirliggjandi frumvarpi er til þess fallið að breyta þessu réttarumhverfi og skapa óvinveitt umhverfi til rekstrar lénsins og réttaróvissu. Auk þeirra beinu afleiðinga sem slíkt hefur á rekstur lénsins er einnig hætt við óbeinum og afleiddum afleiðingum á borð við þær að hvati félagsins til að reka lénin á sem vandaðastan og bestan máta verði að litlu gerður.

Hætt er við því að lögfesting frumvarpsins hefði þær afleiðingar að mynda grundvöll fyrir og auka líkurnar á að erlent höfuðlén á borð við .com nái fótfestu og með tímanum yfirburðastöðu á íslenskum lénamarkaði. Erfitt yrði að heyja samkeppni við erlent höfuðlén, sem ekki heyrir undir lögin, þurfandi að hlíta hinum íþyngjandi ákvæðum þeirra, t.d. um sérstakan lénaskatt (6. gr.) og beinar kvaðir á rétthafa léna (15. gr.). Þannig yrði samkeppnisstaða .is gagnvart erlendum höfuðlénunum gerð afar óvænleg.

Í öðru lagi verður að benda á þann möguleika, að stofnuð verði fleiri íslensk höfuðlén í ljósi nýrra heimilda til þessa frá hendi ICANN. Af lestri athugasemda frumvarpsins við 1. og 2. gr. þess virðist mega ráða að slík lén féllu velflest ef ekki öll undir lögin. Mörg ákvæði laganna, einkum þau sem lúta að lénaskattinum, tímabundnu starfsleyfi og kvöðum rétthafa, gera það afar fráhrindandi að stofna til nýs léns sem teljast myndi íslenskt höfuðlén í skilningi laganna. Þannig væri mikill hvati fyrir sprotafyrirtæki sem hygðist koma á fót og hefja umsýslu með nýtt höfuðlén að forðast að það heyri undir lögin, sem líklega krefðist þess að starfsemin færi fram utan íslenskrar lögsögu. Slíkt samrýmist illa markmiði laganna um framþróun lénaumsýslu á Íslandi og getur ekki talist vænleg afleiðing lagasetningarinnar.

2 Athugasemdir við einstakar greinar

Um athugasemdir við einstakar greinar vísast aðallega til umsagnar ISNIC um frumvarp þetta og athugasemda þess við einstakar greinar. Þó skal hér vikið að tveimur atriðum varðandi 6. gr. sérstaklega, auk þeirra athugasemda sem óhjákvæmilega koma fram við einstakar greinar í umfjölluninni hér að ofan.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við orðalag 1. mgr. Fremst í málsgreininni er settur fram

setningarhluti, sem hefur 8 mismunandi endingar, eins og málsgreinin er sett fram, sem taldar eru til í stafliðum. 1. mgr. verður andkannaleg aflestrar, óháð því hvaða stafliður er valinn sem framhald fremsta setningarhlutans. Dæmi um setningu sem málsgreinin myndar er: „Skráningarstofa íslensks höfuðléns skal uppfylla eftirtalin skilyrði um kröfur um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi [...]“ Annað dæmi er: „Skráningarstofa íslensks höfuðléns skal uppfylla eftirtalin skilyrði um að eigendur skráningarstofu rýri ekki efnahag fyrirtækisins [...]“ Nærri lagi væri að fella orðið „um“ brott úr fremsta setningarhlutanum. Þá þyrfti aðeins að umorða a-lið málsgreinarinnar, sem gæti t.d. hljómað svona: „að hún uppfylli kröfur um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi, sbr. reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur. [...]“

Í öðru lagi verður ekki hjá því komist að gera sérstaka og efnislega athugasemd við ákvæði b-liðar 1. mgr. 6. gr. Ákvæðið leggur sérstakan lénaskatt á ISNIC, en líklega þekkist slíkt hvergi annars staðar og alls ekki í þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við. Álagning gjaldsins út af fyrir sig er aðfinnsluverð, auk þess sem prósentutalan 4,9 sætir furðu. Hvernig hún er fundin er óútskýrt í frumvarpinu, en ISNIC hefur fengið í hendur gögn um áætlaða fjárpörf Póst- og fjarskiptastofnunar vegna eftirlits með skráningarstofu á grundvelli laganna. Manni getur ekki annað en fallist hendur við skoðun þeirra gagna, en þau eru meðfylgjandi umsögn ISNIC um frumvarpið í sérstöku skjali og eru nefndarmenn hvattir til að skoða þau sérstaklega. Þau vinnubrögð sem þar sjást geta í besta falli kallast óásættanleg. Þess má geta að sambærilegt gjald sem önnur fjarskiptafyrirtæki greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar nemur 0,3% af bókfærðri veltu.

Undirritaður er laganemi við Háskóla Íslands og hlutastarfsmaður hjá ISNIC.
Virðingarfyllst,

Steindór Dan Jensen

27. febrúar, 2012

Umsögn frá Svavar Kjarrval Lútherssyni um:

Frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén (heildarlög)

140. löggjafarþing 2011–2012.

Þskj. 290 — 268. mál.

Þessi umsögn er samhljóða umsögn sem ég sendi við afgreiðslu frumvarpsins á 139. þingi.

Nú liggur fyrir umrætt frumvarp þar sem tryggja hinu opinbera ákvörðunarrétt yfir landsléninu .is og hver önnur höfuðlén sem úthlutað er fyrir Ísland. Vil ég gagnrýna það sem mætti fara betur.

5. gr. frumvarpsins um starfsleyfi lítur vel út fræðilega séð ef við lifðum í útópíu en þegar litið er á hana praktískt séð er hún alls ekki góð. Í fyrsta lagi er erfitt að koma á samkeppni hvað varðar úthlutun starfsleyfa sem gerir kerfið þannig byggt að starfsleyfið verði áfram hjá ISNIC þar til a) þeir ákveða að skila starfsleyfinu eða b) þeir missa starfsleyfið af öðrum ástæðum. Hver fer að stofna fyrirtæki með tilheyrandi undirbúningi í þeirri von að þeir taki við starfsleyfinu af fyrirtæki sem hefur þegar allt sem þarf til að reka slíka starfsemi? Efasamt er að Póst- og fjarskiptastofnun fari að veita starfsleyfi til einhvers sem lofar að koma upp fullnægjandi aðstöðu fyrir ákveðinn tíma.

Í 2. mgr. 10. gr. þess er getið að við skráningu þarf að tilgreina þjónustuaðila lénsins en slíkt er óþarfi ef viðkomandi ákveður að vista lénið milliliðalaust.

2. mgr. 11. gr. er afturför frá núverandi skipulag þar sem núna er erlendum aðilum heimilt að skrá lén án þess að hafa aðstöðu hér á landi eða sérstaka staðfestingu frá stjórnvöldum. Almenna reglan ætti að vera að hver sem er ætti að geta skráð lén á Íslandi ef hann greiðir árgjaldið og fer að öðru leiti eftir lögnum. Vísað er í fjölmiðlalög í greinargerð en slík skilyrði ættu að vera takmörkuð við þá aðila sérstaklega í stað þess að eiga við um alla sem hugsanlega vildu sækja um lén.

3. mgr. 11. gr. minnst á lista yfir frátekin lén. Varast ber að gefa heimild til slíks gjörnings og mæli ég með því að það sé tilgreint sérstaklega um þær ástæður sem slíkar frátekningar eiga að byggjast á frekar en að gefa víða heimild til þess.

6. mgr. 11. gr. gefur skráningarstofu heimild til að fjarlægja tilvísanir í lénið úr nafnaþjónum landslénsins. Þetta er leiðinleg regla sem á sér rætur að rekja til svokallaðrar gæðastjórnunar hjá ISNIC. Ekki ætti að gefa lagaheimild til þess að fjarlægja skráningar á lénnum vegna ómerkilegra smáatriða eins og ef einn nafnaþjónn sé hættur að svara fyrir lénið. Það ætti að vera mál rétthafa hvort lénið hans virki rétt eða ekki. Núverandi reglur ISNIC gera ráð fyrir því að lén sem hefur verið lokað í 60 daga sé laust aftur til afhendingar (sbr. 3. mgr. 13. gr.). Gæta þarf þess að skráningarstofa hafi ekki of víðtækar heimildir til að afskrá lén vegna tæknilegra smáatriða.

Laga mætti orðaval í 13. gr. en hún gefur til kynna að enginn geti haft lén í lengur en 3 ár og þá þurfi að loka því í 60 daga áður en hægt sé að fá það aftur.

Seinasti liðurinn í 3. mgr. 15. gr. er hættulegur. Þar er hvaða stjórnvaldi sem er heimilt að ákvarða um afskráningu léna eða úrbætur og hvort skráning lénsins sé í andstöðu við ákvæði laga. Eðlilegt væri ef Póst- og fjarskiptastofnun sé eina stofnunin sem geti kvatt upp slíkan úrskurð þar sem hún er, eðlis máls samkvæmt, eina stofnunin sem er hæf til að ákvarða í svona málum. Með því að hafa stjórnvöld þarna í almennri merkingu er gefin heimild til allra þeirra aðila sem teljast til stjórnvalda heimild til að ákvarða í málum sem tengjast alls ekki málefnasviði þeirra. Ef ákvæðið er svo mikilvægt ætti að tilgreina sérstaklega hvaða stjórnvöld hafi slíkt vald eða hafa varnagla svo engin óeðlileg afskipta verði af lénamálum. Einnig mæli ég með því að þeir réttshafar sem eru einstaklingar geti kært ákvörðun stjórnvalda (þegar stjórnslustigi er lokið) vegna afskráninga eða lokanir léna til dómstóla og eigi ætíð rétt á gjafsókn. Fáir einstaklingar hafa burði til að kæra slíka ákvörðun til dómstóla vegna þeirra óáþreifyanlegra verðmæta sem felast í einkaafnotarétti á lénunum.

Í 16. gr. mæli ég með því að viðskiptaskilmálar taki ekki gildi fyrr en næst þegar réttshafi skráir eða endurnýir lén nema þau ákvæði sem eru til hagsbóta fyrir hann. Það er augljóst að það verður bara ein skráningarstofa með starfsleyfi á hverjum tíma og því hefur hún einokunarstöðu hvað þetta varðar.

2. mgr. 17. gr. laga gerir ekki ráð fyrir ákvörðunum sem teknar eru af öðrum stjórnvöldum sbr. 3. mgr. 15. gr. og þá sérstaklega ef um er að ræða sjálfstæða stjórnslunefnd.

Tillögur til úrbóta:

Endurhugsa skipulagið með skráningarstofu svo það verði sanngjarnara gagnvart nýjum aðilum.

Liðurinn „hver þjónustuaðili þess er og/eða“ í 2. mgr. 10. gr. orðist svo: og

2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Réttshafi léns skal vera lögráða einstaklingur eða lögaðili.

Við 3. mgr. 11. gr. bætist liður sem orðist svo:

Listinn skal takmarkaður við lén sem ættu ekki að hljóta skráningu vegna netöryggissjónarmiða eða uppfyllinga viðurkenndra alþjóðlegra tæknistaðla.

Liðurinn „Sé ábendingum um úrbætur ekki sinnt skal skráningarstofa fjarlægja tilvísanir lénsins úr nafnaþjónum landslénsins þar til bætt hefur verið úr.“ í 6. mgr. 11. gr. skal falla brott.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Gildistími lén skal að lágmarki miðast við heilt ár í senn frá skráningardegi eða síðasta endurnýjunardegi. Eigi má þó skrá nýtt lén eða framlengja gildistíma þess til lengri tíma en 3ja ára í senn.

Liðurinn „Sama gildir ef önnur stjórnvöld komast að niðurstöðu um að skráning léns hafi falið í sér brot á lögum“ í 3. mgr. 15. gr. skal falla brott.

eða

Á eftir „brot á lögum“ í seinasta málslið 3. mgr. 15. gr. kemur: enda liggi fyrir skýr lagaheimild þeirra stjórnvalda til að ákvarða um afskráningu léna í samræmi við lög þessi.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur verið tekin endaleg ákvörðun á stjórnslustigi um afskráningu léns einstaklings. Skal hann eiga rétt á gjafsókn ef hann kærir ákvörðunina til dómstóla.

Við 1. mgr. 16. gr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:

Viðskiptaskilmálarnir skulu eigi hljóta gildi gagnvart þegar skráðum lénum fyrr en þau hafi verið endurnýjuð. Viðskiptaskilmálar sem eru til hagsbóta fyrir réttihafa skulu þó hljóta gildi við almenna gildistöku þeirra.

Mæli ég með því að þetta frumvarp verði **ekki samþykkt óbreytt** af hálfu nefndarinnar.

Undirritað,

Svavar Kjarrval Lúthersson

Alþingi
Erindi nr. P 140/1181
komudagur 27.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 278. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um landslénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 278. mál. SVP hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja fá að koma á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd eftirfarandi athugasemdum.

Hvað varðar almennt efni frumvarpsins gera SVP ekki athugasemdir. Þá benda samtökin á að samkvæmt athugasemdum við frumvarpið kemur fram að við undirbúning þess hafi m.a. verið haft samráð við ISNIC, þ.e. Internet á Íslandi hf., sem að óbreyttu hefur með skráningu léna hér á landi að gera. Telja SVP mikilvægt að frumvarpið sé í samræmi við það samráð enda um að ræða verulegt inngríp inn í starfsemi fyrirtækisins sem hefur byggt upp og fjárfest í starfsemi sinni í góðri trú og lögmætum væntingum sem og á grundvelli lögmætra gerninga á þessu sviði. Í því samhengi vísast m.a. til eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Að því slepptu óska SVP í kjölfarið eftir að koma á framfæri við nefndina ábendingum varðandi einstaka ákvæðum frumvarpsins.

Í h-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að skráningarstofa íslensks höfuðsléns skuli uppfylla m.a. það skilyrði að eigendur skráningarstofu rýri ekki efnahag fyrirtækisins eða geri aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum fyrirtækisins til að uppfylla skyldur samkvæmt lögnum. SVP gera ekki athugasemdir við að kröfur sem þessar séu gerðar til eigenda. Hins vegar telja samtökin að margt í þessu skilyrði sé verulega háð huglægu mati hverju sinni og því verði beiting þess ávallt undirorpin einstaklingsbundnu mati og túlkun. Í ljósi þessa telja SVP óheppilegt að í skýringu við ákvæðið í frumvarpinu er ekki að finna umfjöllun um þetta skilyrði sem gæti um leið gagnast sem lögskýringargagn komi til þess að beita þurfi ákvæði þessu síðar meir. SVP telja það vera til bóta að settar verði leiðbeiningar eða viðmið varðandi túlkun þessa skilyrðis þannig að beiting þess verði ekki eins háð einstaklingsbundnu mati hverju sinni. Væri slíkt til bóta fyrir bæði eftirlitsaðila sem og eigendur fyrirtækjanna.

Í 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun að taka yfir starfsemi sem lögin kveða á um, þ.m.t. búnað og gagnagrunn sem nauðsynlegur er til þess að tryggja órofna starfsemi landslénisins. SVP gera ekki athugasemd varðandi þessa heimild enda er henni ætlað, eins og fram kemur í ákvæðinu, að tryggja órofna starfsemi lénsins. Hins vegar telja samtökin skorta ákvæði varðandi endurúthlutun þessarar starfsemi enda er ekki eingöngu um að ræða úthlutun á tilteknu starfsleyfi heldur einnig yfirfærsla á tækjabúnaði þeim sem nauðsynlegur er til rekstrarins og tekinn hefur verið yfir af stofnuninni. Telja SVP að slík útfærsla myndi auka á gagnsæi eftirlitsins sem og endurúthlutun á þessum eignum.

Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um sérstaka ráðgjafarnefnd um lénsból. Þar segir að ráðherra er heimilt að skipa umrædda ráðgjafarnefnd til þriggja ára í senn og er í athugasemdum við ákvæði þetta vísað til þess að nefnd þessi eigi sér fyrirmynd í fjarskiptalögum þar sem kveðið er á um fjarskiptaráð. Hins vegar er ekki nánar kveðið á skipun nefndarinnar, þ.e. annað en að ráðherra skuli skipa hana til þriggja ára. SVÞ benda á að í 7. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga segir að ráðherra skipi tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar og skal annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um. Samtökin telja heppilegt að framangreint ákvæði 18. gr. frumvarpsins verði útfært á svipaðan hátt og sambærilegt ákvæði fjarskiptalaga þannig að fyllt verði út í tómlæti laganna varðandi skipun umræddrar ráðgjafarnefndar.

Að öðru leyti gera SVÞ ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur